


# Ársskýrsla UMSS 2024

## 105. Ársþing UMSS 30.apríl 2025

# Efnisyfirlit


Ávarp formanns 3
Ungmennasamband Skagafjarðar 4
Stjórn UMSS 2024-2025 4
Dagskrá 105. ársþings UMSS 5
Aðildarfélög UMSS 6
Skýrsla stjórnar UMSS 7
Ársreikningar 2024 9
Þingfulltrúar 2024 16
Fræðsludagur 2024 16
Starfsstöðvar Íþróttahéraðanna 17
UMFÍ heiðursfélagar, gull- og starfsmerki 18
ÍSÍ gull- og silfurmerki 18
Afrekssjóður UMSS 19
Reglugerð um Afrekssjóð UMSS 19
Iðkendur sérsambanda aðildarfélaga UMSS 20
Hvatapeningar sveitarfélagið Skagafjörður 21
Reglur um Hvatapeninga 21
Fréttapunktar ÍSÍ 2024 22
Verkefni Almenningsíþróttasviðs ÍSÍ 23
Fréttapunktar UMFÍ 2024 24
Lottóreglugerð UMSS 27
Íslenskar getraunir 28
Styður þú þitt félag! 28
Styrkir frá Íþróttasjóði, Ferðasjóði ÍSÍ og UMFÍ 29
Styrkir frá svf. Skagafjarðar vegna barna og unglingastarfs 29
Lög Ungmennasambands Skagafjarðar 31
Reglugerð um val á íþróttamanni, liði og þjálfara ársins í Skagafirði 33
Tilnefnir til Íþróttamanns ársins 2024 34
Íþróttamaður ársins María Dögg Jóhannesdóttir 35
Íþróttamenn UMSS frá 1980 - 2024 35
Lið UMSS 2024 - Meistarafl. kvk, UMFT Tindastóll Körfuknattleiksdeild 36
Þjálfari UMSS 2024 - Finnbogi Bjarnason 36
Hvatningarverðlaun UMSS 2024 37
Frjálsíþróttaráð UMSS ársskýrsla 2024 39
Ársskýrslur aðildarfélaga UMSS 2024 41



Skýrsla ársins 2024, lögð fram á 105. Ársþingi Ungmennasambands Skagafjarðar var unnin á skrifstofu UMSS af Thelmu Knútsdóttir í febrúar – apríl 2025

Umbrot og hönnun: Thelma Knútsdóttir

Höfundar efnis: Thelma Knútsdóttir, Gunnar Þór Gestsson, Þorvaldur Gröndal og Aðildarfélög UMSS

Ljósmyndir: Er m.a. úr safni UMSS, UMFÍ, ÍSÍ, sérsambanda, Feykir.is, mbl.is, Óli Arnar Brynjarsson, Davíð Már Sigurðsson og aðildarfélögum UMSS.




# Ávarp formanns

*Ágætu þingfulltrúar, félagsmenn og gestir.*
*Velkomin á 105. ársþing Ungmennasambands Skagafjarðar.*

Við erum að upplifa miklar breytingar í ungmennafélagshreyfingunni.

Eftir rúmlega 100 ár með litlar breytingar hefur mikið gerst á undanförnum árum, og enn frekari breytingar eru framundan.

Ungmennafélag Íslands (UMFÍ) var upphaflega hreyfing ákveðinna íþróttahéraða og nokkurra íþróttafélaga.

Tekjur af lottói og getraunum voru skipt niður á aðildarfélögin samkvæmt mælikvörðum sem sumir gagnrýndu — og allir héldu fast í sinn hlut.

Ekki nóg með að UMFÍ væri eingöngu fyrir útvalda; Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands (ÍSÍ) og UMFÍ mynduðu nánast tvær fylkingar.

Öll íþróttahéruð eru aðilar að ÍSÍ og fá þaðan tekjur af lottói og getraunum. Þau héruð sem einnig voru aðilar að UMFÍ fengu skertan hlut, sem var tilraun til að leiðrétta að einhverju leyti skiptingu kökunnar.

Frá aldamótum hafa verið gerðar árangurslausar tilraunir til breytinga. Það eru innan við tíu ár síðan stjórnir UMFÍ og ÍSÍ hittust í fyrsta skipti óformlega.

UMFÍ hefur gengið í gegnum mikla naflaskoðun og endurskipulagningu.

Sem samtök útvaldra voru samtökin ekki marktæk gagnvart opinberum aðilum, og samræmd vinnubrögð voru þar af leiðandi ekki möguleg.

Blað var brotið árið 2019 á Laugarbakka þegar samþykkt var aðild íþróttabandalaga inn í UMFÍ — og var UMFÍ þar með á leiðinni að verða landssamtök.

Á þessum tæpu sex árum hefur mikið gerst.

Öll íþróttahéruð eru nú aðilar að UMFÍ, sem þar með teljast landssamtök.

Skrifstofa UMFÍ er nú staðsett í Íþróttamiðstöðinni í Laugardalnum, þar sem ÍSÍ hefur einnig aðsetur.

Reglur um úthlutun lottó- og getraunatekna hafa verið samræmdar milli ÍSÍ og UMFÍ og byggja nú á opinberum mælikvörðum.

Samstarfsverkefni um átta starfsstöðvar og sextán launaða starfsmenn er hafið, og UMFÍ hefur nú jafnframt fengið aðkomu að samstarfi við hið opinbera ásamt ÍSÍ.

Samvinna UMFÍ og ÍSÍ hefur aldrei verið meiri, og þetta jákvæða samstarf er farið að smitast út í alla hreyfinguna.

Íþróttahéruð og íþróttafélög horfa nú til meiri samvinnu, og jafnvel sameininga.

Á þessu ári stefnir í að öllum hindrunum fyrir sameiningu íþróttahéraða verði rutt úr vegi.

Því fylgir tækifæri fyrir íþróttafélög að sameinast á svæðum þar sem áður voru mörg aðskilin íþróttahéruð.

Það hefur orðið töluverð hugafarsbreyting.

Við, sem störfum sem sjálfboðaliðar innan hreyfingarinnar, leggjum nú meiri áherslu á samvinnu fremur en samkeppni í verkefnum okkar fyrir félagið okkar.

Mannauður og fjármunir nýtast betur þegar við vinnum saman.

Ásýnd hreyfingarinnar verður jákvæðari, sem auðveldar öflun styrkja frá fyrirtækjum og einstaklingum, auk þess sem sanngjarnari greiðslur fást frá sveitarfélögum fyrir veitta þjónustu.

Sterk stöndum við saman.

*Gunnar Þór Gestsson formaður Ungmennasambands Skagafjarðar*

## Ungmennasamband Skagafjarðar

Stofnað 1910

Fjöldi aðildarfélaga árið 2024; 11

Starf UMSS felst m.a. í eftirtöldum atriðum:

- Regnhlífarsamtök fyrir aðildarfélög sín og gætir hagsmuna þeirra.
- Útdeiling á Lottótekjum sem koma inn í héraðið.
- Ákveður skiptingu á fjármunum sem sveitarfélagið leggur til aðildarfélaga UMSS.
- Stendur fyrir nokkrum mótum ár hvert á héraðsvísu og ætluð aðildarfélögum.
- Stendur fyrir mótum á landsvísu s.s. meistaramótum, landsmótum og bikarkeppnum.
- Hefur umsjón með liðum sem send eru út héraði og keppa undir merkjum UMSS.
- Hefur umsjón með undirbúningi og utanumhald keppnisliðs UMSS fyrir Landsmót og Unglingalandsmót UMFÍ.
- Tengiliður við UMFÍ og ÍSÍ

## Stjórn UMSS 2024-2025

**Formaður:** Gunnar Þór Gestsson
**Gjaldkeri:** Þuríður Elín Þórarinsdóttir
**Ritari:** Þorvaldur Gröndal
**Meðstjórnendur:** Aldís Hilmarsdóttir og Kolbrún Marvia Passaro
**Varastjórn:** Elvar Einarsson, Indriði Ragnar Grétarsson og Jóel Þór Árnason

**Frjálsíþróttaráð:** Kolbrún Þórðardóttir, Sigurður Arnar Björnsson, Sigurlína Hrönn Einarsdóttir, Thelma Knútsdóttir og Þórunn Eyjólfsdóttir

**Framkvæmdastjóri UMSS:**
Thelma Knútsdóttir

**Skoðunarmenn reikninga:**
Frímann Guðbrandsson
Jóhann Sigmarsson

**Afreksmannasjóður:**
Gunnar Þór Gestsson
Guðrún Helga Tryggvadóttir
Ómar Bragi Stefánsson
Þuríður Elín Þórarinsdóttir, varamaður



## Dagskrá 105. ársþings UMSS

1. Þingið sett
2. Kosning starfsmanna þingsins
    a. Þingforseti og varaforseti
    b. Þingritari og vararitari
3. Kosning kjörbréfanefndar og kjörnefndar.
4. Skýrsla stjórnar.
5. Reikningar sambandsins og sjóða.
6. Kjörbréfanefnd skilar áliti.
7. Atkvæðagreiðsla um skýrslu og reikninga.
8. Ávörp gesta.
9. Mál lögð fyrir þingið sem kynnt hafa verið í fundarboði.
10. Tillögur lagðar fram af þingfulltrúum.
11. Skipan í starfsnefndir og nefndarstörf
    a. Allsherjarnefnd
    b. Fjárhagsnefnd
    c. Íþróttanefnd
    d. Aðrar nefndir
12. Nefndarstörf.
13. Þingnefndir skili áliti og tillögur þeirra, sem falla undir síðari dagskrárliði teknar til umræðu og afgreiðslu.
14. Fjárhagsáætlun samþykkt.
15. Kosningar (kosningar skulu vera skriflegar, nema því aðeins að stungið sé upp á jafn mörgum og kjósa skal).
    a. Kosning formanns
    b. Kosning stjórnar og varastjórnar
    c. Kosnir tveir skoðunarmenn reikninga og varamaður
    d. Kosið í nefndir og ráð sambandsins eftir því sem þing ákveður hverju sinni
16. Önnur mál.
17. Þingslit





# Aðildarfélög UMSS

### Bílaklúbbur Skagafjarðar
https://www.facebook.com/bilaklubburskagafjardar/
Félagið stofnað 1989
Formaður : Baldur Haraldsson
Fjöldi félagsmanna: 100
Fjöldi iðkenda: 100

### Golfklúbbur Skagafjarðar
https://www.gss.is
Félagið stofnað 1970
Formaður : Aldís Hilmarsdóttir
Fjöldi félagsmanna: 279
Fjöldi iðkenda: 279

### Hestamannafélagið Skagfirðingur
https://skagfirdingur.is/
Félagið stofnað 2016
Formaður : Elvar Einarsson
Fjöldi félagsmanna: 625
Fjöldi iðkenda: 625

### Íþróttafélagið Gróska
Félagið stofnað 1992
Formaður : Salmína Sofia Tavsen
Fjöldi félagsmanna: 40
Fjöldi iðkenda: 5

### Pílukastfélag Skagafjarðar
Félagið stofnað 2022
Formaður : Arnar Geir Hjartarson
Fjöldi félagsmanna: 49
Fjöldi iðkenda: 49

### Siglingaklúbburinn Drangey
https://www.facebook.com/siglingaklubburinndrangey/
Félagið stofnað 2009
Formaður : Kári Heiðar Árnason
Fjöldi félagsmanna: 101
Fjöldi iðkenda: 101

### Ungmenna- og Íþróttafélagið Smári
https://www.facebook.com/ithrottir
Félagið stofnað 1995
Formaður : Anna Lilja Guðmundsdóttir
Fjöldi félagsmanna: 598
Fjöldi iðkenda: 89

### Ungmennafélagið Hjalti
https://www.facebook.com/umfhjalti
Félagið stofnað 1927
Formaður : Christine Hellwig
Fjöldi félagsmanna: 244
Fjöldi iðkenda: 41

### Ungmennafélagið Neisti
https://www.facebook.com/groups/101411456574104/
Félagið stofnað 1898
Formaður: Margrét Berglind Einarsdóttir
Fjöldi félagsmanna: 416
Fjöldi iðkenda: 38

### Ungmennafélagið Tindastóll
https://www.tindastoll.is
Félagið stofnað 1907
Formaður : Magnús Barðdal Reynisson
Fjöldi félagsmanna: 2027
Fjöldi iðkenda: 740

### Vélhjólaklúbbur Skagafjarðar
https://www.facebook.com/groups/79689055901/
Félagið stofnað 2005
Formaður : Guðmundur Rúnar Guðmundsson
Fjöldi félagsmanna: 77
Fjöldi iðkenda: 40

Ath. fjöldi iðkenda og félagsmanna aðildarfélaga byggir á starfsskýrsluskilum frá 2024 vegna ársins 2023.

# Skýrsla stjórnar UMSS

**104. Ársþing UMSS**
104. Ársþing UMSS fór fram þann 27. apríl 2024 í Tjarnabæ. Ljósheimum. Gunnar Þór Gestsson formaður setti þing og tilnefndi Gunnar Sigurðsson sem þingforseta. Tók hann strax til starfa og var Þorvaldur Gröndal kjörin ritari þings og Ómar Bragi Stefánsson og Dagbjört Rós Hermundsdóttir fulltrúar í kjörnefnd. 59 þingfulltrúar áttu rétt á setu á þinginu en 37 fulltrúar voru mættir að þessu sinni. Gunnar Þór Gestsson formaður UMSS flutti pistil formans, Thelma Knútsdóttir framkvæmdastjóri UMSS fór yfir skýrslu stjórnar og ársreikning sambandsins. Sambandið var rekið með ríflega 1,8 milljón kr. halla og var ársreikningur samþykktur samhljóða í kjölfarið.
Viðar Sigurjónsson f.h. ÍSÍ kom upp pontu og veitti Gunnari Þór Gestssyni Gullmerki ÍSÍ fyrir hans vinnu í þágu íþróttamála.
Málfríður Sigurhansdóttir stjórnarmaður UMFÍ tók þá til máls og veitti Stefáni Guðmundsyni, Unu Aldísi Sigurðardóttir og Þorvaldi Gröndal starfsmerki UMFÍ og Karli Lúðvíkssyni Gullmerki UMFÍ.

**Stjórn UMSS**
Gunnar Þór Gestsson bauð sig fram til áframhaldandi setu formanns.
Aldís Hilmarsdóttir bauð sig fram til setu í tvö ár. Þorvaldur Gröndal, Kolbrún Passaro, Þuríður Elín Þórarinsdóttir sitja áfram í eitt ár. Í varastjórn buðu eftirtaldir aðilar sig fram; Elvar Einarsson, Indriði Ragnar Grétarsson og Jóel Þór Árnason. Á milli ársþinga fundaði stjórn UMSS formlega 7 sinnum á ásamt því að formaður og framkvæmdastjóri UMSS sátu ýmsa fundi með ÍSÍ (formannafund) og UMFÍ (sambandsráðsfund).

**Formannafundur**
Formannafundur UMSS átti að vera haldin samhliða Fræðsludegi UMSS þar sem við fengum Kristján Hafdórsson til að vera með fyrirlesturinn „Þú ert frábær!“ En vegna dræmrar mætingar formanna var formannafundurinn sem átti að vera í framhaldi af Fræðsludegi UMSS frestarður þar sem einungis þrír formenn af nítján voru mættir. Kynning á Svæðisskrifstofum Íþróttasvæðanna þ.a.l. féll þá einnig niður.



**Breytingar á Lottó úthlutunarreglum ÍSÍ og UMFÍ**
Þegar þing ÍSÍ og UMFÍ samþykktu umtalsverðar breytingar á úthlutunarreglum Lottófjármuna er snéru að hlutdeild héraðssambanda. En hlutdeild héraðssambanda skiptist nú á þann veg að 15% rennur til reksturs svæðisskrifstofa íþróttahéraða en 85% eftir íbúafjölda 18 ára og yngri, m.v. 31. desember næstliðins árs. Samhliða þessu féllu út ýmis ákvæði er sneru að skerðingum sambandsaðila eða tilteknum jöfnum hlut þeirra á milli og hafa skiptireglurnar því verið einfaldaðar til muna. Þá hafa stór íþróttabandalög (ÍA, ÍBA, ÍBH, ÍBR, ÍRB og ÍS) öðlast aðild að UMFÍ en um fremur fjölmenn íþróttabandalög er um að ræða sem nú fá einnig hlutdeild í Lottótekjum UMFÍ og á dögunum sótti ÍBV um aðild. Hefur þetta haft mikil árhrif á tekjur sem UMSS hefur fengið frá Lottó. Við gerum því í ár tillögu á breytingu á Lottóreglugerð sambandsins til þessa að mæta þessum áhrifum.

**Nýr samstarfssamningur**
Nýr samstarfssamningur var undirritaður af Gunnari Þór Gestsyni formanni UMSS og Sigfúsi Inga Sigfússyni sveitarstjóra Skagafjarðar þann 17. desember. Megin atriði samningsins er að efla starf UMSS og aðildarfélaga með megináherslu á barna og unglingastarf auk þess að stuðla að auknu samstarfi UMSS og Skagafjarðar á sviði íþrótta – og forvarnamála. Samstarfssamningurinn er til ársins 2028.

**Íþróttamaður ársins**
Árleg hátíðarsamkoma Ungmennasambands Skagafjarðar (UMSS) og Skagafjarðar, þar sem tilkynnt er hverjir hljóta nafnbótina íþróttamaður ársins, lið ársins og þjálfari ársins, fór fram í Hús frítímans 19. desember.
- •Íþróttamaður ársins 2024 – María Dögg Jóhannesdóttir
- •Þjálfari ársins 2024 – Finnbogi Bjarnason
- •Lið ársins 2024 - Meistarafl.kvenna körfuknattleiksdeild Tindastóls

Fjögur voru tilnefndir sem íþróttamenn Skagafjarðar; Anna Karen Hjartardóttir kylfingur í Golfklúbbi Skagafjarðar, Bjarni Jónasson hestamaður í Hestamannafélaginu Skagfirðingi, Ísak Óli Traustason, frjálsíþróttamaður í Umf. Tindastól og Adomas Drungilas körfuknattleiksmaður í Umf. Tindastól.

Auk Finnboga voru Annika Líf Maríudóttir Noack (júdódeild Tindastóls) og Sigurður Arnar Björnsson (frjálsíþróttadeild Tindastóls) tilnefnd sem þjálfarar ársins.
Boðið var upp á veitingar og Arnar Freyr Guðmundsson sá um að allir væru syngjandi kátir. Viðar Sigurjónsson starfsmaður ÍSÍ afhenti UMSS endurnýjun á Fyrirmyndarhéraði ÍSÍ, Gunnar Þór Gestsson, formaður UMSS tók við þeirri viðurkenningu auk þess hafði hann veg og vanda að afhendingu verðlauna.






# Ársreikningar UMSS 1.1.2024 – 31.12.2024

UMSS

Ársreikningur 2024

Ungmennasamband Skagafjarðar,
UMSS
Víðigrund 5
550 Sauðárkrókur

kt. 670269-0359

## Áritanir

Stjórn Ungmennasambands Skagafjarðar staðfestir hér með ársreikning sambandsins fyrir árið 2024 með undirritun sinni.

Skagafirði 14. apríl 2025

Gunnar Gestsson, formaður

Þuríður Þórarinsdóttir

Kolbrún Marvia Passaro

Þorvaldur Gröndal

Aldís Hilmarsdóttir

Við undirritaðir kjörnir skoðunarmenn reikninga Ungmennasambands Skagafjarðar höfum yfirfarið meðfylgjandi ársreikning fyrir árið 2024. Ársreikningurinn samanstendur af rekstrarreikningi ársins 2024 og efnahagsreikningi 31. desember 2024. Við teljum ársreikninginn vera í samræmi við lög og samþykktir sambandsins. Leggjum við því til að hann verði samþykktur.

Skagafirði 14. apríl 2025

Frímann Guðbrandsson

Jóhann Sigmarsson

# Samantekinn rekstrarreikningur árið 2024

| | Aðalsjóður | Frjáls-íþróttaráð | Hússjóður | Lottó-sjóður | Millifærslur | Samtals 2024 | Samtals 2023 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur:** | | | | | | | |
| Hlutdeild í lottótekjum | 2.991.232 | | | 9.849.326 | | 12.840.558 | 14.019.725 |
| Aðrar tekjur | 6.457.928 | 27.000 | 3.101.799 | 0 | | 9.586.727 | 9.315.682 |
| | 9.449.160 | 27.000 | 3.101.799 | 9.849.326 | 0 | 22.427.285 | 23.335.407 |
| **Rekstrargjöld:** | | | | | | | |
| Yfirstjórn og skrifstofa | 6.627.416 | 0 | 0 | 0 | | 6.627.416 | 7.332.726 |
| Úthlutað úr lottósjóði | | | | 9.849.326 | 0 | 9.849.326 | 9.151.516 |
| Annar rekstrarkostnaður | 2.127.100 | 145.100 | 2.336.041 | 0 | 0 | 4.608.241 | 8.795.822 |
| | 8.754.516 | 145.100 | 2.336.041 | 9.849.326 | 0 | 21.084.983 | 25.280.064 |
| **Rekstrarafkoma fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld** | 694.644 | ( 118.100) | 765.758 | 0 | 0 | 1.342.302 | ( 1.944.657) |
| **Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld:** | | | | | | | |
| Vaxtatekjur | 47.588 | 4.186 | 7.158 | 36.152 | | 95.084 | 149.266 |
| Vaxtagjöld | ( 44.010) | ( 921) | ( 1.575) | ( 7.953) | | ( 54.459) | ( 83.768) |
| | 3.578 | 3.265 | 5.583 | 28.199 | 0 | 40.625 | 65.498 |
| **Hagnaður (tap) ársins** | **698.222** | **( 114.835)** | **771.341** | **28.199** | **0** | **1.382.927** | **( 1.879.159)** |

# Samantekinn efnahagsreikningur 31. desember 2024

**EIGNIR:**

| | Aðalsjóður | Frjáls-íþróttaráð | Hússjóður | Lottó-sjóður | Millifærslur | Samtals 2024 | Samtals 2023 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Veltufjármunir:** | | | | | | | |
| Óinnheimtar tekjur | 1.829.500 | 351.370 | 2.205.985 | 636.049 | | 5.022.904 | 2.872.019 |
| Krafa á lottósjóð | 0 | | 0 | 1.767.480 | ( 1.767.480) | 0 | 0 |
| Krafa á frjálsíþróttaráð og hússjóð | 4.599.315 | | | | ( 4.599.315) | 0 | 0 |
| Handbært fé | 1.388.017 | 123.770 | 296.476 | 28.199 | | 1.836.462 | 15.583.464 |
| Veltufjármunir samtals | 7.816.832 | 475.140 | 2.502.461 | 2.431.728 | ( 6.366.795) | 6.859.366 | 18.455.483 |
| **Eignir samtals** | **7.816.832** | **475.140** | **2.502.461** | **2.431.728** | **( 6.366.795)** | **6.859.366** | **18.455.483** |

## EIGIÐ FÉ OG SKULDIR:

| | Aðalsjóður | Frjáls-íþróttaráð | Hússjóður | Lottó-sjóður | Millifærslur | Samtals 2024 | Samtals 2023 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Eigið fé:** | | | | | | | |
| Óráðstafað eigið fé | 5.040.551 | ( 1.527.215) | ( 94.499) | 359.300 | | 3.778.137 | 2.395.210 |
| Eigið fé samtals | 5.040.551 | ( 1.527.215) | ( 94.499) | 359.300 | 0 | 3.778.137 | 2.395.210 |
| **Skammtímaskuldir:** | | | | | | | |
| Ógreidd lottóúthlutun | | | | 2.072.428 | | 2.072.428 | 3.783.261 |
| Skuld við UMSS | 1.767.480 | 2.002.355 | 2.596.960 | 0 | ( 6.366.795) | 0 | 0 |
| Aðrar skammtímaskuldir | 1.008.801 | 0 | 0 | | | 1.008.801 | 12.277.012 |
| Skammtímaskuldir samtals | 2.776.281 | 2.002.355 | 2.596.960 | 2.072.428 | ( 6.366.795) | 3.081.229 | 16.060.273 |
| Skuldir samtals | 2.776.281 | 2.002.355 | 2.596.960 | 2.072.428 | ( 6.366.795) | 3.081.229 | 16.060.273 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | **7.816.832** | **475.140** | **2.502.461** | **2.431.728** | **( 6.366.795)** | **6.859.366** | **18.455.483** |

# Rekstrarreikningur árið 2024 - Aðalsjóður

| | Skýr. | 2024 | 2023 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur:** | | | |
| Félagsgjöld aðildarfélaga | | 2.115.600 | 1.939.300 |
| Lottó og getraunir | | 2.991.232 | 4.030.007 |
| Styrkir | 1 | 2.715.082 | 4.724.763 |
| Aðrar tekjur | 2 | 1.029.000 | 1.056.880 |
| Afreksmannasjóður | | 598.246 | 806.001 |
| | | 9.449.160 | 12.556.951 |
| **Rekstrargjöld:** | | | |
| Yfirstjórn og skrifstofa | 3 | 6.627.416 | 8.232.726 |
| Kostnaður vegna íþrótta | 4 | 415.876 | 1.846.500 |
| Annar kostnaður | 5 | 951.224 | 2.786.590 |
| Greitt úr afreksmannasjóði | 6 | 760.000 | 1.000.000 |
| | | 8.754.516 | 13.865.816 |
| **Niðurstaða fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld** | | 694.644 | ( 1.308.865) |
| **Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld:** | | | |
| Vaxtatekjur | | 47.588 | 78.846 |
| Vaxtagjöld og bankakostnaður | | ( 44.010) | ( 68.275) |
| | | 3.578 | 10.571 |
| **Niðurstaða ársins** | | **698.222** | **( 1.298.294)** |



# Efnahagsreikningur 31. desember 2024 - Aðalsjóður

## EIGNIR:

| | Skýr. | 2024 | 2023 |
|---|---|---|---|
| **Veltufjármunir:** | | | |
| Óinnheimtar tekjur | | 1.829.500 | 1.150.000 |
| Krafa á lottósjóð | | 0 | 8.297.989 |
| Krafa á frjálsíþrótta- og hússjóð | | 4.599.315 | 2.877.464 |
| Handbært fé | 7 | 1.388.017 | 4.293.888 |
| Veltufjármunir samtals | | 7.816.832 | 16.619.341 |
| **Eignir samtals** | | **7.816.832** | **16.619.341** |

## EIGIÐ FÉ OG SKULDIR:

| | Skýr. | 2024 | 2023 |
|---|---|---|---|
| **Eigið fé:** | | | |
| Fært frá fyrra ári | | 4.342.329 | 5.640.623 |
| Niðurstaða ársins | | 698.222 | ( 1.298.294) |
| Eigið fé samtals | | 5.040.551 | 4.342.329 |
| **Skuldir:** | | | |
| Skuld við lottósjóð | | 1.767.480 | 0 |
| Aðrar skammtímaskuldir | | 1.008.801 | 12.277.012 |
| Skuldir samtals | | 2.776.281 | 12.277.012 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | **7.816.832** | **16.619.341** |

# Sundurliðanir - Aðalsjóður

| | 2024 | 2023 |
|---|---|---|
| **1. Styrkir:** | | |
| Sveitarfélagið Skagafjörður | 1.890.000 | 1.742.000 |
| Sveitarfélagið Skagafjörður, húsaleigustyrkur | 780.000 | 780.000 |
| Unglingalandsmót 2023 | 45.082 | 2.202.763 |
| Ýmsir styrkir | 0 | 0 |
| | 2.715.082 | 4.724.763 |
| **Sundurliðun, styrkir Svf. Skagafjörður:** | | |
| **1a** Greiðslur frá Svf. Skagafirði | 10.554.000 | 10.554.000 |
| Tekjufærð eldri skuld á móti greiðslum | 0 | 992.000 |
| Barna- og unglingaráð Knattspyrnudeildar Tindastóls | ( 1.926.000) | ( 2.303.980) |
| Unglingaráð körfuknattleiksdeildar Tindastóls | ( 1.909.500) | ( 2.299.480) |
| Íþrótta- og ungmennafélagið Smári | ( 645.000) | ( 1.150.400) |
| Hestamannafélagið Skagfirðingur | ( 1.066.500) | ( 442.500) |
| Frjálsíþróttadeild Tindastóls | ( 1.149.000) | ( 1.459.410) |
| Ungmennafélagið Neisti | ( 711.000) | ( 802.500) |
| Skíðadeild Tindastóls | ( 151.500) | ( 361.450) |
| Sunddeild Tindastóls | ( 379.500) | ( 143.950) |
| Ungmennafélagið Hjalti | ( 108.000) | ( 41.180) |
| Tindastóll, aðalstjórn | | ( 134.000) |
| Vélhjólaklúbbur Skagafjarðar | 0 | ( 86.700) |
| Júdódeild Tindastóls | ( 240.000) | ( 497.950) |
| Bogfimideild Tindastóls | ( 72.000) | ( 42.500) |
| Siglingaklúbbúrinn Drangey | ( 72.000) | |
| Badmintondeild | ( 234.000) | ( 38.000) |
| | 1.890.000 | 1.742.000 |
| **1b Sundurliðun, Landsmót 2023:** | | |
| Greiðslur frá UMFÍ | 0 | 17.971.050 |
| Aðrir styrkir vegna ULM | 45.082 | 600.000 |
| Skagafjörður | 0 | ( 8.300.000) |
| Deildir innan UMSS | 0 | ( 7.393.750) |
| Annar kostnaður vegna ULM | 0 | ( 674.537) |
| | 45.082 | 2.202.763 |
| **2 Aðrar tekjur:** | | |
| UMFÍ | 1.025.000 | 100.000 |
| Styrkir vegna peysur | 0 | 710.000 |
| Seldar peysur | 4.000 | 246.880 |
| | 1.029.000 | 1.056.880 |
| **3 Yfirstjórn og skrifstofa:** | | |
| Laun | 5.145.729 | 5.108.366 |
| Launatengd gjöld | 1.182.213 | 1.121.380 |
| Húsaleiga, tryggingar | 10.681 | 1.610.289 |
| Sími og burðargjöld | 52.400 | 56.883 |
| Tölvubúnaður og tölvuþjónusta | 208.913 | 190.983 |
| Annar skrifstofukostnaður | 27.480 | 144.825 |
| | 6.627.416 | 8.232.726 |



# Sundurliðanir frh.:- Aðalsjóður

| | 2024 | 2023 |
|---|---|---|
| **4 Kostnaður vegna íþrótta:** | | |
| Framlag til Hestamannafélagsins Skagfirðings | 200.000 | 200.000 |
| Skráningargjöld landsmóts | 215.876 | 1.646.500 |
| | 415.876 | 1.846.500 |
| **5 Annar kostnaður:** | | |
| Keyptar peysur | 38.360 | 1.456.809 |
| Íþróttamaður Skagafjarðar | 192.210 | 244.946 |
| Bókhalds- og uppgjörskostnaður | 250.810 | 218.860 |
| Fræðsludagur UMSS | 93.000 | 117.734 |
| Samskipti við UMFÍ, ÍSÍ, þing ofl. | 113.277 | 186.000 |
| Ráðstefnur og fyrirlestrar | 0 | 52.000 |
| Ársþing UMSS | 165.793 | 359.000 |
| Annar kostnaður | 97.774 | 151.241 |
| | 951.224 | 2.786.590 |
| **6 Afreksmannasjóður - styrkþegar:** | | |
| 8 (8) styrkþegar | 760.000 | 1.000.000 |
| | 760.000 | 1.000.000 |
| **7 Bankainnstæður:** | | |
| Aðalstjórn, 0349-26-1997 | 441.333 | 3.060.729 |
| 0349-13-251904 | 1.365 | 12.768 |
| Landsmótssjóður, 0349-13-251902 | 1.550 | 1.516 |
| Afreksmannasjóður, 0349-13-251900 | 916.518 | 1.192.312 |
| Velferðarsjóður, 0349-13-251901 | 3.291 | 3.219 |
| Greiðslukortareikningur 0349-26-359 | 9.291 | 9.203 |
| 0161-26-70005 | 14.669 | 14.141 |
| | 1.388.017 | 4.293.888 |

## Rekstrarreikningur árið 2024 - Frjálsíþróttaráð

| | 2024 | 2023 |
|---|---|---|
| **Rekstrartekjur:** | | |
| Tekjur af mótahaldi | 27.000 | 0 |
| Framlag frá UMSS | 0 | 335.000 |
| | 27.000 | 335.000 |
| **Rekstrargjöld:** | | |
| Skráningargjöld | 145.100 | 873.500 |
| Mótakostnaður | 0 | 129.400 |
| | 145.100 | 1.002.900 |
| **Niðurstaða fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld** | ( 118.100) | ( 667.900) |
| **Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld:** | | |
| Vaxtatekjur | 4.186 | 3.035 |
| Fjármagnstekjuskattur | ( 921) | ( 668) |
| | 3.265 | 2.367 |
| **Niðurstaða ársins** | **( 114.835)** | **( 665.533)** |



## Efnahagsreikningur 31. desember 2024 - Frjálsíþróttaráð

### EIGNIR:

| | 2024 | 2023 |
|---|---|---|
| **Veltufjármunir:** | | |
| Umf. Smárinn og Frjálsíþróttadeild Tindastóls | 351.370 | 43.500 |
| Bankareikningur 0349-26-1280 | 123.770 | 446.005 |
| Veltufjármunir samtals | 475.140 | 489.505 |
| **Eignir samtals** | **475.140** | **489.505** |

### EIGIÐ FÉ OG SKULDIR:

| | 2024 | 2023 |
|---|---|---|
| **Eigið fé:** | | |
| Fært frá fyrra ári | ( 1.412.380) | ( 746.847) |
| Niðurstaða ársins | ( 114.835) | ( 665.533) |
| Eigið fé samtals | ( 1.527.215) | ( 1.412.380) |
| **Skuldir:** | | |
| UMSS | 2.002.355 | 1.901.885 |
| Skammtímaskuldir samtals | 2.002.355 | 1.901.885 |
| Skuldir samtals | 2.002.355 | 1.901.885 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | **475.140** | **489.505** |

# Rekstrarreikningur árið 2024 - Hússjóður

| | 2024 | 2023 |
|---|---|---|
| **Rekstrartekjur:** | | |
| Húsaleiga UMFÍ , ÍSÍ og UMSS | 1.445.814 | 841.940 |
| Húsaleiga UMFÍ leiðrétting 2017-2024 | 1.655.985 | 0 |
| Húsaleiga UMSS | 0 | 1.600.000 |
| | 3.101.799 | 2.441.940 |
| **Rekstrargjöld:** | | |
| Húsaleiga | 2.207.468 | 2.313.323 |
| Hiti og rafmagn | 128.573 | 96.509 |
| | 2.336.041 | 2.409.832 |
| **Niðurstaða fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld** | 765.758 | 32.108 |
| **Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld:** | | |
| Vaxtatekjur | 7.158 | 4.790 |
| Vaxtagjöld og fjármagnstekjuskattur | ( 1.575) | ( 1.054) |
| | 5.583 | 3.736 |
| **Niðurstaða ársins** | 771.341 | 35.844 |



# Efnahagsreikningur 31. desember 2024 - Hússjóður

## EIGNIR:

| | 2024 | 2023 |
|---|---|---|
| **Veltufjármunir:** | | |
| UMFÍ | 1.655.985 | 0 |
| ÍSÍ | 550.000 | 0 |
| Bankareikningur 0161-26-7070 | 296.476 | 109.739 |
| Veltufjármunir samtals | 2.502.461 | 109.739 |
| **Eignir samtals** | 2.502.461 | 109.739 |

## EIGIÐ FÉ OG SKULDIR:

| | 2024 | 2023 |
|---|---|---|
| **Eigið fé:** | | |
| Fært frá fyrra ári | ( 865.840) | ( 901.684) |
| Niðurstaða ársins | 771.341 | 35.844 |
| Eigið fé samtals | ( 94.499) | ( 865.840) |
| **Skuldir:** | | |
| UMSS | 2.596.960 | 975.579 |
| Skammtímaskuldir samtals | 2.596.960 | 975.579 |
| Skuldir samtals | 2.596.960 | 975.579 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | 2.502.461 | 109.739 |

# Rekstrarreikningur árið 2024 - Lottósjóður

| | 2024 | 2023 |
|---|---|---|
| **Rekstrartekjur:** | | |
| Lottótekjur | 9.849.326 | 14.180.728 |
| | 9.849.326 | 14.180.728 |
| **Rekstrargjöld:** | | |
| UMSS, aðalsjóður | 2.991.232 | 4.030.007 |
| UMSS, afreksmannasjóður | 598.246 | 806.001 |
| Óskipt úthlutun | ( 1.434.306) | ( 272.284) |
| Bílaklúbbur Skagafjarðar | 250.485 | 309.197 |
| Golfklúbbur Sauðárkróks | 717.740 | 874.070 |
| Hestamannafélagið Skagfirðingur | 1.799.406 | 2.197.561 |
| Íþróttafélagið Gróska | 17.969 | 27.442 |
| Siglingaklúbburinn Drangey | 199.513 | 255.735 |
| Ungmennafélagið Hjalti | 185.109 | 251.156 |
| Ungmennafélagið Neisti | 225.532 | 315.086 |
| Ungmennafélagið Tindastóll | 3.063.315 | 3.846.618 |
| Ungmenna og íþróttafélagið Smári | 1.086.165 | 1.352.786 |
| Vélahjólaklúbbur Skagafjarðar | 148.920 | 187.353 |
| | 9.849.326 | 14.180.728 |
| **Niðurstaða fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld** | 0 | 0 |
| **Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld:** | | |
| Vaxtatekjur | 36.152 | 62.595 |
| Fjármagnstekjuskattur | ( 7.953) | ( 13.771) |
| | 28.199 | 48.824 |
| **Niðurstaða ársins** | 28.199 | 48.824 |



# Efnahagsreikningur 31. desember 2024 - Lottósjóður

## EIGNIR:

| | 2024 | 2023 |
|---|---|---|
| **Veltufjármunir:** | | |
| Óinnheimtar lottótekjur | 636.049 | 1.678.519 |
| UMSS | 1.767.480 | 0 |
| Bankareikningur 0349-05-251903 | 28.199 | 10.733.832 |
| Veltufjármunir samtals | 2.431.728 | 12.412.351 |
| **Eignir samtals** | 2.431.728 | 12.412.351 |

## EIGIÐ FÉ OG SKULDIR:

| | 2024 | 2023 |
|---|---|---|
| **Eigið fé:** | | |
| Fært frá fyrra ári | 331.101 | 282.277 |
| Niðurstaða ársins | 28.199 | 48.824 |
| Eigið fé samtals | 359.300 | 331.101 |
| **Skuldir:** | | |
| Ógreidd lottóúthlutun | 2.072.428 | 3.783.261 |
| UMSS | 0 | 8.297.989 |
| Skammtímaskuldir samtals | 2.072.428 | 12.081.250 |
| Skuldir samtals | 2.072.428 | 12.081.250 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | 2.431.728 | 12.412.351 |

## Fjöldi þingfulltrúa á 104. Ársþingi UMSS 2024

| Aðildarfélag | Félagar 18+ | Þingfulltrúar | Mættir |
|---|---|---|---|
| Bílaklúbbur Skagafjarðar | 94 | 2+1 | 2 |
| Golfklúbbur Skagafjarðar | 206 | 5+1 | 4 |
| Hestamannafélagið Skagfirðingur | 506 | 8+1 | 9 |
| Íþróttafélagið Gróska | 0 | 1 | 0 |
| Siglingarklúbburinn Drangey | 79 | 2+1 | 3 |
| Ungmenna- og Íþróttafélagið Smári | 467 | 7+1 | 4 |
| Ungmennafélagið Hjalti | 217 | 5+1 | 1 |
| Ungmennafélagið Neisti | 315 | 6+1 | 4 |
| Ungmennafélagið Tindastóll | 1231 | 14+1 | 10 |
| Vélhjólaklúbbur Skagafjarðar | 0 | 1 | 0 |
| **Samtals** | **3115** | **49+10** | **37** |

**Mættir voru 37 fulltrúi af 59.**

**2 aðildarfélög mættu ekki á ársþingið.**




## Fjöldi þingfulltrúa BOÐAÐIR á 105. Ársþingi UMSS 2025

| Aðildarfélag | Félagar 18+ | Þingfulltrúar |
|---|---|---|
| Bílaklúbbur Skagafjarðar | 100 | 2+1 |
| Golfklúbbur Skagafjarðar | 211 | 5+1 |
| Hestamannafélagið Skagfirðingur | 443 | 7+1 |
| Íþróttafélagið Gróska | 40 | 2+1 |
| Pílukastfélag Skagafjarðar | 49 | 2+1 |
| Siglingarklúbburinn Drangey | 79 | 2+1 |
| Ungmenna- og Íþróttafélagið Smári | 477 | 7+1 |
| Ungmennafélagið Hjalti | 217 | 5+1 |
| Ungmennafélagið Neisti | 312 | 6+1 |
| Ungmennafélagið Tindastóll | 1273 | 14+1 |
| Vélhjólaklúbbur Skagafjarðar | 67 | 2+1 |
| **Samtals** | **3268** | **54+11** |

UMFÍ

RANNSÓKNIR - NÝSKÖPUN - MENNTUN - MENNING - ATVINNULÍF
HINGAÐ OG LENGRA

UMSS

Fræðsludagur UMSS var haldin þann 21.nóvember 2024

Boðið var upp á fyrirlesturinn „Þú ert frábær!“

Styrkir frá Íþróttasjóði og UMFÍ gera okkur kleift að bjóða okkar félagsmönnum á fræðsludag UMSS, súpa og kaffi var í boði fyrir þá sem mættu.

# Svæðisskrifstofur Íþróttahéraða

Á þingum ÍSÍ og UMFÍ árið 2023 var samþykktar tillögur um stofnun svæðisstöðva íþróttahéraðanna um allt land. Markmið þeirra yrði að efla íþróttastarf á landsvísu. Verkefnið var samþykkt á þingum ÍSÍ og UMFÍ með stuðningi og framlagi frá mennta- og barnamálaráðuneytinu til tveggja ára. Landinu var í kjölfarið skipt í átta svæði, hvert með 2-4 íþróttahéruðum innanborðs og tvo starfsmenn í fullu starfi á hverju svæði.

Hlutverk svæðisstöðvanna er að þjónusta íþróttahéruðin með samræmdum hætti í nærumhverfi sínu og efla íþróttastarf um allt land. Enn fremur að styrkja stefnumótandi vinnu og aðgerðir á landsvísu, stuðla að farsæld barna og annarra sem nýta þjónustu íþróttahreyfingarinnar. Sérstök áhersla er lögð á að fjölga börnum og ungmennum með fatlanir, af erlendum uppruna og af tekjulægri heimilum í íþróttum.
Í kjölfar samþykktar á þingum var skipaður tengiliðahópur sem gerði tillögur um fyrirkomulag í tengslum við stofnun svæðisstöðvanna.
Í tengiliðahópnum sátu:

- Bjarney Láru Bjarnadóttir fyrir Vesturland (HSH, ÍA, UDN og UMSB).
- Guðný Stefanía Stefánsdóttir fyrir Vestfirði (HHF, HSB, HSS og HSV).
- Þorvaldur Gröndal fyrir Norðurland vestra (UMSS, USAH og USVH).
- Gunnhildur Hinriksdóttir fyrir Norðurland eystra (ÍBA, HSÞ og UÍF).
- Benedikt Jónsson fyrir Austurland (UÍA og USÚ).
- Helgi S. Haraldsson fyrir Suðurland (HSK, ÍBV og USVS).
- Rúnar V. Arnarson fyrir Suðurnes (ÍRB og ÍS).
- Frímann Ari Ferdinandsson fyrir Höfuðborgarsvæðið (ÍBH, ÍBR og UMSK).

Hanna Carla Jóhannsdóttir var ráðin verkefnastjóri og tók hún til starfa vorið 2024. Störf svæðisfulltrúa voru auglýst í framhaldinu og rúmlega 200 umsóknir bárust í störfin sextán og hófu flestir svæðisfulltrúarnir störf í byrjun ágúst 2024.

**Starfsfólk svæðisstöðvanna eru:**
Álfheiður Sverrisdóttir og Heiðar Mar Björnsson - Vesturland (HSH, ÍA, UDN og UMSB).
Birna Hannesdóttir og Guðbjörg Ebba Högnadóttir - Vestfirðir (HHF, HSB, HSS og HSV).
Halldór Lárusson og Sigríður Inga Viggósdóttir - Norðurland vestra (UMSS, USAH og USVH).
Kristján Sturluson og Þóra Pétursdóttir - Norðurland eystra (ÍBA, HSÞ og UÍF).
Erla Gunnlaugsdóttir og Jóhanna Íris Ingólfsdóttir- Austurland (UÍA og USÚ).
Bryndís Lára Hrafnkelsdóttir og Rakel Magnúsdóttir - Suðurland (HSK, ÍBV og USVS).
Sigurður Friðrik Gunnarsson og Petra Ruth Rúnarsdóttir - Suðurnes (ÍRB og ÍS).
Hansína Gunnarsdóttir og Sveinn Sampsted - Höfuðborgarsvæðið (ÍBH, ÍBR og UMSK). Sveinn er í leyfi og Björg Ásta Þórðardóttir er ráðinn tímabundið í hans stöðu.

Svæðisfulltrúarnir hafa unnið að greiningum og aðgerðaráætlunum á sínu svæði, skoðað stöðu íþróttahéraða, virkni þeirra og verkefni og byggt brýr á milli m.a. sveitarfélaga og íþróttahéraða. Nú þegar hafa ýmis verkefni litið dagsins ljós.

**Hvatasjóður íþróttahreyfingarinnar:** Í tengslum við stofnun svæðisstöðva lagði ráðherra íþróttamála til 140 milljónir króna til tveggja ára í Hvatasjóð íþróttahreyfingarinnar. Opnað var fyrir umsóknir í sjóðinn í byrjun árs 2025.

**Aðdragandi og skipulag**
- UMFÍ og ÍSÍ höfðu lengi starfrækt vinnuhópa til að skoða stöðu íþróttahéraða í landinu.
- 25 íþróttahéruð um land allt, með mjög mismunandi starfsemi og virkni.
- Mismunandi úthlutun fjármagns frá lottó til íþróttahéraða og aðildarfélaga og mismunandi reglur hjá ÍSÍ og UMFÍ.
- Sameiginlegar nefndir samtakanna unnu tillögur varðandi íþróttahéruð og skiptingu lottófjármuna.
- Stjórnir samtakanna og nefndir sammála um tillöguna.
- Hagsmunaaðilar víðsvegar að í starfinu, stórir sem litlir um allt land.
- Tillit tekið til víðtækra sjónarmiða.
- Áhersla á að niðurstaðan tryggi aukið fjármagn út á land.
- Áhersla á samræmdar reglur óháð aðild að samtökunum.
- Áhersla á að uppfylla markmið samtakanna og stjórnvalda.





UMFÍ

Stjórnarráð Íslands
Mennta- og barnamálaráðuneytið

# UMFÍ heiðursfélagar, gull- og starfsmerki

## Heiðursfélagar UMFÍ

| | |
|---|---|
| Guðjón Ingimundarson | 1987 |

## Gullmerki UMFÍ

| | |
|---|---|
| Guðjón Ingimundarson | 1984 |
| Haraldur Þ. Jóhannsson | 2004 |
| Páll Ragnarsson | 2007 |
| Björn Hansen | 2022 |
| Gunnar Sigurðsson | 2022 |
| Hrafnhildur Pétursdóttir | 2023 |
| Árni Stefánsson | 2023 |
| Karl Lúðvíksson | 2024 |














## Starfsmerki UMFÍ

| | |
|---|---|
| Stefán Pedersen | 1971 |
| Helgi Rafn Traustason | 1980 |
| Páll Ragnarsson | 1980 |
| Stefán Guðmundsson | 1980 |
| Gunnar Sigurðsson | 1992 |
| Frímann Guðbrandsson | 1998 |
| Ómar Bragi Stefánsson | 1998 |
| Hjalti Þórðarson | 2004 |
| Bjarni Jónsson | 2005 |
| G. Kristín Jóhannesdóttir | 2006 |
| Guðmundur Sveinsson | 2006 |
| Steinunn Hjartardóttir | 2009 |
| Stefán Öxndal Reynisson | 2010 |
| Snorri Styrkársson | 2010 |
| Rannveig Helgadóttir | 2011 |
| Viggó Jónsson | 2011 |
| Hjörtur Geirmundsson | 2012 |
| Hrafnhildur Pétursdóttir | 2012 |
| Jónína Stefánsdóttir | 2012 |
| Árni Stefánsson | 2013 |
| Kári Marísson | 2013 |
| Friðbjörg Vilhjálmsdóttir | 2017 |
| Ingimar Ingimarsson | 2017 |
| Símon Gestsson | 2017 |
| Björn Hansen | 2018 |
| Sigurlína H. Einarsdóttir | 2018 |
| Skúli Jónsson | 2018 |
| Gunnar Þór Gestsson | 2019 |
| Sara Gísladóttir | 2019 |
| Helga Eyjólfsdóttir | 2022 |
| I. Klara Helgadóttir | 2022 |
| Jóhannes Þórðarson | 2022 |
| Árný Lilja Árnadóttir | 2023 |
| Rafn Ingi Rafnsson | 2023 |
| Sigurjón Viðar Leifsson | 2023 |
| Stefán Guðmundsson | 2024 |
| Una Aldís Sigurðardóttir | 2024 |
| Þorvaldur Gröndal | 2024 |

# ÍSÍ gull- og silfurmerki

## Gullmerki ÍSÍ

| | |
|---|---|
| Páll Ragnarsson | 1982 |
| Trausti Sveinsson | 1996 |
| Viggó Jónsson | 2019 |
| Ómar Bragi Stefánsson | 2022 |
| Gunnar Þór Gestsson | 2024 |

## Silfurmerki ÍSÍ

| | |
|---|---|
| Haraldur Þór Jóhannsson | 2005 |
| Hjalti Þórðarson | 2005 |
| Ómar Bragi Stefánsson | 2005 |
| Steinunn Hjartardóttir | 2006 |
| Halldór Halldórsson | 2008 |
| Gunnar Sigurðsson | 2022 |
| Hjörtur Geirmundsson | 2023 |
| Magnús Helgason | 2023 |

# Afrekssjóður UMSS

Í ár sóttu tólf einstaklingar um styrk í sjóðinn, tíu fengu úthlutað en tveim umsóknum var hafnað vegna þess að þær voru ekki sendar inn tímalega, en umsóknarfrestur í Afrekssjóð er til og með 30. nóvember ár hvert. Nefndarmenn sjóðsins eru þau Gunnar Þór Gestsson formaður UMSS, Guðrún Helga Tryggvadóttir og Ómar Bragi Stefánsson. Eftirtaldir aðilar í stafrófsröð fengu úthlutað úr sjóðnum í ár;

**Anna Karen Hjartardóttir**
**Dagbjört Sísí Einarsdóttir**
**Gunnar Freyr Þórarinsson**
**Ísak Óli Traustason**
**Jóhanna María Noack Grétarsdóttir**
**Sigtryggur Arnar Björnsson**
**Súsanna Guðlaug Halldórsdóttir**
**Sveinbjörn Óli Svavarsson**
**Una Karen Guðmundsdóttir**
**Þórgunnur Þórarinsdóttir**

## AFREKSSJÓÐUR UMSS

**Ungmennasamband Skagafjarðar óskar eftir umsóknum frá iðkendum í aðildarfélögum UMSS í afrekssjóð UMSS fyrir árið 2024**

**Rétt til styrkveitinga eiga þeir, sem skara framúr í íþróttagrein sinni.**

**Til að sækja um styrk, þurfa viðkomandi íþróttamenn að sækja um á umsóknarsíðu Afrekssjóðsins**

www.umss.is/is/afrekssjodur-umss

**Umsóknarfrestur er til og með 30. nóvember 2024.**

Sjá nánar á https://www.umss.is

## Reglugerð um Afrekssjóð UMSS

**1.grein.** Sjóðurinn heitir Afrekssjóður UMSS. Hlutverk hans er að styrkja afreksfólk aðildarfélaga UMSS.

**2.grein.** Tilgangur sjóðsins er sá að taka þátt í kostnaði afreksfólks UMSS vegna þátttöku í æfingum og keppni á landsvísu og fyrir hönd Íslands.

**3.grein.** Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur einstaklingum og einum til vara. Ársþing UMSS kýs tvo einstaklinga í stjórnina og einn til vara, sem ekki eru í aðalstjórn UMSS. Formaður UMSS er þriðji maður stjórnar og formaður sjóðstjórnar. Stjórn sjóðsins skal skipuð til eins árs í senn.

**4.grein.** Tekjur sjóðsins eru ákveðið hlutfall tekna UMSS af íslenskri Getspá, skv. Lottóreglugerð. Að auki frjáls framlög einstaklinga, stofnana, fyrirtækja og sveitarfélaga.

**5.grein.** Heimilt er að veita úr sjóðnum, á hverjum tíma, öllu því fé sem í honum er. Sjóðsstjórn ákveður styrktar upphæð hverju sinni.

**6.grein.** Sjóðsstjórn skal taka mið af kostnaði einstaklingsins við ákvörðun á styrkveitingu.

**7.grein.** Til að hljóta styrk, þurfa viðkomandi íþróttamenn að sækja skriflega um til framkvæmdarstjóra UMSS og jafnframt að gera grein fyrir forsendum umsóknarinnar. Umsóknir þurfa að berast fyrir 1. desember ár hvert.

**8. grein.** Formaður UMSS boðar til fundar í sjóðstjórn á tímabilinu 1.-14. desember ár hvert. Styrkinn skal afhenda við hentugt tilefni fyrir lok almanaksársins.

**9. grein.** Sjóðstjórn gerir grein fyrir styrkveitingum úr sjóðnum í ársskýrslu UMSS.

**10. grein.** Skoðunarmenn UMSS eru jafnframt skoðunarmenn reikninga sjóðsins.

**11. grein.** Breytinga á reglugerð þessari er hægt að gera á ársþingi UMSS að fengnu samþykki meirihluta atkvæða.

Reglur þessar verða sendar öllum aðildarfélögum og ráðum innan raða UMSS og birtar á heimasíðu UMSS.

*Samþykkt á 102. ársþingi UMSS þann 12. mars 2022.*

# Iðkendur sérsambanda hjá aðildarfélagi UMSS




| | AKÍS | BSÍ | BLÍ | BFSÍ | FSÍ | FRÍ | GSÍ | LH | HRÍ | ÍF | JSÍ | KSÍ | KKÍ | MSÍ | SÍL | SKÍ | SSÍ |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2020 | 94 | 0 | 19 | 25 | 18 | 219 | 154 | 669 | 28 | 10 | 113 | 420 | 487 | 72 | 97 | 30 | 27 |
| 2021 | 94 | 13 | 19 | 36 | 64 | 226 | 230 | 687 | 29 | 10 | 97 | 491 | 508 | 72 | 97 | 54 | 52 |
| 2022 | 94 | 17 | 19 | 30 | 55 | 238 | 186 | 643 | 5 | 10 | 58 | 440 | 450 | 83 | 97 | 50 | 52 |
| 2023 | 94 | 18 | 22 | 35 | 60 | 187 | 273 | 656 | 10 | 10 | 20 | 405 | 335 | 83 | 97 | 20 | 43 |
| 2024 | 100 | 37 | 41 | 12 | 50 | 223 | 279 | 625 | 5 | 5 | 35 | 500 | 386 | 40 | 97 | 21 | 70 |

2020 2021 2022 2023 2024

Iðkendatölurnar eru fengnar hjá ÍSÍ sem fær sínar tölur hjá ABLER fyrir árið 2024.
Þessar tölur eru allir iðkendur sem skráðir eru hjá aðildarfélögum UMSS, þ.á m. Iðkendur sem eiga ekki lögheimli í Skagafirðir en eru skráðir á æfingar hjá félögunum/deildum og greiða þeim æfingargjöld.

# Hvatapeningar sveitarfélagið Skagafjörður

## Reglur um Hvatapeninga

Öll börn 5-18 ára með skráð lögheimili í Skagafirði eiga rétt á Hvatapeningum. Iðkendur eiga rétt á styrk frá og með því ári sem 5 ára aldri er náð, til og með því ári sem 18 ára aldri er náð. Hvatapeninga er hægt að nýta til að greiða niður æfinga-/þátttökugjöld í skipulögðu íþrótta-, lista- og tómstundastarfi og er ætlað að auka jöfnuð í samfélaginu, fjölbreytileika íþrótta-, lista- og tómstundastarfs og styrkja félagslegt umhverfi og hafa jákvæð áhrif á þroska barna og unglinga.

Hvatapeningum er úthlutað til barna í formi styrks sem foreldrar/forráðamenn geta ráðstafað til aðila sem standa fyrir skipulögðu frístundastarfi og falla undir styrkhæfisviðmið sveitarfélagsins. Hvatapeninga má nýta að fullu eða hluta til niðurgreiðslu æfinga-/námskeiðsgjalda og geta foreldrar/forráðamenn ráðstafað þeim hvenær sem er yfir árið og óháð fjölda greina/námskeiða. Réttur til Hvatapeninga fellur niður í árslok. Ónýttir Hvatapeningar nýtast ekki milli ára. Ráðstöfun er endanleg. Ekki er hægt að endurgreiða eða bakfæra hvatapeninga þegar foreldri/forráðamaður hefur ráðstafað styrknum til niðurgreiðslu æfinga-/námskeiðsgjalda til félaga. Styrkur getur aldrei orðið hærri en æfinga-/þátttökugjald viðkomandi frístundatilboðs.

Skilyrði þess að hægt sé að nýta Hvatapeningana er að um skipulagt íþrótta-, lista- og tómstundastarf sé að ræða og sé stundað undir leiðsögn viðurkenndra þjálfara, leiðbeinenda eða kennara. Börn undir 18 ára aldri skulu ekki starfa við þjálfun eða leiðbeinendastörf í barnastarfi ein síns liðs. Aðalþjálfari og leiðbeinandi getur þó haft einstaklinga undir 18 ára aldri sér til aðstoðar. Þetta á við um allt skipulagt íþrótta-, lista- og tómstundastarf sem stundað er á vegum viðurkenndra íþróttafélaga, tónlistarskóla, skáta sem og önnur námskeið skipulögð af Skagafirði, sbr. Sumar-TÍM. Almennt skal miða við að námskeið nái yfir 10 vikur samfellt. Frístundastjóri sker úr um hvort námskeið teljist styrkhæf, og ber sína tillögu undir samþykki félagsmála- og tómstundanefndar ef vafi leikur á.

Hvatapeninga er ekki hægt að nýta til kaupa á æfingakorti í líkamsræktarstöð en skipulögð unglinganámskeið innan líkamsræktarstöðva falla undir styrkinn. Undantekning frá þessu eru ungmenni á 16. - 18. aldursári en þau geta nýtt Hvatapeninga til kaupa á æfingakortum.

*Samþykkt á fundi félagsmála- og tómstundanefndar 10.nóvember og sveitarstjórn 14. desember 2022*

| Hvatagreiðslur til aðildarfélaga UMSS og deilda þeirra 2024 | |
|---|---|
| Bílaklúbbur Skagafjarðar | 0 kr. |
| Golfklúbbur Skagafjarðar | 35.000 kr. |
| Hestamannafélagið Skagfirðingur | 1.330.000 kr. |
| Íþróttafélagið Gróska | 0 kr. |
| Siglingaklúbburinn Drangey | 0 kr. |
| Ungmenna- og íþróttafélagið Smári | 1.485.590 kr. |
| Ungmennafélagið Hjalti | 0 kr. |
| Ungmennafélagið Neisti | 0 kr. |
| Ungmennafélagið Tindastóll | 12.049.261 kr. |
| Vélhjólaklúbbur Skagafjarðar | 0 kr. |
| samtals | 14.899.851 kr |

HEILSUEFLANDI SAMFÉLAG
Skagafjörður
vellíðan fyrir alla

## Hvernig sæki ég um Hvatapeninga?

Umsóknir um Hvatapeninga eru afgreiddar rafrænt, flestar í gegnum ABLER. Fjölmargar íþrótta- og tómstundagreinar nota ABLER fyrir skráningu barna. Þar er hægt að skilgreina hvort nýta eigi Hvatapeninga þegar börn eru skráð. Ef um er að ræða greinar sem ekki eru inná ABLER er sótt um Hvatapeninga í gegnum Íbúagátt hér á heimasíðunni.

Fyrirspurnir eða athugasemdir vegna Hvatapeninga skal senda á Þorvald Gröndal frístundastjóra á netfangið: valdi@skagafjordur.is eða í síma: 455 6033.

- Réttur til Hvatapeninga fellur niður í árslok.
- Ónýttir Hvatapeningar nýtast ekki milli ára.
- Ráðstöfun hvatapeninga er endanleg. Ekki er hægt að endurgreiða eða bakfæra hvatapeninga þegar foreldri/forráðamaður hefur ráðstafað styrknum til niðurgreiðslu æfinga-/námskeiðsgjalda til félaga.
- Styrkur getur aldrei orðið hærri en æfinga-/þátttökugjald viðkomandi frístundatilboðs.
- Skilyrði þess að hægt sé að nýta Hvatapeningana er að um skipulagt íþrótta-, lista- og tómstundastarf sé að ræða og sé stundað undir leiðsögn viðurkenndra þjálfara, leiðbeinenda eða kennara. Börn undir 18 ára aldri skulu ekki starfa við þjálfun eða leiðbeinendastörf í barnastarfi ein síns liðs. Aðalþjálfari og leiðbeinandi getur þó haft einstaklinga undir 18 ára aldri sér til aðstoðar. Þetta á við um allt skipulagt íþrótta-, lista- og tómstundastarf sem stundað er á vegum viðurkenndra íþróttafélaga, tónlistarskóla, skáta sem og önnur námskeið skipulögð af sveitarfélaginu Skagafirði, sbr. Sumar-TÍM.
- Almennt skal miða við að námskeið nái yfir 10 vikur samfellt. Frístundastjóri sker úr um hvort námskeið teljist styrkhæf, og ber sína tillögu undir samþykki félags- og tómstundanefndar ef vafi leikur á.
- Hvatapeninga er ekki hægt að nýta til kaupa á æfingakorti í líkamsræktarstöð en skipulögð unglinganámskeið innan líkamsræktarstöðva falla undir styrkinn. Undantekning frá þessu eru ungmenni á 17. og 18. aldursári en þau geta nýtt Hvatapeninga til kaupa á æfingakortum.

# Fréttapunktar ÍSÍ 2024

**Árið 2024 voru málefni afreksíþrótta og stofnun svæðisstöðva íþróttahéraða fyrirferðamest í starfsemi ÍSÍ.**

**Afreksmálefni**
Í apríl skilaði vinnuhópur mennta- og barnamálaráðuneytis sem skipaður var til að koma með tillögur að nýju fyrirkomulagi í afreksmálum skýrslu sem innihélt ýmsar tillögur þar að lútandi. Vésteinn Hafsteinsson, afreksstjóri ÍSÍ, stýrði starfi vinnuhópsins. Ljóst var að ef breytingar ættu að ná fram í málaflokknum þá þyrfti að koma til aukið fé frá ríkisvaldinu. Var lögð mikil vinna í að kynna framtíðaráætlanir fyrir þingflokkum og í ráðuneytum og í lok árs voru tilkynnt þau ánægjulegu tíðindi að ríkið veitti 637 m. króna aukafjárveitingu til afreksmála. Hluta af framlaginu var veitt til sérsambanda í gegnum Afrekssjóð ÍSÍ en einnig verður framlagið notað til að koma í framkvæmd ýmsum tillögum sem komu fram í skýrslu vinnuhópsins, svo sem stofnun Afreksmiðstöðvar Íslands.

Árið 2024 var Ólympíuár og tóku fimm keppendur þátt í Sumarólympíuleikunum í París, þau Hákon Þór Svavarsson skotíþróttamaður, Anton Sveinn McKee sundmaður, Snæfríður Sól Jórunnardóttir sundkona, Guðlaug Edda Hannesdóttir þríþrautarkona og Erna Sóley Gunnarsdóttir frjálsíþróttakona. Leikarnir gengu mjög vel í alla staði.




**Svæðisstöðvar íþróttahéraða**
Svæðisstöðvar íþróttahéraða, sameiginlegt verkefni ÍSÍ og UMFÍ með fjárframlagi frá mennta- og barnamálaráðuneytinu, tóku til starfa á árinu og voru full mannaðar á haustmánuðum.

Að fá 16 öfluga einstaklinga til starfa fyrir samtökin hefur verið frábær og þörf viðbót. Markmiðið með svæðisstöðvunum er að efla íþróttahéruð með sameiginlegum starfsstöðvum sem hafa það hlutverk að þjónusta íþróttahéruðin og íþróttafélögin í nærumhverfi sínu með samræmdum hætti. Horft er til þess að sterkari íþróttahéruð og starfsstöðvar um allt land auki skilvirkni innan íþróttahreyfingarinnar og geri þeim kleift að takast á við núverandi og fyrirséð verkefni. Það mun styrkja stefnumótandi vinnu og aðgerðir á landsvísu og þannig jafna tækifæri barna óháð aðstæðum og búsetu sem og að efla þjónustu á viðkomandi svæði. Breytingin nær til tæplega 500 íþrótta- og ungmennafélaga um allt land.

Hópurinn vann fyrstu mánuðina að greiningu svæða og hefur sú vinna fært ÍSÍ og UMFÍ góða yfirsýn yfir starfið í héruðunum, varpað ljósi á það sem má samræma betur og samnýta, gefið gott tækifæri til að skiptast á góðum gildum, þekkingu og reynslu á milli svæða og gefið aukinn kraft og afl inn í starfið.
Komið hefur verið á fót Hvatasjóði og er hlutverk hans að stuðla að aukinni þátttöku barna og ungmenna í íþróttum, með áherslu á börn með fötlun og börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn.

**Skipulag á skrifstofu**
Starfsemi skrifstofu ÍSÍ skiptist í tvö megin svið; Afreksssvið og Fræðslu- og Almenningsíþróttasvið. Þvert á þau eru svo Stjórnsýslusvið, Fjármál, rekstur og upplýsingatækni og svo Markaðs- og kynningarmál. Ólík verkefni eru unnin á hverju sviði en í mörgum tilfellum skarast verkefni á milli sviða. Stjórnsýslusvið hefur verið að eflast á síðustu misserum og sum verkefni, eins og Fyrirmyndarfélag ÍSÍ og Fyrirmyndarhérað ÍSÍ hafa færst yfir til sviðsins.

**Árleg verkefni á sviði almenningsíþrótta og fræðslu**
Á hverju ári taka 50 þúsund manns þátt í almenningsíþróttaverkefnum á vegum ÍSÍ. Fræðslu- og almenningsíþróttasvið ÍSÍ stendur fyrir fjölmörgum viðburðum árlega, sem hafa það að markmiði að auka lýðheilsu og reglulega hreyfingu landsmanna. Má þar nefna Lífshlaupið sem vex með hverju ári, Hjólað í vinnuna, Hjólað í skólann, Göngum í skólann, Íþróttaviku Evrópu, Ólympíuhlaupið, Ólympíudaginn og Syndum.

Íþróttavika Evrópu hefur náð mjög góðri dreifingu um landið, ekki síst með frábærri aðkomu sveitarfélaga sem hafa tekið verkefninu fagnandi og lagt ýmislegt á vogarskálarnar á landsvísu til að það heppnist vel í viðkomandi sveitarfélögum. Einnig hafa framhaldsskólarnir verið mjög virkir í verkefninu.




Fræðslu- og almenningsíþróttasvið stendur einnig fyrir ráðstefnum og námskeiðum um ýmsa þætti er lúta að íþróttastarfsemi og annast þjálfaramenntun ÍSÍ.

**Stjórnsýslan**
Frá árinu 2023 hefur verið mikil áhersla lögð á að bæta stjórnsýslulega þætti hjá ÍSÍ enda íþróttahreyfingin víðfeðm, lagskipt og býsna flókin. Um 1.000 einingar eru innan ÍSÍ og þarf að huga að mörgu varðandi regluverkið og framfylgja eftirliti og eftirfylgni.

Stjórnsýslusvið ÍSÍ annast öll mál er varða lög og reglur í hreyfingunni og er tengiliður við dómstóla ÍSÍ. Helga Þórðardóttir lögfræðingur kom til starfa í fullt starf á skrifstofu ÍSÍ í mars 2024 og er það í fyrsta sinn sem ÍSÍ hefur haft lögfræðing í fullu starfi hjá sambandinu. Í kjölfar Íþróttaþings 2023 var skipaður vinnuhópur ÍSÍ um góða stjórnarhætti til að skoða allt regluverk ÍSÍ með hliðsjón af góðum stjórnarháttum og vinna að viðmiðum um góða stjórnarhætti. Hópurinn skilar af sér skýrslu og tillögum til framkvæmdastjórnar ÍSÍ fyrir Íþróttaþingið 2025.

ALLIR MEÐ
FARSÆLT SAMFÉLAG FYRIR ALLA - BRÚUM BILIÐ

Verkefnið „Allir með“ er samstarfsverkefni ÍSÍ, UMFÍ og ÍF (Íþróttasamband fatlaðra). Verkefnið er þriggja ára verkefni sem er liður í að ná markmiðum 30. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Þar eru skýr ákvæði um viðeigandi aðlögun allra í íslensku samfélagi. Markmið verkefnisins er að fjölga tækifærum fatlaðra til íþróttaiðkunar í samstarfi við íþróttahreyfinguna þannig að öll börn og ungmenni eigi möguleika á því
að taka þátt í íþróttum í sínu nær umhverfi í samræmi við óskir sínar og þarfir – með viðeigandi aðlögun.

Jafnframt að allir einstaklingar eigi kost á að öðlast reynslu af þátttöku í íþróttum og verða sér úti um leikni til að þróast í öryggi og góðum félagsskap, en þetta eru allt áherslur sem íþróttahreyfingin þarf að vinna að með samræmdum hætti sem víðast um landið.

Verkefnið fór af stað í byrjun árs 2023 og var Valdimar Gunnarsson ráðinn verkefnisstjóri og hefur hann aðsetur á Skrifstofu ÍF í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal.

**Ferðasjóður**
Árlega er úthlutað úr Ferðasjóði íþróttafélaga. Fjárframlag í sjóðinn kemur alfarið frá ríkinu en ÍSÍ hefur umsjón með sjóðnum, þ.e. umsóknarferli, úrvinnslu og úthlutun.
Síðastliðin ár hefur verið úthlutað 123,9 milljónum út til íþróttafélaga um allt land, byggt á umsóknum.

BJARTUR LÍFSSTÍLL

Bjartur lífsstíll er samstarfsverkefni Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands (ÍSÍ) og Landssambands eldri borgara (LEB), með fjárstuðningi frá félags- og vinnumarkaðsráðuneyti og síðar einnig mennta- og barnamálaráðuneyti. Verkefnið hófst árið 2022.
Í gegnum árin hafa verkefnastjórar myndað gott tengslanet í helstu byggðarkjörnum landsins og veittar hafa verið upplýsingar og aðstoð við frekari innleiðingu heilsueflingar. Megináhersla er lögð á að skipulögð hreyfing og tómstundastarf standi öllu fólki 60 ára og eldra til boða. Árið 2024 var lögð sérstök áhersla á auknu aðgengi og bættri yfirsýn á upplýsingum um hreyfingu og tómstund fyrir eldra fólk. Ekki einungis til að styrkja þjónustuleiðir, heldur einnig til að styrkja samfélagið í heild.
Ný lendingarsíða er komin í gagnið á Ísland.is, Hreyfing í boði, sem sýnir fjölbreytt úrval af hreyfingu og tómstundarstarfi fyrir eldra fólk víðs vegar um landið. Betri yfirsýn á starfsemi og þjónustu sem stendur eldra fólki til boða er samfélagslegur ávinningur okkar allra og komandi framtíðar.
Í Lífshlaupinu 2024 bættist við keppnisflokkurinn Hreystihópar 67+ þar sem miðað er við formlegan eftirlaunaaldur. Allir sem eru 60 ára og eldri geta skráð sig í þennan hóp, þar sem félög eldri borgara eru opin öllum sem náð hafa 60 ára aldri. Mikil ánægja ríkti meðal þjálfara og eldra fólks yfir þessari nýjung og voru 27 hópar staðsettir víðs vegar um landið skráðir til leiks árið 2024.

# Verkefni Almenningsíþróttasviðs ÍSÍ

**Lífshlaupið** er heilsu- og hvatningarverkefni Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands sem höfðar til allra aldurshópa. Forsaga Lífshlaupsins er að árið 2005 skipaði þáverandi menntamálaráðherra, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, starfshóp til þess að fara yfir íþróttamál á Íslandi með það að markmiði að móta íþróttastefnu. Starfshópurinn setti fram hugmyndir um mótun íþróttastefnu Íslands í skýrslunni, Íþróttasvæðum Ísland, aukin þátttaka, breyttur lífsstíll.
Lífshlaupið 2025 stóð yfir daganna 5.-25 febrúar.
[www.lifshlaupid.is](http://www.lifshlaupid.is)

**Hjólað í vinnuna** fer fram árlega í maí. Markmið verkefnisins er að huga að daglegri hreyfingu og vekja í leiðinni athygli á virkum ferðamáta því hjólreiðar eru bæði virkur og umhverfisvænn ferðamáti. Íþrótta- og Ólympíusamband Ísland (ÍSÍ) hvetur landsmenn til þess að hjóla, ganga, hlaupa eða nýta almenningssamgöngur til og frá vinnu í þessar þrjár vikur og ekki síst taka þátt í þessu skemmtilega verkefni sem Hjólað í vinnuna er. Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands (ÍSÍ) og Stúdentaráð Háskóla

Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands (ÍSÍ) og Stúdentaráð Háskóla Íslands (HÍ) standa fyrir sameiginlegu hjólaátaki nemenda. Í átakinu er efnt til keppni milli nemendafélaga HÍ. Fyrirmynd **Hjólum í skólann** er árlegt átak ÍSÍ, Hjólað í vinnuna, sem er haldið í maí ár hvert og er mörgum starfsmönnum HÍ kunnugt. Nú eru það nemendur HÍ sem ætla að keppa sín á milli og er markmiðið að fá öll til að hvíla bílinn og ferðast með umhverfisvænum og heilsusamlegum samgöngumáta til og frá HÍ. Átakið er ætlað að styrkja jákvætt og heilbrigt félagslíf í Háskóla Íslands.

**Október er Göngum í skólann mánuður.** Verkefninu er ætlað að hvetja nemendur, foreldra og starfsmenn skóla til að ganga, hjóla, fara á línuskautum eða á annan virkan hátt til og frá skóla. Í októbermánuði ár hvert eru börn hvött sérstaklega til að nýta sér virkan samgöngumáta, svo sem göngu, til að ferðast til og frá skóla. Vegna aðstæðna hérlendis var ákveðið af undirbúningshóp verkefnisins að hvetja skóla til að byrja verkefnið í september og ljúka því á alþjóðlega göngum í skólann deginum í byrjun október.

**Verkefnið Ísland á iði** er fræðslu- og hvatningarverkefni á landsvísu sem ætlað er almenningi á öllum aldri. Þar má finna hugmyndir að fjölbreyttri hreyfingu, ýmsan fróðleik, myndir, myndbönd og fleira skemmtilegt. Það er svo margt sem við getum gert sjálf og mikilvægt er að huga að líkama og sál, alla daga. Eins og vitað er sýna rannsóknir ótvírætt fram á mikilvægi hreyfingar fyrir líkamlegt og andlegt heilbrigði. Almenningsíþróttasvið ÍSÍ mun í gegnum þetta verkefni vera mikilvægur hlekkur í heilbrigðismálum þjóðarinnar og hvetur landsmenn á öllum aldri til að huga að sinni daglegu hreyfingu af krafti. aldri til að huga að sinni daglegu hreyfingu af krafti.

Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands í samstarfi við Sundsamband Íslands stendur fyrir **landsátaki í sundi** árlega frá 1. - 30. nóvember. **Syndum** er heilsu- og hvatningarátak sem höfðar til allra landsmanna. Sund er fyrir alla óháð aldri, bakgrunni eða líkamlegu ástandi. Sund er tilvalin þjálfunaraðferð þar sem sund styrkir hjarta- og æðakerfið, lungu og vöðva líkamans. Sund er frábær hreyfing bæði til þess að hlúa að heilsunni og sem skemmtileg tómstundaiðja. Markmiðið með Syndum er að hvetja almenning til þess að hreyfa sig oftar og meira í sínu daglega lífi og nota meðal annars sund til þess

**Íþróttavika Evrópu** (European Week of Sport) er haldin 23. – 30. september ár hvert í yfir 30 Evrópulöndum. Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands hefur hlotið styrk frá Evrópusambandinu í gegnum Erasmus+ styrkjakerfið til verkefna sem munu tengjast vikunni. Markmiðið með Íþróttaviku Evrópu er að kynna íþróttir og almenna hreyfingu um alla Evrópu og sporna við auknu hreyfingarleysi meðal almenning

# Fréttapunktar UMFÍ

Mikið var um að vera í starfi UMFÍ árið 2024. Svæðisfulltrúar íþróttahéraðanna tóku til starfa í kjölfar þess að samþykkt var að setja svæðisstöðvarnar á laggirnar ári fyrr. Jafnframt er margt framundan, þar á meðal mótun nýrra íþróttalaga, stefnumótun UMFÍ og margt fleira sem gagnast íþróttafélögum.

**Svæðisfulltrúar**

Sextán svæðisfulltrúar íþróttahéraðanna hófu störf um allt land um mitt ár 2024. Svæðisstöðvarnar eru átta talsins og með tvo starfsmenn á hverjum stað. Hlutverk svæðisfulltrúanna er að þjónusta íþróttahéruð landsins í nærumhverfi hvers þeirra og er horft til þess að sterkari íþróttahéruð geti tekist á við núverandi og fyrirséð verkefni, styrki stefnumótandi vinnu og aðgerðir á landsvísu. UMFÍ fékk styrk í gegnum styrkjaáætlunina Erasmus+ fyrir fræðsluferð með starfsfólki svæðisstöðvanna, framkvæmdastjórum íþróttahéraða og starfsfólki UMFÍ og ÍSÍ til Danmerkur í lok nóvember 2024. Í ferðinni fékk hópurinn dýrmæta fræðslu um íþróttir iðkenda með fötlun.
Gríðarleg tækifæri eru fólgin í starfi svæðisstöðvanna og nú þegar hafa ýmsar aðgerðir og tillögur litið dagsins ljós sem munu nýtast hreyfingunni í heild sinni sem og einstökum héruðum og félögum.

**Stærra UMFÍ**

Íþróttabandalag Reykjanesbæjar (ÍRB) og Íþróttabandalag Suðurnesja (ÍS) fengu aðild að UMFÍ árið 2024. Við það voru öll íþróttabandalög landsins orðin hluti af UMFÍ og nærri því öll íþróttafélög á Íslandi - að Íþróttabandalagi Vestmannaeyja (ÍBV) undanskildu. Stjórn ÍBV sótti skömmu fyrir áramót aðild að UMFÍ. Umsóknina á hins vegar eftir að leggja fyrir aðalfund í Vestmannaeyjum og málið því enn í ferli.

**Ný íþróttalög í bígerð**

Stjórnvöld áforma setningu nýrra íþróttalaga. Í langan tíma hefur þurft að færa lögin til samræmis við nútímakröfur og láta þau endurspegla starfsemina. Breyting á íþróttalögum getur komið miklu til leiðar. Íþróttahreyfingin þarf að láta í sér heyra og taka virkan þátt í gerð þeirra. Ný íþróttalög eru samfélaginu til góða ef þau leiða til þess að allir landsmenn geti átt kost á því að iðka íþróttir við bestu mögulegu skilyrði á sínu svæði. Samtal og samráð þarf að fara fram á öllum stigum hjá ÍSÍ og UMFÍ við uppfærslu laganna og hefur UMFÍ ítrekað komið því á framfæri, nú síðast á sambandsráðsfundi UMFÍ 2024.

**Stefnumótun UMFÍ**

Árið 2021 kom út stefna UMFÍ sem bar yfirskriftina Horft til framtíðar. Samhliða henni kom út starfsáætlun til þriggja ára. Starf stjórnar tekur mið af samþykktri starfsáætlun. Stjórn skipar í nefndir og eru í dag þrettán nefndir að störfum hjá UMFÍ. Hver nefnd er skipuð fulltrúum úr stjórn. Einstaklingar frá sambands aðilum eru jafnframt í hverri nefnd. Fulltrúar UMFÍ sitja í nefndum, vinnuhópum og stjórnum hjá bæði tengdum aðilum og stjórnvöldum. Á sambandsráðsfundi UMFÍ í október 2024 var samþykkt að láta stefnu UMFÍ gilda til sambandsþings UMFÍ 2025.

**Ertu á almannaheillaskrá?**

Það getur borgað sig að skrá íþrótta- og ungmennafélagið sem félag til almannaheilla og á almannaheillaskrá Skattsins. Félög á skránni fá endurgreiddan fjármagnstekjuskatt og getur það munað heilmiklu fyrir félög hvort sem þau eru stór eða lítil. Félög á skránni geta einnig sótt um 100% endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna vinnu á byggingarstað, viðhaldi eða endurbætur á mannvirkjum. Fleiri kostir fylgja skráningunni, þar á meðal réttur á frádrætti frá skattskyldum tekjum vegna gjafa og framlaga einstaklinga upp á allt að 350 þúsund króna stuðning á ári. Frádráttur fyrirtækja getur numið allt að 1,5% af rekstrartekjum.

Skráning á almannaheillaskrá Skattsins eykur líkur á að fólk og fyrirtæki leggi félagi sínu til stuðning ef fyrir liggur að viðkomandi fær endurgjöf í formi skattafrádráttar. Um síðustu áramót fyrir árið 2025 voru 450 félög á almannaheillaskrá Skattsins. Þar af voru aðeins 30 íþrótta- og ungmennafélög og tvö íþróttahéruð. Töluvert fleiri félög hafa skráð sig á listann en ljóst að mörg þeirra eiga eftir að endurnýja umsóknina sína fyrir árið 2025. Mikilvægt er að huga bæði að skráningu og árlegri endurnýjun skráningarinnar enda eftir töluverðu að slægjast.

**Skólabúðir á Reykjum**

UMFÍ tók við rekstri Skólabúðanna á Reykjum í Hrútafirði haustið 2022. Reksturinn er nú orðið að umfangsmesta verkefni UMFÍ með 8 manns í föstu starfi og nokkrum í hlutastarfi. Árlega koma þangað um 3.200–3.600 nemendur í 7. bekk og umsjónarfólk af öllu landinu. Þar dvelja þau frá mánudegi til fimmtudags. Í búðunum fá nemendur tækifæri til þess að efla leiðtogahæfni og sjálfsmynd og þroska styrkleika sína. Sveitarstjórn Húnaþings vestra og UMFÍ hafa saman unnið að umfangsmiklum endurbótum á öllu húsnæðinu.

Húsnæði Skólabúðanna á Reykjum henta afar vel fyrir vinnustofur, fundi og ráðstefnur. Þar er gisting fyrir 120 manns og rými til funda í þremur stórum húsum, íþróttahús, sundlaug og gott útivistarsvæði. UMFÍ hefur staðið fyrir ráðstefnum og fundum í húsnæði Skólabúðanna og leigt aðstöðuna út til félagasamtaka og hvetur aðildarfélög sín til þess að nýta húsnæðið fyrir hópefli eða aðra viðburði á sínum vegum.



## Mótahald og viðburðir

**Landsmót UMFÍ 50+**

Landsmót UMFÍ 50+ var haldið dagana 6. – 9. júní 2024 í Vogum á Vatnsleysuströnd. Þetta var í tólfta sinn sem mótið var haldið og fyrsta skiptið sem það var haldið í Vogum. Mótshaldarar voru Þróttur Vogum og sveitarfélagið Vogar. Þátttakendur voru 308, sem var yfir meðallagi undangenginna ára. Auk fjölda keppnisgreina buðu bæjarbúar upp á heilmikla dagskrá, heimatónleika, götubitafjör og matar- og skemmtikvöld.

Næsta Landsmót UMFÍ 50+ verður haldið á Siglufirði og Ólafsfirði dagana 27. – 29. júní 2025 í samstarfi við Ungmenna- og Íþróttasamband Fjallabyggðar og sveitarfélagið Fjallabyggð.

**Unglingalandsmót UMFÍ**

Unglingalandsmót UMFÍ var haldið í Borgarnesi um verslunarmannahelgina 2024. Mótshaldarar ásamt UMFÍ voru Ungmennasamband Borgarfjarðar (UMSB) og sveitarfélagið Borgarbyggð. Um 1.000 þátttakendur á aldrinum 11 – 18 ára voru skráðir á mótið. Boðið var upp á 18 íþróttagreinar og fjölda opinna viðburða fyrir þátttakendur og mótsgesti. Ungmennasamband Dalamanna og Norður-Breiðfirðinga (UDN) hlaut Fyrirmyndarbikar Unglingalandsmóts UMFÍ.
Næsta Unglingalandsmót UMFÍ verður haldið á Egilsstöðum um verslunarmannahelgina 2025 í samstarfi við Ungmenna- og Íþróttasamband Austurlands (UÍA) og sveitarfélagið Múlaþing.

**Drulluhlaup Krónunnar**

Drulluhlaupið er samstarfsverkefni UMFÍ og Krónunnar. Það var haldið í þriðja sinn í Mosfellsbæ 17. ágúst. Þátttakendum hefur fjölgað jafnt og þétt og voru þeir 1.004 talsins árið 2024. Það er næstum þreföldun frá fyrsta hlaupinu.

**Forsetahlaup UMFÍ**

Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, spretti úr spori í Forsetahlaupi UMFÍ sem fram fór á Álftanesi. Hlaupið hefur farið fram í september. Nú fór það fram 9. maí. Það skýrist af forsetakosningum sem voru um mánaðamótin og bauð Guðni sig ekki fram. Forsetaframbjóðendum var boðið í hlaupið og þáðu það nokkrir. Alls tóku 240 manns þátt í Forsetahlaupi UMFÍ.

## Fræðsla og forvarnir

Niðurstöður Ánægjuvogarinnar sýna mikilvægi þess að halda börnum í skipulögðu íþróttastarfi, hampa fyrirmyndum og gæta þess að íþróttir séu fyrir alla. Niðurstöðurnar sýna að börn og ungmenni sem stunda íþróttir í skipulögðu starfi líður almennt betur en öðrum börnum. Þau eru líka ólíklegri til að nota vímuefni, nikótín og orkudrykki. Í niðurstöðunum kom fram að börn af erlendum uppruna og nemendur sem skilgreina sig kynsegin stunda mun síður íþróttir en önnur börn.

**Ungt fólk og lýðheilsa**

Um 100 ungmenni á aldrinum 15 – 25 ára af öllu landinu tók þátt í ráðstefnu ungmennaráðs UMFÍ; Ungt fólk og lýðheilsa, sem fram fór í húsnæði Skólabúðanna á Reykjum í Hrútafirði dagana 20. – 22. september 2024. Umfjöllunarefni ráðstefnunnar voru þrír meginþættir lýðheilsu; líkamleg- andleg- og félagsleg heilsa. Markmið ráðstefnunnar er að skapa vettvang fyrir ungt fólk til þess að koma saman og koma með tillögur að bættri lýðheilsu í samfélaginu. Þátttakendur sem hafa áður komið á ráðstefnuna sögðu áhrif hennar afar góða. Ungmennaráð UMFÍ stóð að öllum undirbúningi og framkvæmd ráðstefnunnar.

Ungmennaráðstefnan í gegnum tíðina og vinna ungmennaráðs UMFÍ hefur vakið eftirtekt en á uppskeruhátíð evrópskra samstarfsverkefna hlaut Ungmennaráð UMFÍ gæðaviðurkenningu fyrir ráðstefnuna og þykir hún ein af fyrirmyndarverkefnum Erasmus+. Uppskeruhátíðin var haldin í tilefni af 30 ára afmæli EES-samstarfsins og skipulögð af Rannís, Utanríkisráðuneytinu, Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytinu og sendinefnd ESB á Íslandi.

Ungmennaráðstefnan Ungt fólk og lýðheilsa er haldin um svipað leyti á hverju ári. Ráðstefnan 2025 verður haldin í september.

## Miðlun og samskipti

**Starfsskýrsluskil**

Fyrstu skil í nýtt starfsskýrslukerfi sambandsaðila og aðildarfélaga UMFÍ og ÍSÍ fóru fram vorið 2023. Tenging er við upplýsingar úr Sportabler, sem yfir 90% af íþróttahreyfingunni notar. Það er á ábyrgð hvers félags að yfirfara eigin upplýsingar og staðfesta þær við skil þeirra í kerfin. Skilafrestur er til 15. apríl ár hvert. Þrátt fyrir það trassa nokkur félög skilin þegar lokadagurinn rennur upp. Um 30 félög skiluðu ekki inn skýrslum á árinu 2024 og UMFÍ hvetur íþróttahéruð til þess að bregðast við sé skýrslum ekki skilað hjá aðildarfélögum sínum.



**Útgáfa og kynningamál**
Þrjú tölublöð af Skinfaxa komu út árið 2024, Göngubók og tvö mótablöð í tengslum við Landsmót UMFÍ 50+ og Unglingalandsmót UMFÍ. Auk þess gefur UMFÍ líka út reglulega fréttabréf með upplýsingum úr hreyfingunni og gagnlegum upplýsingum fyrir sambandsaðila. UMFÍ sinnir jafnframt lýðræðislegu hlutverki og sendir nefndum Alþingis umsagnir um tugi mála á hverju ári. Skinfaxi virkar afar vel til upplýsingamiðlunar innan íþrótta- og ungmennafélagshreyfingarinnar. Ef sambandsaðilar UMFÍ vilja koma einhverju á framfæri sem erindi á við hreyfinguna er upplag að senda tölvupóst á umfi@umfi.is eða hringja í síma þjónustumiðstöðvarinnar, sem er 568 2929.

**Sambandsráðsfundur UMFÍ**
Sambandsráðsfundur UMFÍ fór fram að Varmalandi í Borgarfirði í október 2024. Sambandsráðsfundur er æðsta vald í málefnum UMFÍ á milli sambandsþinga og haldinn annað hvert ár. Fundinn sitja formenn sambandsaðila UMFÍ eða varamenn.

Á fundinum voru afhent þrenn Hvatningarverðlaun UMFÍ. Þau hlutu Héraðssamband Vestfjarða fyrir karlahreysti á Ísafirði, Ungmennafélag Grindavíkur og Héraðssamband Strandamanna fyrir verkefni Skíðafélags Strandamanna.



**Samstarf**
UMFÍ leggur áherslu á samvinnu og tekur í samræmi við það þátt í fjölmörgum verkefnum og viðburðum með öðrum samtökum. Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands (ÍSÍ) og UMFÍ vinna náið saman að fjölmörgum verkefnum. Stærsta sameiginlega verkefnið eru svæðisstöðvar íþróttahéraðanna auk skilakerfis íþróttahreyfingarinnar og ýmsum viðburðum eins og ráðstefnan Konur og íþróttir, sem haldin var í tilefni af Alþjóðlegum baráttudegi kvenna 8. mars 2024. Í framhaldi af ráðstefnunni var haldinn kvennahittingu í tilefni af kvenréttindadeginum 20. júní. Þá má ekki gleyma viðburðum á Degi sjálfboðaliðans 5. desember ár hvert, sálfélagslegri þjálfun sem byggir á aðferðafræði 5C, verkefninu Vertu með, sem hefur það að markmiði að auka þátttöku barna og ungmenna af erlendum uppruna í skipulögðu íþróttastarfi.

UMFÍ vinnur líka með ÍSÍ að ýmsum öðrum verkefni, svo sem í slagtogi við Íþróttasamband fatlaðra að verkefninu Allir með, ráðstefnu á Reykjavíkurleikunum með Íþróttabandalagi Reykjavíkur, Forvarnardeginum, sem haldinn er í grunn- og framhaldsskólum landsins einu sinni á ári með Embætti landlæknis, forsetaembættinu og fleirum og svo má lengi telja. Á meðal annarra verkefna má nefna Æskulýðsvettvanginn, sem UMFÍ starfrækir með Bandalagi íslenskra skáta, KFUM og KFUK á Íslandi og Slysavarnafélaginu Landsbjörg. Undir merkjum Æskulýðsvettvangsins og í samstarfi við m.a. samskiptaráðgjafa í íþrótta- og æskulýðsstarfi hefur verið unnin samræmd viðbragðsáætlun fyrir íþrótta- og æskulýðsfélög, siðareglur og ýmislegt fleira. Einar Daðason, mennta- og barnamálaráðherra, Lárus Blöndal, forseti ÍSÍ, og Jóhann Steinar Ingimundarson, formaður UMFÍ, skrifuðu undir samning um starfsstöðvarnar um miðjan desember 2023. Ráðuneytið veitir 400 milljónir króna til verkefnisins á næstu tveimur árum. Þar af setja ÍSÍ og UMFÍ 130 milljónir króna af árlegu framlagi ráðuneytisins til svæðisskrifstofa og 70 milljónir króna í Hvatasjóð. Á hverri skrifstofu verða tvö stöðugildi, annað fjármagnað af ráðuneytinu og hitt af íþróttahreyfingunni.

## Rekstur

**Lottó**
UMFÍ greiddi sambandsaðilum samtals rúmar 293 milljónir króna árið 2024. Það er sambærileg upphæð og árið á undan. Inni í heildartölunni er 44 milljóna króna viðbótarframlag frá Íslenskri getspá vegna góðrar afkomu á árinu. Til viðbótar greiddi UMFÍ tæpar 30 milljónir króna til reksturs svæðisstöðvanna átta. UMFÍ og ÍSÍ greiða helming rekstrarfjár svæðisstöðvanna til móts við framlag frá stjórnvöldum. Samþykkt var að breyta reglugerð um lottó á sambandsþingi UMFÍ á Geysi í Haukadal í október árið 2023. Breytingin tók gildi í júlí 2024.

**Fræðslu- og verkefnasjóður**
Sambandsaðilar UMFÍ og fleiri geta sótt um í nokkrum sjóðum. Stærstur þeirra er Fræðslu- og verkefnasjóður sem styður við fræðsluverkefni hreyfingarinnar. Árið 2024 hlutu 177 verkefni innan íþrótta- og ungmennafélagshreyfingarinnar styrki upp á rétt rúmar 39,2 milljónir króna. Til samanburðar voru 144 verkefni styrkt árið 2023 upp á rúmar 20 milljónir.

**Lýðháskólastyrkir**
UMFÍ styrkir ungmenni sem hyggja á nám í lýðháskóla í Danmörku. Fyrir skólamisserin haust 2023 og vor 2024 voru veittir styrkir upp á rúmar 5,3 milljónir króna. Þetta er töluvert meira en ári fyrr þegar styrkirnir námu tæpum 3,2 milljónum króna.

**Umhverfissjóður UMFÍ**
UMFÍ veitir jafnframt styrki úr Umhverfissjóði. Árið 2024 voru styrkir veittir til sex verkefna upp á um 3,4 milljónir króna. Til samanburðar hlutu fimm héraðssambönd rúmar 1,8 milljónir króna árið 2023.













Keppandi frá UMSS á ULM 2024

# Lottóreglugerð UMSS

**I. Skipting lottótekna UMSS:**
1. 70% til sambandsaðila.
2. 25% til UMSS.
3. 5% til Afreksmannasjóðs UMSS, úthlutun samkvæmt reglugerð sjóðsins.

**II. Skipting lottótekna sambandsaðila UMSS:**
1. 20% er skipt jafnt samkvæmt sérstakri reglu.
2. 40% er skipt eftir iðkenda fjölda samkvæmt sérstakri reglu.
3. 40% er skipt eftir félagsmannafjölda samkvæmt sérstakri reglu.

**III. Regla vegna jafnrar skiptingar milli sambandsaðila:**
Skilyrði fyrir úthlutun hvers ár úr jafna hlutanum er að fulltrúi aðildarfélags hafi mætt á síðastliðið sambandsþing. Hlutur þeirra sem mæta ekki deilist á þau aðildarfélög sem mættu á síðastliðið sambandsþing. Að þeim skilyrðum uppfylltum er skipting úthlutunar miðuð við íþróttastarfssemi þar sem hver deild í aðildarfélagi telur eins og eitt aðildarfélag án deildarskiptingar. Listi yfir þau aðildarfélög sem falla undir þennan lið skal samþykkja á hverju sambandsþingi.

**IV. Regla vegna iðkendafjölda:**
Félög og deildir skulu skrá iðkendur rafrænt í umsjónarkerfið Sportabler. Iðkendatölur skulu notaðar til að ákvarða skiptingu samkvæmt iðkendafjölda.

| Lottó 2024 | | | |
|---|---|---|---|
| UMSS | 3.388.632 kr | | 3.388.632 kr |
| UMSS afrekssjóður | 677.726 kr | | 677.726 kr |
| Félagsgjöld | | 2.115.600 kr | 2.115.600 kr |
| | | Samtals | 6.181.958 kr |
| Bílaklúbbur Skagafjarðar | 294.503 kr | 54.000 kr | 240.503 kr |
| Golfklúbbur Skagafjarðar | 799.831 kr | 109.200 kr | 690.631 kr |
| Hestamannafélagið Skagfirðingur | 2.028.261 kr | 297.600 kr | 1.730.661 kr |
| Íþróttafélagið Gróska | 40.593 kr | 24.000 kr | 16.593 kr |
| Siglingaklúbburinn Drangey | 269.576 kr | 79.200 kr | 190.376 kr |
| Ungmenna- og íþróttafélagið Smári | 1.321.573 kr | 280.200 kr | 1.041.373 kr |
| Ungmennafélagið Hjalti | 301.491 kr | 126.600 kr | 174.891 kr |
| Ungmennafélagið Neisti | 400.943 kr | 189.000 kr | 211.943 kr |
| Ungmennafélagið Tindastóll | 3.843.254 kr | 910.200 kr | 2.933.054 kr |
| Vélhjólaklúbbur Skagafjarðar | 188.143 kr | 45.600 kr | 142.543 kr |
| | 9.488.168 kr | 2.115.600 kr | 7.372.568 kr |
| | | Heildar lottó 2024 | 13.554.526 kr |
| | | ógreitt vegna 2024 | 2.142.118 kr |

**V. Regla vegna félagsmannafjölda:**
Félagsmannafjöldi til grundvallar lottóúthlutun er reiknaður út einu sinni á ári og skal miðast við félagskrá sambandsaðila 31. desember ár hvert eins og fram kemur í Sportabler, skilakerfi ÍSÍ og UMFÍ.

**VI. Aðrar forsendur fyrir úthlutun sambandsaðila:**
Starfi sambandsaðili ekki samkvæmt lögum UMSS kemur hann ekki til greina við úthlutun. Stjórn UMSS skal taka tillit til hvort haldinn hafi verið aðalfundur og hvort starfsskýrslu og ársskýrslu hafi verið skilað til UMSS. Starfsskýrslu og ársskýrslu skal skilað eigi síðar en í lok febrúar ár hvert. Uppfylli sambandsaðili ekki þessi skilyrði skal UMSS frysta greiðslur til viðkomandi. Greiðsla sem hefur verið fryst í tvö ár rennur í rekstrarsjóð UMSS og er óafturkræf. Forsendur í lottóúthlutun skal miða við 31. desember ár hvert, þ.e. iðkendatölu eins og hún er skráð fyrir undangengið ár í Sportabler og félagatal eins og það liggur fyrir á sama tíma.

**VII. Nýir sambandsaðilar.**
Ný aðildarfélög UMSS fá fyrst úthlutað lottófé skv. reglugerð þessari eftir að öllum ofangreindum skilyrðum hefur verið fullnægt og eftir samþykki á næsta sambandsþingi eftir inngöngu.

**VIII. Um úthlutun.**
Úthluta skal öllum lottótekjum sem berast UMSS ársfjórðungslega. Greiðsla skal berast aðildarfélögum og deildum fyrir lok apríl, júlí, október og janúar fyrir næsta ársfjórðung á undan. Með hverri greiðslu skal fylgja skilagrein sem sýni forsendur fyrir úthlutun.

**Samþykkt á 104. Ársþingi UMSS 27. apríl 2024**

# Íslenskar getraunir

Ísleskar getraunir er fyrirtæki sem er í eigu íþróttahreyfingarinnar og er meginmarkmiðfyrirtækisins að afla fjár sem rennur til starfsemi íþróttafélaganna um allt land. Á undanförnum árum hefur tekist vel til og hundruðir milljóna runnið til hreyfingarinnar frá Íslenskum getraunum.
Því miður er það svo að samkeppni frá erlendum ólöglegum veðmálasíðum hefur aukist verulega á undanförnum árum. Þessi ólöglega samkeppni gerir það að verkum að minna fé rennur til hreyfingarinnar en ella hefði orðið. Samkeppnin er ekki bara ólögleg, hún er líka skaðleg. Erlendu ólöglegu fyrirtækin bjóða uppá bónusa, þar er engin hámarksupphæð, boðið er uppá neikvæð veðmál eins og gul og rauð spjöld, þau markaðssetja vöru sína grimmt fyrir ungu fólki og bjóða upp á leiki í yngri flokkum. Spilarar eru hvattir til að spila meira með því að bjóða þeim í VIP herbergi og VIP þjónustu o.s.frv.. Ekkert af þessu er í boði hjá Íslenskum getraunum. Það er ákvörðun stjórnar Getrauna sem leggur áherslu á ábyrga spilun. Staðreyndin er líka sú að samkvæmt niðurstöðum úr rannsóknum hér á landi eru bein marktæk tengsl við spilavanda og spilafíkn og spilunnar á erlendum ólöglegum veðmálasíðum. Slíkt tengsl eru ekki til staðar við leiki Íslenskra getrauna.
Ísland er eina ríkið í Evrópu þar sem ekki er nein stjórn á veðmálamarkaði. Því þarf að breyta með hag íþróttahreyfingarinnar að leiðarljósi.

Pétur Hrafn Sigurðsson
Upplýsingafulltrúi Íslenskra getrauna




**Húspottur**
Algengasta aðferðin er að búa til svokallaðan húspott og tippa á eitt húskerfi. Aðferðin felst í því að haft er samband við félagsfólk og það spurt hvort það vilji vera með í húspotti og leggja t.d. 1.000 krónur á viku í pottinn og taka þátt í 6-10 vikur. Upphæðin má vera að eigin vali, lægri eða hærri eftir vali hvers og eins og er tekin af kreditkorti viðkomandi. Eftir að húspotturinn er tilbúinn er tippað fyrir alla upphæðina á einn getraunaseðil. Líkurnar á vinningi eru hærri þar sem hægt er að tvítryggja og þrítryggja fleiri leiki með hærri upphæð. Enn fremur er hægt að velja áhugaverð getraunakerfi sem geta gefið góða vinninga.
**Einfalt**
Í félagakerfinu sem Getraunir láta íþróttafélögunum í té endurgjaldslaust, er einfalt að halda utanum innborganir félagsfólks. Í kerfinu er tippað á getraunaseðilinn og þegar úrslit eru ljós og vinningur kemur á seðilinn sér kerfið um að borga hverjum og einum sem þátt tók í húspottinum sinn vinning í réttu hlutfalli við þá upphæð sem hann lagði fram. Að stofna húspott er einföld og skemmtileg fjáröflun fyrir íþróttafélögin sem tengir saman félagsfólk og getur haft óvænta vinninga í för með sér fyrir þá sem taka þátt. Starfsfólk Getrauna veitir allar upplýsingar og aðstoðar íþróttafélögin sé eftir því leitað í síma 580- 2500 eða í netfang phs@getspa.is.
Það er gaman að sjá að flest öll félög eru farin að ýta undir sína félagsmenn að merkja við sitt félag.

## Styður þú þitt félag!

**•550 KND Tindastóll**
**Áheit 352.417 kr. 2024**
(1.137.838 kr. 2023 og 389.684 kr.2022)

**•551 Ungmennafélagið Hjalti**
**Áheit 25.129 kr. 2024**
(23.881 kr. 2023 og 4.225 kr. 2022)

**•554 Golfklúbbur Skagafjarðar**
**Áheit 35.568 kr. 2024**
(74.932 kr. 2023 og 57.363 kr. 2022)

**•560 Ungmenna- og Íþróttafélagið Smári**
**Áheit 47.840 kr. 2024**
(47.047 kr. 2023 og 49.880 kr. 2022)

**•566 Ungmennafélagið Neisti**
**Áheiti 101.010 kr.**
(63.245 kr. 2023 og 58.825 kr. 2022)




WWW.GETRAUNIR.IS

Íslensk Getspá

# Styrkir frá Íþróttasjóði,  Ferðasjóði ÍSÍ og UMFÍ

**Íþróttasjóður 2025**

| | | |
|---|---|---|
| Ungmennasamband Skagafjarðar | Inngilding íþrótta- og æskulýsstarfs í Skagafirðir | 200.000 kr |
| | | **200.000 kr** |

**Ferðasjóður ÍSÍ**

| | |
|---|---|
| Úthlutað til aðildarfélaga og deilda vegna ferða 2024 | **6.042.866 kr.** |

**UMFÍ maí 2024**

| | | |
|---|---|---|
| Ungmennasamband Skagafjarðar | Fræðsludagur UMSS | 350.000 kr |
| Unglingaráð körfuknattleiksdeildar Tindastóls | Körfukrakkar á ULM 2024 | 440.000 kr |
| Bogfimideild Tindastóls | Þjálfaramentun | 100.000 kr |
| | | **890.000 kr** |

**UMFÍ desember 2024**

| | | |
|---|---|---|
| Ungmennasamband Skagafjarðar | Inngilding íþrótta- og æskulýðsstarfs í Skagafirði | 400.000 kr |
| | | **400.000 kr** |

# Styrkir til barna og unglingastarfs aðildarfélaga UMSS  árið 2024

| | |
|---|---|
| Hestamannafélagið Skagfirðingur | 1.062.000 kr |
| Íþrótta- og ungmennafélagið Smári | 642.000 kr |
| Ungmennafélagið Neisti | 708.000 kr |
| Ungmennafélagið Hjalti | 108.000 kr |
| Siglingaklúbburinn Drangey | 72.000 kr |
| Tindastóll | |
| Badmintondeild | 234.000 kr |
| Bogfimideild | 72.000 kr |
| Frjálsíþróttadeild | 1.146.000 kr |
| Júdódeild | 240.000 kr |
| Unglingaráð knattspyrnudeildar | 1.920.000 kr |
| Unglingaráð körfuknattleiksdeildar | 1.902.000 kr |
| Skíðadeild | 150.000 kr |
| Sunddeild | 378.000 kr |
| Vélhjólaklúbbur Skagafjarðar | 0 kr |
| Ungmennasamband Skagafjarðar | 1.800.000 kr |
| **Samtals** | **10.434.000 kr** |



Leikjanámskeið Ungmenna- og Íþróttafélagið Smári

# Lög Ungmennasambands Skagafjarðar

## *I. kafli Um Sambandið*

**1. grein**
Sambandið heitir Ungmennasamband Skagafjarðar, skammstafað UMSS. Félagssvæði sambandsins er Skagafjarðarhérað. UMSS lýtur lögum Ungmennasambands Íslands (UMFÍ) og Íþrótta- og Ólympíusambandi Íslands (ÍSÍ).

**2. grein**
Lögheimili og varnarþing UMSS er hið sama og lögheimili formanns hverju sinni.

**3. grein**
Markmið sambandsins er:
- Að stuðla að auknu samstarfi sambandsfélaganna um íþróttamál í samræmi við gildandi íþróttalög ÍSÍ.
- Að vinna að öðrum sameiginlegum hagsmuna- og áhugamálum félaganna og vera málsvari þeirra út á við.
- Að vinna að hverskonar menningar og framfaramálum og starfa í samræmi við stefnuskrá og lög Ungmennafélags Íslands (UMFÍ).

## *II. kafli Um Aðildarfélög*

**4. grein**
Rétt til aðildar að UMSS eiga þau ungmenna- og íþróttafélög sem starfa eða munu starfa á sambandssvæði UMSS, enda séu lög þeirra í samræmi við lög og stefnuskrá UMSS, UMFÍ og ÍSÍ.

Umsóknir um inngöngu í sambandið skulu berast stjórn UMSS ásamt skýrslum um stofndag og ár, lögum félagsins, félagaskrá og upplýsingum um stjórn þess. Stjórn UMSS sannreynir að starfsemi og lög viðkomandi félags samræmist að lögum og stefnum UMFÍ og ÍSÍ. Inntaka nýs félags verður að hljóta samþykki ársþings, en þó getur stjórn veitt bráðabirgðaaðild til næsta ársþings.

**5.grein**
Úrsögn aðildarfélaga úr UMSS getur aðeins farið fram á ársþingi og er einungis gild ef félagið er skuldlaust við sambandið. Þeim félögum sem eigi hafa tvö ár samfellt gert skil á árgjöldum eða ársskýrslu má víkja úr sambandinu, enn fremur þeim sem að öðru leiti gerast brotleg gagnvart lögum þess. Eigi getur félag, sem gengur úr sambandinu, krafist endurgjalds á fé, sem það hefur lagt til sambandsins, eða nokkurs hluta af eignum þess. Brottrekstur félags skal staðfestur á ársþingi.

**6.grein**
Aðildarfélögum UMSS er skylt að halda aðalfund árlega og ber að tilkynna þá með tveggja vikna fyrirvara til UMSS. Hvert félag skal gera skýrslu eftir hvert starfsár um hag sinn og starfsemi eftir fyrirmælum UMFÍ og ÍSÍ. Félagatal, ársreikningur og stjórnarskipan skal fært inn í félagakerfi ÍSÍ og UMFÍ, innan þess frests sem ÍSÍ ákveður.

Starfsskýrslum aðildarfélaga og nefnda skal skila til skrifstofu UMSS eigi síðar en viku fyrir boðað ársþing UMSS.

**7. grein**
Standi félög ekki við ákvæði 6.gr. þessara laga skal stjórn UMSS halda eftir lottótekjum fyrir viðkomandi ár og er heimilt að svipta félagið fulltrúarétti á ársþingi, þar til skil hafa verið gerð. Þá hefur ÍSÍ eða sérsambönd innan ÍSÍ heimild til þess að meina viðkomandi félagi þátttöku í mótum og viðburðum innan ÍSÍ þar til félagið hefur staðið í skilum samkvæmt lögum og reglugerðum ÍSÍ. Félög sem hafa annað rekstrarár en frá 1. janúar til 31. desember og þurfa þar af leiðandi að skila skýrslu síðar en tilgreindur frestur rennur út, skulu sækja sérstaklega um undanþágu til ÍSÍ og einnig senda erindi þess efnis til stjórn UMSS.
Reglur um félagaskipti fari eftir móta- og keppnisreglum ÍSÍ og lögum sérsambandanna.

## *III. kafli Um Ársþing*

**8.grein**
Ársþing UMSS skal haldið þar á sambandssvæðinu sem síðasta ársþing eða stjórn UMSS ákveður. Ársþing skal halda eigi seinna en í marsmánuði ár hvert, til þess skal boðað skriflega með mánaðar fyrirvara. Ársþing er löglegt sé löglega til þess boðað. Síðara þingfundarboð, með dagskrá og upplýsingum um tillögur og mál sem leggja á fyrir þingið skuli sendar aðildarfélögum, sérráðum og öðrum sem rétt eiga til þingsetu með minnst viku fyrirvara. Tillögur um lagabreytingar frá aðildarfélögum skal senda stjórn UMSS eigi síðar en tveim vikum fyrir ársþing og skulu þær kynntar aðildarfélögum með síðara þingfundaboði.

Stjórn UMSS boðar til aukaþings ef þörf krefur eða um það koma áskoranir frá 1/2 aðildarfélaga. Enn fremur ef um það koma tilmæli frá stjórnum landsambandanna, UMFÍ eða ÍSÍ.
Ákvæði um boðun aukaþings og framkvæmd eru hin sömu og reglulegs ársþings. Óheimilt er að breyta lögum og kjósa nýja stjórn (nema til bráðabirgða) á milli ársþinga nema kallað sé til aukaþings.

**9.grein**
Ársþing er æðsta stofnun UMSS. Þar skal stjórn UMSS leggja fram skriflega skýrslu um liðið starfsár svo og endurskoðaðan ársreikning fyrir sama ár. Þingið kýs stjórn, skoðunarmenn reikninga samkvæmt 10. og 11. grein þessara laga svo og kjörnefnd og aðrar starfsnefndir sem við á hverju sinni.

**10.grein**
Dagskrá ársþings skal vera þessi
1. Þingið sett
2. Kosning starfsmanna þingsins
   1. Þingforseti og varaforseti
   2. Þingritari og vararitari
3. Kosning kjörbréfanefndar
4. Skýrsla stjórnar
5. Reikningar sambandsins og sjóða
6. Kjörbréfanefnd skilar áliti
7. Atkvæðagreiðsla um reikninga
8. Ávörp gesta
9. Mál lögð fyrir þingið sem kynnt hafa verið í fundarboði
10. Tillögur lagðar fram af þingfulltrúum
11. Skipan í starfsnefndir
    1. Allsherjarnefnd
    2. Fjárhagsnefnd
    3. Íþróttanefnd
    4. Aðrar nefndir
12. Nefndarstörf
13. Þingnefndir skili áliti og tillögur þeirra, sem falla undir síðari dagskrárliði teknar til umræðu og afgreiðslu
14. Fjárhagsáætlun lögð fram til samþykktar
15. Kosningar (kosningar skulu vera skriflegar, nema því aðeins að stungið sé upp á jafn mörgum og kjósa skal)
    1. Kosning formanns
    2. Kosning fjögra einstaklinga í stjórn
    3. Kosning þriggja einstaklinga í varastjórn
    4. Kosnir tveir skoðunarmenn reikninga og einn til vara
    5. Kosið í nefndir og ráð sambandsins eftir því sem þing ákveður hverju sinni
16. Önnur mál
17. Þingslit

**11.grein**
Ársþing skal ákveða árgjöld aðildarfélaganna til UMSS fyrir næsta starfsár. Hvert félag greiðir félagsgjöld til sambandsins fyrir hvern reglulegan félaga sem orðinn er 18 ára. Upphæð félagsgjalda yfirstandandi árs skal greiðast fyrir 31. desember sama ár. Reikningsár UMSS er almanaksárið.

**12.grein**
Einfaldur meirihluti ræður úrslitum á þingum sambandsins. Til breytinga á lögum þarf þó 2/3 atkvæða. Atkvæðagreiðsla fari fram skriflega sé þess óskað.

**13.grein**
Formenn aðildarfélaga eru sjálfkjörnir sem fulltrúar á ársþing og varamenn í forföllum þeirra.
Fulltrúafjöldi hvers aðildarfélags ákvarðast að öðru leiti af fjölda félagsmanna. Tala félagsmanna skal miðuð við tölu gjaldskyldra félaga (18 ára og eldri) við síðustu áramót.

- 2 fulltrúar auk formanns fyrir 0-100 félagsmenn.
- 3 fulltrúar auk formanns fyrir 101-150 félagsmenn.
- 4 fulltrúar auk formanns fyrir 151-200 félagsmenn.

Síðan bætist við einn fulltrúi fyrir hverja byrjaða 100 félagsmenn að 1000 félögum, en einn fulltrúa á hverja byrjaða 200 félaga þar fyrir ofan.
Atkvæðisrétt á þingum sambandsins hafa einungis kjörnir fulltrúar aðildarfélaganna og stjórn UMSS. Sérhver ungmennafélagi hefur málfrelsi og tillögurétt hvar sem er á fundum ungmennafélaganna. Auk þess eiga seturétt á þinginu með málfrelsi og tillögurétt, fulltrúar í sérráðum UMSS, aðrir sem kjörnir eru í trúnaðarstöður hjá sambandinu og þeir aðrir sem stjórn UMSS býður til þings.

### *IV. kafli Um Stjórn*

**14.grein**
Stjórn UMSS skipa fimm einstaklingar: Formaður, varaformaður, ritari, gjaldkeri og meðstjórnandi. Formaður skal kosinn til eins árs. Stjórnarmenn aðrir en formaður skulu kosnir til tveggja ára og skipta með sér verkum í stjórn. Þá skulu kosnir þrír einstaklingar í varastjórn til eins árs í senn. Gefi stjórnarmaður sem sitja skal áfram kost á sér til formannskjörs er heimilt að kjósa hann og þá annan í hans embætti það sem eftir er kjörtímabilsins. Enn fremur skulu árlega kjörnir tveir skoðunarmenn reikninga. Kjósa skal fulltrúa á þing ÍSÍ það ár sem þing ÍSÍ er haldið, samkvæmt 12. grein laga ÍSÍ.

**15.grein**
Stjórn UMSS fer með málefni sambandsins milli þinga, eftir þeim reglum og innan þeirra takmarka sem lög og samþykktir setja. Hún veitir móttöku öllu því fé sem sambandinu áskotnast, ávaxtar sjóði þess og fer með þá samkvæmt fjárhagsáætlun samþykktri á ársþingi.

**16.grein**
Stjórn UMSS skal halda fundi svo oft sem þurfa þykir. Þannig skal boða alla stjórn og varastjórn. Varastjórn hefur aðeins málfrelsi og tillögurétt á þessum fundum nema um forföll sé að ræða í aðalstjórn.

### *V. kafli Sérráð*

**17. grein**
Innan UMSS geta starfað sérráð. Ársþing skilgreinir sérráð, ákveður hvaða ráð skulu starfa milli þinga, segir fyrir um skipan þeirra og setur þeim almennar reglur. Þó skal stjórn einnig heimilt að skipa sérráð ef ástæða er til. Stjórn sérráða skal skila ársskýrslu og reikningum til stjórnar UMSS fyrir lok janúar ár hvert. Sérráðum er ekki heimil lántaka fjármuna nema með samþykki stjórnar UMSS. Að öðru leyti starfar sérráð samkvæmt 8. kafla Sérráða 50. - 52. greinar laga ÍSÍ.

**18.grein**
Sérráð skulu almennt skipuð formönnum aðildarfélaga eða deilda innan aðildarfélaga sem sinna viðkomandi grein, eða fulltrúum þeirra. Sérráðin skipta sjálf með sér verkum og tilnefna formann. Stjórn UMSS staðfestir skipan formanna sérráða.

**19.grein**
Sérráð skulu annast skipulag mótahalds og viðburða í hlutaðeigandi íþróttagreinum. Sérráð gerir tillögur að reglum um mótahald og aðra starfsemi og staðfestir stjórn UMSS þær. Að fengnum upplýsingum frá sérráðum skal stjórn UMSS semja sameiginlega mótaskrá sem nær til allrar starfsemi á vegum UMSS og annast birtingu hennar á almennum vettvangi. Sérráð skulu sjá til þess að mótshaldarar á vegum þeirra komi upplýsingum um mót og úrslit til stjórnar UMSS svo fljótt sem verða má.

### *VI. kafli Önnur Ákvæði*

**20.grein**
Komi fram tillaga á löglega boðuðu ársþingi UMSS um sambandsslit skal hún þegar tekin til umræðu og atkvæði um hana greidd. Því aðeins 4/5 atkvæðisbærra fulltrúa á þingi samþykki tillöguna skoðast hún samþykkt, þá skal þingi slitið tafarlaust. Fráfarandi stjórn situr áfram í fullu umboði og skal hún boða til aukaþings innan tveggja mánaða. Þá skal tillagan borin upp að nýju. Sé hún samþykkt með 4/5 greiddra atkvæða fulltrúa á þinginu, skulu það heita lögleg sambandsslit. Verði tillagan aftur á móti felld skulu þingstörf halda áfram þar sem frá var horfið á fyrra þingi.

**21.grein**
Komi til sambandsslita samkvæmt 21. grein eða ef starfsemi UMSS fellur niður skulu sjóðir þess og aðrar eignir vera í vörslu UMFÍ þar til stofnað hefur verið annað samband aðildarfélaga UMFÍ í Skagafjarðarhéraði.

**22.grein**
Lög þessi öðlast þegar gildi og með þeim úr gildi fallin öll eldri lög Ungmennasambands Skagafjarðar.

*Lög þessi samþykkt á ársþingi 1989. Breytt 1990, 1991, 1994, 1995, 1999, 2000, 2002, 2011, 2018, 2022 og 2023*

# Reglugerð um val á íþróttamanni, liði og þjálfara ársins í Skagafirði

**1.gr.** Val á íþróttamanni, liði og þjálfara ársins í Skagafirði er samstarfsverkefni UMSS og Sveitafélagsins Skagafjarðar.

**2.gr.** Rétt til að tilnefna íþróttamann, lið og þjálfara ársins í Skagafirði hafa öll aðildarfélög og deildir UMSS sem eru aðilar að UMSS. Fjöldi tilnefninga í hverjum flokki frá hverju aðildarfélagi eða deild geta að hámarki verið sem hér segir:

- Bílaklúbbur Skagafjarðar 1 tilnefning
- Golfklúbbur Sauðárkróks 1 tilnefning
- Hestamannafélagið Skagfirðingur 1 tilnefning
- Íþróttafélagið Gróska 1 tilnefning
- Siglingaklúbburinn Drangey 1 tilnefning
- Ungmenna- og íþróttafélagið Smári 1 tilnefning
- Ungmennafélagið Hjalti 1 tilnefning
- Ungmannafélagið Neisti 1 tilnefning
- UMFT Badmintondeild 1 tilnefning
- UMFT Bogfimideild 1 tilnefning
- UMFT Frjálsíþróttadeild 1 tilnefning
- UMFT Júdódeild 1 tilnefning
- UMFT Knattspyrnudeild 1 tilnefning
- UMFT Körfuknattleiksdeild 1 tilnefning
- UMFT Skíðadeild 1 tilnefning
- UMFT Sunddeild 1 tilnefning
- Vélhjólaklúbbur Skagafjarðar 1 tilnefning

Einnig getur aðalstjórn UMSS og félags- og tómstundarnefnd Sveitarfélagsins Skagafjarðar tilnefnt einstaklinga með lögheimili í Sveitarfélaginu Skagafirði sem skarað hafa framúr í íþróttum sem ekki eru til staðar í Skagafirði og því utan aðildarfélaga og deilda í UMSS. Skal þetta uppfært samhliða breytingum á aðildarfélögum/deildum UMSS.

**3.gr.** Þeir sem eru tilnefndir til kjörs á íþróttamanni ársins skulu hafa náð 18 ára aldri og eiga lögheimili í Sveitarfélaginu Skagafirði. Þó er heimilt að tilnefna ungling 12-17 ára sem keppir í flokki fullorðinna og er að ná það góðum árangri að hann teljist á meðal þeirra bestu í sinni íþróttagrein.

**4. gr.** Með tilnefningum aðildarfélaga/deilda skal skila inn greinagerð um viðkomandi íþróttamann. Þar skal m.a. koma fram:

- Afrek/keppni erlendis á árinu (félag/landslið) í unglinga- eða fullorðins flokki
- Afrek/keppni á Íslandi í unglinga- eða fullorðins flokki
- Afrek/keppni í Skagafirði í unglinga eða fullorðins flokki
- Staðan yfir landið (og t.d. ef einhver unglingur er í háum styrkleikaflokki yfir landið í fullorðins flokki)
- Umsögn um íþróttamanninn - afrek, karakter, stefna o.s.frv.

Úrdráttur úr fyrrgreindum atriðum verður lesinn upp á kjörinu.

**5.gr.** Val á íþróttamanni Skagafjarðar er í höndum tíu manna nefndar sem er þannig skipuð:

- Aðalstjórn UMSS (5)
- Félags- og tómstundarnefnd (3)
- Forstöðumaður frístunda og íþróttamála (1)
- Feykir, ritstjóri (1)

Ef einstaklingur á sæti bæði í aðalstjórn UMSS og félags og tómstundarnefnd er heimilt að varamaður einstaklingsins í félags- og tómstundarnefnd greiði atkvæði. Ef starfsmenn Sveitarfélagsins Skagafjarðar eða ritstjóri eru í aðalstjórn UMSS þá greiðir varamaður í aðalstjórn UMSS atkvæði.

**6.gr.** Kosið skal um þrjú efstu sæti. Fyrsta (1.) sæti gefur 10 stig, annað sæti (2.) gefur 7 stig og þriðja (3.) sæti gefur 5 stig.
Ef tveir eða fleiri einstaklingar verða jafnir í kjörinu ræður eftirfarandi röð manna:

- Fleiri tilnefningar í fyrsta sæti
- Fleiri tilnefningar í annað sæti
- Fleiri tilnefningar í þriðja sæti

Við val á íþróttamanni ársins skulu þeir sem hafa rétt til að greiða atkvæði taka tillit til árangurs á árinu sem kjörið á um við. Einnig skal tillit tekið til reglusemi og ástundunar, prúðmennsku og framfara. Eftir að aðildarfélög/deildir hafa sent inn greinagerðir með tilnefningum sínum, skal framkvæmdastjóri UMSS boða kynningafund með valnefnd, áður en hún kýs. Þar koma fulltrúa þeirra aðildarfélaga/deilda sem tilnefna, og kynna nánar afrek þeirra sem eru tilnefndir í kjörinu. Framkvæmdastjóri UMSS skal boða fulltrúa aðildarfélaga/deilda á fundinn.

**7. gr.** Tilnefningar skulu hafa borist stjórn UMSS fyrir 1. desember ár hvert. Framkvæmdastjóri UMSS tekur saman allar tilnefningar og sendir til valnefndar. Kynning fyrir valnefnd fer fram fyrir 15.des. Valnefnd skilar síðan atkvæði sínu til stjórnar UMSS fyrir 20. desember ár hvert.

**8.gr.** Útnefning á kjöri íþróttamanni Skagafjarðar fer fram milli jóla og nýs árs ár hvert við hátíðlega athöfn.

**9.gr.** Við verðlaunaafhendinguna skal þess getið í stuttu máli hver árangur og afrek liggi að baki hvers titils.

**10. gr.** Íþróttamaður ársins hlýtur farandbikar til varðveislu í eitt ár, og er nafn hans grafið í bikarinn og viðeigandi ártal. Einnig hlýtur hann minni bikar til eignar.

**11.gr.** Þegar ekki er lengur hægt að áletra fleiri nöfn á farandbikaranna skulu þeir fara til varðveislu hjá UMSS sem sér til þess að þeir verði staðsettir á opinberum stað.

**12.gr. Hvatningarverðlaun UMSS**
Öllum aðildarfélögum og deildum innan UMSS er heimilt að tilnefna einn pilt og eina stúlku sem hlýtur Hvatningarverðlaun UMSS. Tilnefningin skal veitt þeim íþróttamanni sem er áhugasamur, með góða ástundun, sýnir góða hegðun innan vallar sem utan, er góður félagi og telst vera góð fyrirmynd annara unglinga. Lágmarksaldur fyrir Hvatningarverðlaun UMSS er 12 ára á árinu og hámarks aldur er 17 ára á árinu.
Stjórn UMSS og Sveitarfélagið Skagafjörður geta einnig veitt hvatningarverðlaun til þjálfara, liðs, félags, einstaklings eða flokks sem þykir hafa staðið sig vel á árinu á einhvern hátt. Viðurkenningar eru einnig veittar fyrir landsliðssæti (unglinga-, karla- eða kvenna).











**Adomas Drungilas**
körfkuknattleiksmaður

Körfuknattleiksdeild Tindastóls

**Bjarni Jónasson**
hestamaður

Hestamannafélagið Skagfirðingur

**Ísak Óli Traustason**
frjálsíþróttamaður

Frjálsíþróttadeild Tindastóls

**María Dögg Jóhannesdóttir**
fótboltamaður

Knattspyrnudeild Tindastóls

# Íþróttamaður ársins 2024

## María Dögg Jóhannesdóttir

María Dögg er leiðtogi innan vallar sem utan í meistaraflokksliði Tindastóls sem hélt sæti sínu annað árið í röð í efstu deild í knattspyrnu. María Dögg er einn af reynslu meiri leikmönnum Tindastóls og berst hún fyrir liðið og klúbbinn í öllum þeim einvígjum sem hún tekur sér fyrir hendi og er alltaf klár í að aðstoða aðra leikmenn í að verða betri.




# Íþróttamenn UMSS frá 1980 - 2024

1980 Gísli Sigurðsson, Glóðafeykir, frjálsar íþróttir
1981 María Sævarsdóttir, Tindastóll, sund
1982 Gísli Sigurðsson, Glóðafeykir, frjálsar íþróttir
1983 Ragna Hjartardóttir, Tindastóll, sund
1984 Gunnar Sigurðsson, Glóðafeykir, frjálsar íþróttir
1985 Friðrik Steinsson, Tindastóll, frjálsar íþróttir
1986 Berglind Bjarnadóttir, Tindastóll, frjálsar íþróttir
1987 Berglind Bjarnadóttir, Tindastóll, frjálsar íþróttir
1988 Lilja María Snorradóttir, Tindastóll, sund
1989 Eyjólfur Sverrisson, Tindastóll, knattspyrna
1990 Helgi Sigurðsson, Glóðafeykir, frjálsar íþróttir
1991 Valur Ingimundarson, Tindastóll, körfubolti
1992 Sveinn Margeirsson, Smári, frjálsar íþróttir
1993 Inga Dóra Magnúsdóttir, Tindastóll, knattspyrna
1994 Jón Arnar Magnússon, Tindastóll, frjálsar íþróttir
1995 Jón Arnar Magnússon, Tindastóll, frjálsar íþróttir
1996 Jón Arnar Magnússon, Tindastóll, frjálsar íþróttir
1997 Jón Arnar Magnússon, Tindastóll, frjálsar íþróttir
1998 Jón Arnar Magnússon, Tindastóll, frjálsar íþróttir
1999 Jón Arnar Magnússon, Tindastóll, frjálsar íþróttir
2000 Jón Arnar Magnússon, Tindastóll, frjálsar íþróttir
2001 Sunna Gestsdóttir, Tindastóll, frjálsar íþróttir
2002 Sveinn Margeirsson, Tindastóll, frjálsar íþróttir
2003 Sunna Gestsdóttir, Tindastóll, frjálsar íþróttir
2003 Sunna Gestsdóttir, Tindastóll, frjálsar íþróttir
2004 Björn Jónsson, Stígandi, hestaíþróttir
2005 Svavar Atli Birgisson, Tindastóll, körfubolti
2006 Þórarinn  Eymundsson, Stígandi, hestaíþróttir
2007 Þórarinn Eymundsson, Stígandi, hestaíþróttir
2008 Bjarki Már Árnason, Tindastóll, knattspyrna
2009 Bjarni Jónasson, Léttfeti, hestaíþróttir
2010 Gauti Ásbjörnsson, Tindastóll, frjálsar íþróttir
2011 Elvar Einarsson, Stígandi, hestaíþróttir
2012 Mette Camilla Moe Mannseth, Léttfeti, hestaíþróttir
2013 Jóhann Björn Sigurbjörnsson, Tindastóll, frjálsar íþróttir
2014 Baldur Haraldsson, Bílakl. Skagafjarðar, akstursíþróttir
2015 Þóranna Ósk Sigurjónsdóttir, Tindastóll, frjálsar íþróttir
2016 Pétur Rúnar Birgisson, Tindastóll, körfubolti
2017 Ísak Óli Traustason, Tindastóll, frjálsar íþróttir
2018 Þóranna Ósk Sigurjónsdóttir, Tindastóll, frjálsar íþróttir
2019 Ísak Óli Traustason, Tindastóll, frjálsar íþróttir
2020 Ísak Óli Traustason, Tindastóll, frjálsar íþróttir
2021 Ísak Óli Traustason, Tindastóll, frjálsar íþróttir
2022 Pétur Rúnar Birgisson, Tindastóll, körfubolti
2023 Sigtryggur Arnar Björnsson, Tindastóll, körfubolti
2024 María Dögg Jóhannesdóttir, Tindastóll, knattspyrna

# Lið UMSS 2024

## Meistarafl. kvenna, UMFT Tindastóll Körfuknattleiksdeild

Uppbygging meistaraflokks kvenna í körfuknattleik hefur staðið yfir í nokkur ár og stórum áfanga var náð á árinu 2024 þegar liðið fékk þátttökurétt í úrvalsdeildinni eftir áratugalangt hlé. Kvennakörfubolti á Íslandi, sérstaklega á landsbyggðinni, hefur átt undir högg að sækja síðustu ár og hafa félög tvo síðastliðin tímabil ákveðið að draga lið sín úr keppni vegna skorts á leikmönnum. Tindastólsstelpurnar okkar hafa sýnt eftirtektarverða elju, vinnusemi og metnað við að leggja sitt á vogarskálarnar til að byggja upp lið til framtíðar. Á yfirstandandi tímabili hafa Tindastólsstúlkur sannað að þeir eiga heima meðal hinna bestu og framfarirnar eru gríðarlegar milli leikja. Stelpurnar hafa heillað körfuboltaáhugafólk um allt land og er áhorf á leiki liðsins oft á tíðum umtalsvert.



# Þjálfari UMSS 2024

## Finnbogi Bjarnason

Finnbogi Bjarnason úr hestamannafélaginu Skagfirðingur er reiðkennari ársins 2024 á Íslandi. Finnbogi er fæddur og uppalinn í hestamennsku í Skagafirði þar sem hann er búsettur en hann útskrifaðist með BSc í reiðmennsku og reiðkennslu frá Háskólanum á Hólum árið 2020.

Finnbogi starfar sem reiðkennari og við þjálfun hrossa bæði á Íslandi og í Sviss. Hann kennir Reiðmanninn eitt & þrjú á Sauðárkróki þar sem fjöldi nemenda eru skráðir en Reiðmaðurinn er nám í reiðmennsku og hestafræðum á vegum Landbúnaðarháskóla Íslands. Hann er einnig reiðkennari í æskulýðsstarfi Skagfirðings og hefur verið síðustu ár þar sem hann kennir keppnisþjálfun og almenna reiðkennslu fyrir krakkana í félaginu en Finnbogi hefur sjálfur töluvert mikla reynslu á keppnisbrautinni. Hann hefur fylgt krökkunum vel eftir í kennslunni, meðal annars á Landsmóti hestamanna í sumar og hefur mikil aukning orðið síðustu ár í æskulýðsstarfi félagsins. Einnig hefur hann starfað við reiðkennslu á hestabraut FNV á Sauðárkróki sem er þriggja ára námsbraut í hestamennsku. Í Sviss hefur hann verið virkur í reiðkennslu bæði með ungmennum og fullorðnum, meðal annars aðstoðarmaður/þjálfari nokkurra keppenda í Svissneska landsliðinu. Finnbogi hefur mikinn metnað, ávallt jákvæður fyrir verkefninu og nemendur láta afar vel að honum.

Val á Finnboga sem reiðkennara ársins fyrir Íslands hönd verður sent til FEIF sem reiðkennari ársins *(e.Feif trainer of the year)* og verður kosning á vefsíðu FEIF þar sem kosið verður um einn reiðkennara frá hverju landi.



# Hvatningarverðlaun UMSS 2024

| | |
|---|---|
| **Axel Arnarsson** | Ungmennafélagið Tindastóll Körfuknattleiksdeild |
| **Brynjar Morgan Brynjarsson** | Golfklúbbur Skagafjarðar |
| **Caitlynn Morrie Sandoval Mertola** | Ungmennafélagið Tindastóll Júdódeild |
| **Emma Katrín Helgadóttir** | Ungmennafélagið Tindastóll Körfuknattleiksdeild |
| **Fjölnir Þeyr Marinósson** | Ungmenna- og Íþróttafélagið Smári |
| **Freyja Vilhjálmsdóttir** | Ungmenna- og Íþróttafélagið Smári |
| **Freyr Hugi Herbergsson** | Ungmennafélagið Tindastóll Júdódeild |
| **Greta Berglind Jakobsdóttir** | Hestamannafélagið Skagfirðingur |
| **Halldór Stefánsson** | Ungmennafélagið Tindastóll Frjálsíþróttadeild |
| **Harpa Sif Hreiðarsdóttir** | Ungmennafélagið Tindastóll Knattspyrnudeild |
| **Júlía Marín Helgadóttir** | Ungmennafélagið Tindastóll Badmintondeild |
| **Monika Rut Garðarsdóttir** | Ungmennafélagið Neisti |
| **Súsanna Guðlaug Halldórsdóttir** | Hestamannafélagið Skagfirðingur |
| | Ungmennafélagið Tindastóll Frjálsíþróttadeild |
| **Telma Ýr Skarphéðinsdóttir** | Ungmennafélagið Tindastóll Skíðadeild |
| **Valþór Máni Helgason** | Ungmennafélagið Neisti |
| **Viktor Smári Davíðsson** | Ungmennafélagið Tindastóll Knattspyrnudeild |

# Landsliðsfólk UMSS 2024

| | |
|---|---|
| **Birgitta Rún Finnbogadóttir** | Knattspyrnusamband Íslands |
| **Daníel Gunnarsson** | Landssamband Hestamannafélaga |
| **Elísa Bríet Björnsdóttir** | Knattspyrnusamband Íslands |
| **Friðrik Hrafn Jóhannsson** | Körfuknattleikssamband Íslands |
| **Gunnar Freyr Þórarinsson** | Glímusamband Íslands |
| **Ísak Óli Traustason** | Frjálsíþróttasamband Íslands |
| **Sigtryggur Arnar Björnsson** | Körfuknattleikssamband Íslands |
| **Sigurður Arnar Björnsson** | Frjálsíþróttasamband Íslands |
| **Þórgunnur Þórarinsdóttir** | Landssamband Hestamannafélaga |


8
10
20
4
1
17
UMF
HJALTI
1927

# Frjálsíþróttaráð UMSS skýrsla 2024

Í stjórn frjálsíþróttaráðs 2024 sátu Kolbrún Þórðardóttir, Sigurður Arnar Björnsson, Sigurlína Hrönn Einarsdóttir, Thelma Knútsdóttir og Þórunn Eyjólfsdóttir .

Enn er unnið að breytingum á frjálsíþróttaráði og er ætlunin að sú breyting tilbúin fyrir næsta ársþing. Rekstur frjálsíþróttaráðs er dýr, en kostnaður við þátttökugjöld á mót vegur þar hæðst. Mesti kostnaður við eitt mót á síðsta ári var yfir 200 þúsund kr. Frjálsíþróttráð greiðir ekki lengur þátttökugjöld nema á mót á vegum FRÍ.

En þá að afrekum iðkenda og þátttöku á mótum, á árinu 2024. Hér verður aðeins stiklað á stóru í upptalningu á afrekum iðkenda UMSS sem æfa innan raða aðildarfélaga sem og ekki er talin upp öll þau persónulegu met sem hver og einn setti á árinu. Árið hóst á MÍ 15-22 ára 13.-14. janúar. Þar kepptu 3 keppendur. Súsanna Guðlaug Halldórsdóttir lenti í 3. sæti í 800m hlaupi og 60m grind 15 ára. Halldór Stefánsson lengi í 3. sæti í hástökki 15 ára. Katelyn Eva John hljóp á sínu besta tíma í 60m hlaupi 16 ára, hársbreidd með að komast í úrslitahlaupið.

Stórmót ÍR fór svo fram helgina eftir og sendi UMSS sendi 23 keppendur á mótið. 1 gull komst í Skagfirskar hendur, Ísak Óli Traustason sigraði í 60m grind karla. Ísak Óli lenti svo í 2. sæti í langstökki og kúluvarpi. Ísak Hrafn Jóhannsson lenti í 2. sæti í 600m hlaupi 13 ára. Friðrik Logi Haukstein Knútsson lenti í 2. sæti í 60m hlaupi og hástökki 14 ára . Karl Goðdal Þórleifsson lenti í 2. sæti í 400m hlaupi 9-10 ára. Patrekur Snær Jónsson lenti í 2. sæti í kúluvarpi 11 ára og Súsanna Guðlaug Halldórsdóttir lenti í 2. sæti í 800m hlaupi og í 3. sæti í 300 metra hlaupi15 ára. Emilía Rós Ólafardóttir lenti í 3. sæti 200 m hlaupi 13 ára og Hólmar Thor Jónsson lenti í 3. sæti í hástökki 11 ára.

Þrem keppendum var boðið á Reykjavíkurleikanna í frjálsum. Keppt var þann 4. febrúar. Ísak Óli Traustason, Súsanna Guðlaug Halldórsdóttir og Sveinbjörn Óli Svavarsson. Súsanna keppti í 60m og í 800m. Ísak Óli keppti í 60m og í kúluvarpi og Sveinbjörn Óli keppti í 60m.

Meistaramót Íslands 11- 14 ára innahúss var svo haldið helgina 11.-12. febrúar. Þar kepptu 10 einstaklingar frá UMSS. Þrjú þeirra lentu á palli; Ásthildur Guðný Sævarsdóttir 2. sætið í kúluvarpi 11 ára, Friðrik Logi Haukstein Knútsson 2. sætið í 600 m hlaupi 14 ára og Ísak Hrafn Jóhannsson 3. sætið í 600m hlaupi 13 ára.

MÍ aðalhluti innanhúss var svo helgina 17.-18. febrúar og voru fjórir keppendur frá UMSS. Ísak Óli hlaut 2. sætið í 60m grind og stangarstökki og 3. sætið í 60m og langstökki. Sveinbjörn Óli lenti í 5.sæti í 60m og 200m. Þorkell Stefánsson lenti í 4. sæti í 400 m og Katelyn Eva sem stórbætti sinn árangur í 60m hlaupi

24. Febrúar var komið að MÍ í fjölþraut innanhúss. Þar kepptu þeir Ísak Óli Traustason í karlaflokki og Halldór Stefánsson í flokki 15 ára og yngri. Halldór lenti í 4. sæti í fimmtarþraut pilta. Í sjöþraut karla þá varð Ísak Óli í 2. sæti þótt hann hafði sigrað 4 greinar af þrem. En stiginn milli 1 sætis og 2 sætis voru einungis 26 stig.

MÍ eldri aldursflokka var halið 24.-25. febrúar og kepptu fjórir einstaklingar fyrir hönd UMSS. Berglind Rós Bjarnadóttir, Sigurlaug Gunnarsdóttir, Theodór Karlsson og Þorkell Stefánsson. Berglind Rós varð Íslandsmeistari í 60m og langstökki og varð í 2. sæti í kúluvarpi 50-54 ára. Theodór Karlsson varð Íslandsmeistari í langstökki, stangarstökki og þrístökki og í 2. sæti í hástökki og kúluvarpi 45-49 ára.

Akureyrarmót UFA og Kjarnafæði Norðlenska var haldið 6.apríl í Boganum. 35 keppendur fóru á mótið frá Skagafirði. 4 gull, 12 silfur og 9 brons. 47 persónulegar bætingar.

Fyrsta utanhúss mótið var haldið á Selfossi þann 21. júní MÍ 15-22 ára þar áttum við 3 keppendur, Amelíu Ýr Samúelsdóttir, Stefaníu Hermannsdóttir og Súsönnu Guðlaugu Halldórsdóttir. Súsanna lenti í 2 sæti í 300m, 80m grind og 300m grind og í 3. sæti í 80 m hlaupi 15 ára. Stefanía lenti í 2. sæti í kringlukasti og spjótkasti 20-22 ára.

Þrír keppendur fóru á 98.MÍ sem haldið var á Akureyri 28.-29. júní. Ísak Óli lenti í 3.sæti í kúluvarpi og kringlukasti, Sveinbjörn Óli lenti í 3. sæti í 100m. Stefanía lenti í 5.sæti í spjótkasti.

MÍ 11-14 ára var haldið á Laugum í ár, þar kepptu 5 keppendur frá UMSS. Friðrik Logi Haukstein var Íslandsmeistari í 300m grind og þrístökki, lenti í 2.sæti í 80 m og hástökki, og lenti í 3.sæti í 300m, 80m grind, kringlukasti og spjótkasti 14 ára. Fjölnir Þeyr Marinósson varð Íslandsmeistari í kringlukasti og spjótkasti og í 3.sæti í kúluvarpi 14 ára og Lilja Stefánsdóttir varð Íslandsmeistari í spjótkasti 12 ára. Ingólfur Snær Árnason varð annar í 60m og spjótkasti og í 3. sæti í hástökki 11 ára. Einnig keppti Kolbrá Sigrún Sigurðardóttir (12) á mótinu og bætti hún sitt persónulega best í 4 greinum.

MÍ í fjölþraut utanhúss var haldið í Hafnarfirði 27.-28. júlí. Þar kepptu Halldór Stefánsson og Súsanna Guðlaug Halldórsdóttir. Halldór lenti í 5 sæti í fimmþraut og Súsanna í 3. sæti. MÍ í eldri aldursflokkum fór fram á sama velli og dögum og kepptu þar fyrir hönd UMSS Karl Lúðvíksson og Berglind Rós Bjarnadóttir. Karl varð Íslandsmeistari í 100 m, hástökki og spjótkasti, lenti í 2. sæti í stangarstökki, kúluvarpi og kringlukasti 70-74 ára. Berglind Rós varð Íslandsmeistari í kúluvarpi, kringlukasti, spjótkasti og lóðkasti 50-54 ára.

25. Unglingalandsmót UMFÍ var haldið í Borgarnesi Verslunarmannahelgina 2024 og kepptu þar 21 keppendur á vegum UMSS. Fjölnir Þeyr Marinósson varð Unglingalandsmótsmeistari í kúluvarpi, kringlukasti og spjótkasti 14 ára. Friðrik Logi Haukstein Knútsson varð Unglinglandsmótsmeistari í hástökki, lenti í 2. sæti í 100m kúluvarpi, kringlukasti og spjótkasti 14 ára. Súsanna Guðlaug Halldórsdóttir varð Unglingalandsmótsmeistari í 800 m, 2. sæti í hástökki og í 3. sæti í 100m 15 ára. Ásthildur Guðný Sævarsdóttir lenti í 2. sæti í kúluvarpi 11 ára. Lilja Stefánsdóttir lenti í 2. sæti í spjótkasti 12 ára. Sigurbjörg Inga Sigfúsdóttir lenti í 2. sæti í spjótkasti 14 ára. Völundur Galdur Þrastarson lenti í 3. sæti kúluvarpi 11. ára. Hallgerður H V Þrastardóttir lenti í 3. sæti í kringlukasti 16-17 ára og Svandís Katla Marinósdóttir lenti í 3. sæti spjótkasti 16-17 ára. Aðrir keppendur voru; Amelía Ýr Samúelsdóttir (15) bætti sig í einni grein, Anton Fannar Jakobsson (11) bætti sig í þrem greinum, Baldur Freyr Einarsson (11) bætti sig í tveim greinum, Björn Aron Sigurðarson (11) bætti sig í tveim greinum, Bríet Bergdís Stefánsdóttir (16) bætti sig í tveim greinum, Emilía Rós Ólafardóttir (13) bætti sig tveim greinum, Freyja Vilhjálmsdóttir (12) bætti sig í tveim greinum, Halldór Stefánsson (15) sem bætti sig í þrem greinum, Ingólfur Snær Árnason (11) bætti sig í þrem greinum, Kolbrá Sigrún Sigurðardóttir (12) bætti sig í tveim greinum og Rakel Sonja Ámundadóttir (14) bætti sig í tveim greinum

Bikarkeppni FRÍ utanhúss fór fram í 17. ágúst. UMSS eldri keppendur sendu sameiginlegt lið með Fjölnir í ár, einnig kepptu yngri iðkendur á Bikarkeppninni í ár.

UFA hélt sitt árlega ágústmót og fóru 17 keppendur þangað. 4 gull, 11 silfur og 8 brons komu í hlut þeirra, auk 20 persónulegra meta.

20 keppendur mættu á Silfurleika ÍR sem haldið var 16. nóvember. Engin verðlaun unnust í þetta skiptið en 33 persónuleg met voru sett af okkar fólki.

Í byrjun desember kepptu 46 iðkendur frá UMSS á Minningarmóti Ólivers í Boganum á Akureyri. 7 gull, 12 silfur og 7 brons komu í hlut þeirra, auk 54 persónulegra meta.

Árinu lauk svo með Jólamót UMSS, þar sem 33 keppendur mættu og 54 persónuleg met voru sett.

# Frjálsíþróttaráð UMSS skýrsla 2024, frh.









## Íslandsmeistaratitlar 2024 (í stafrófsröð)

**Berglind Rós Bjarnadóttir (50-54 ára)**

1. 60m (innanhúss)
2. Langstökki (innahúss)
3. Kúluvarpi
4. Kringlukasti
5. Spjótkasti
6. Lóðkasti

**Fjölnir Þeyr Marinósson (14)**

1. Kringlukasti
2. Spjótkasti

**Friðrik Logi Hauksteinn (14)**

1. 300m grind
2. Þrístökk

**Karl Lúðvíksson (70-74 ára)**

1. 100 m
2. Hástökki
3. Spjótkasti

**Lilja Sigurðardóttir (12)**

1. Spjótkast MÍ 11-14 ára

**Theodór Karlsson (45-49 ára)**

1. Langstökki (innanhúss)
2. Stangarstökk (innanhúss)
3. Þrístökk (innanhúss)





## Unglinglandsmótstitlar 2024 (í stafrófsröð)

**Fjölnir Þeyr Marinósson (14)**

1. Kúluvarp
2. Kringlukast
3. Spjótkasti

**Friðrik Logi Haukstein Knútsson (14)**

1. hástökki

**Súsanna Guðlaug Halldórsdóttir (15)**

1. 800 m







# SKÝRSLUR AÐILDARFÉLAGA UNGMENNASABANDS SKAGAFJARÐAR









## Bílaklúbbur Skagafjarðar



Segja má að starfsemi Bílaklúbbs Skagafjarðar sé í nokkuð föstum skorðum frá ári til árs. Meginverkefni félagsins hefur verið að standa fyrir einni af fimm keppnum sem haldnar eru í Íslandsmeistaramótinu í rallýakstri ár hvert og var 2023 engin undantekning á því.
Í júlí 2023 komu formaður Akstursíþróttasambands Íslands og annar stjórnarmaður í Skagafjörð og héldu námskeið fyrir félagsmenn um dómgæslu og keppnisstjórn. Um tuttugu félagar sóttu námskeiðið sem heppnaðist vel. Naut Bílaklúbburinn góðvildar Björgunarsveitarinnar varðandi aðstöðu fyrir námskeiðið og kann félögum þar bestu þakkir fyrir.

Líkt og fyrri ár náðist stuðningssamningur við Kjarnavörur vegna keppnishaldsins og var því rallýkeppnin haldin undir nafninu Ljómarallý í Skagafirði svo sem verið hefur. Ljómarallý var haldið 29. júlí í góðu veðri og aðstæðum.

Nokkur uppsveifla er í rallý um þessar mundir, íslenskar áhafnir hafa í vaxandi mæli keppt á erlendri grundu og áhugi hér heima í héraði virðist fara vaxandi. Sumarið 2023 glímdi félagið við þann óvenjulega lúxusvanda að starfsmenn við keppnishaldið voru eiginlega fleiri en þurfti. Engu að síður er sú staða mjög ánægjuleg og var tekin sú ákvörðun að gera sem best við starfsfólk og koma öllum fyrir í viðeigandi verkefnum. Það mun vonandi skila félaginu öflugra til framtíðar litið. Eins og fram kemur í reikningum félagsins varð tap á rekstri þetta árið. Helgast það einkum af þeirri ákvörðun sem tekin var um að gera vel við starfsfólk og keppendur í tengslum við Ljómarallý, sem og þeirri staðreynd að síðasta sumar voru, þrátt fyrir aukinn áhuga í sportinu, færri áhafnir en verið hafa undanfarin ár.

Formaður félagsins hefur setið í keppnisráði AKÍS í rallý síðastliðið ár. Þar fer fram endurskoðun á keppnisreglum og umfjöllun um sértæk atriði sem varða keppnisgreinina og keppnishaldið. Þá sinnti formaður einnig dómgæslu í rallýkeppni hjá BÍKR sem haldin var í júní og Hill rallý sem fram fór í ágúst. Formaður hefur sótt fundi sameiginlega fundi akstursíþróttafélaga á vettvangi AKÍS en þeir eru jafnan haldnir að vori og hausti, tveir talsins.
Keppnisalmanak AKÍS gerir ráð fyrir því að haldin verði rallýkeppni sumarið 2024 í Skagafirði og hefur Bílaklúbburinn þegar hafið undirbúning vegna þess.

Að lokum vill Bílaklúbbur Skagafjarðar þakka öllum þeim sem lagt hafa starfinu lið á síðasta ári með fjárframlögum, aðstöðu og vinnuframlagi. Án félaga er ekkert félag. Bestu þakkir og megi starfið og félagsmenn dafna um ókomin ár.

*f.h. stjórnar Bílaklúbbs Skagafjarðar, Baldur Haraldsson formaður*

## Golfklúbbur Skagafjarðar



Stjórn Golfklúbbs Skagafjarðar (GSS) árið 2024 skipuðu: Róbert Óttarsson formaður, Aldís Hilmarsdóttir varaformaður, Kristján Eggert Jónasson gjaldkeri, Andri Þór Árnason ritari, Hanna Dóra Björnsdóttir formaður mótanefndar, Unnur Ólöf Halldórsdóttir formaður barna- og unglinganefndar, Guðmundur Ágúst Guðmundsson formaður vallarnefndar og Dagbjört Rós Hermundsdóttir formaður nýliðanefndar.
Vallarstjóri er Guðmundur Þór Árnason og honum til aðstoðar var Hlynur Einarsson.

Golfárið 2024 var mjög áhugavert ár hjá GSS. Félagatalið okkar fór í fyrsta skipti yfir 300 skráða félagsmenn. En það er yfir 10% fjölgun frá fyrra ári.

Að vanda hefur nýtingin á vellinum verið góð og mikill fjöldi gesta hefur heimsótt okkur. Almenn ánægja var með svæðið okkar, sem þurfti að glíma við nokkuð erfitt verkefni í sumar þ.e. frekar dapurlegt veður, snjó í júní og mikla bleytu í framhaldinu. Völlurinn opnaði um mánaðamótin apríl/maí. Þegar völlur var við það að ná sér eftir veturinn þá skall á okkur snjókoma og í framhaldinu þegar loksins hlýnaði flæddi vatn yfir svæðið. En þrátt fyrir vandræði þá var völlurinn í heild mjög góður, flatirnar á vellinum voru heilt yfir frábærar og brautirnar að vanda góðar.

Rekstur klúbbsins er mjög ásættanlegur. Þegar klúbbur eins og GSS dafnar jafn vel og hann gerir þá þarf að huga að mörgum hlutum. En þar er GSS mjög heppið. Því klúbburinn býr að af því að vera með einstakt starfsfólk sem er vakið og sofið yfir starfseminni. Barna- og unglingastarfið er til fyrirmyndar á landvísu og stjórnað af metnaðarfullum yfirþjálfara sem hefur skilað sér í frábærum árangri yngri klúbbfélaga ásamt því að aukinn fjöldi fólks skráir sig í klúbbinn eftir að hafa t.d. komið á nýliðanámskeið.

Karla - og kvennasveit klúbbsins kepptu á Íslandsmóti golfklúbba í sumar. Árangur beggja sveita var algerlega til fyrirmyndar og vakti verðskuldaða athygli. Kvennasveit GSS stóð sig frábærlega á Íslandsmóti golfklúbba 1. deildar í sumar sem fram fór á Strandarvelli á Hellu. Sveitin lenti í 7. sæti og hélt sæti sínu enn og aftur í efstu deild. Sveitina skipuðu: Anna Karen Hjartardóttir, Árný Lilja Árnadóttir, Dagbjört Sísí Einarsdóttir, Gígja Rós Bjarnadóttir, Halldóra Andrésdóttir, Hildur Heba Einarsdóttir, Sigríður Elín Þórðardóttir og Telma Ösp Einarsdóttir. Liðsstjóri var Árný Lilja Árnadóttir. Karlasveit GSS fór einnig á Íslandsmót golfklúbba og keppti í 2. deild karla í sumar sem fram fór í Vestmannaeyjum. Sveitina skipuðu: Atli Freyr Rafnsson, Hákon Ingi Rafnsson, Hlynur Freyr Einarsson, Ingvi Þór Óskarsson, Jóhann Örn Bjarkason, Tómas Bjarki Guðmundsson, Þórleifur Karlsson og Brynjar Örn Guðmundsson. Liðsstjóri var Andri Þór Árnason. Sveitin stóð sig með prýði en lenti í 8. sæti og spilar því í 3. deild að ári.

*f.h. stjórnar Golfklúbbs Skagafjarðar, Róbert Óttarsson formaður*


SKAGFIRÐINGUR
Have a delicious day!
VIKING

## Hestamannafélagið Skagfirðingur

Hestamannafélagið Skagfirðingur stóð fyrir öflugu og góðu félagsstarfi á árinu 2024. Veturinn fór vel af stað hvað varðar mótahald þar sem Skagfirska mótaröðin var vel sótt og góð þátttaka í öllum flokkum, kvennatölt Líflands var á sínum stað um páskana og margir félagsmenn kepptu í Meistaradeild KS. Reiðhallarsýningin “Tekið til kostanna” var haldin í Svaðastaðahöllinni samhliða lokakvöldi Meistaradeildar KS, æft var stíft í töltgrúppunni yfir veturinn sem endaði á sýningaratriði á Tekið til kostanna. Hið árlega UMSS mót var haldið í maí að Hólum í Hjaltadal, Félagsmót og úrtaka fyrir Landsmót, Fákaflug, firmakeppni sem og skeiðleikar og voru þau öll afar vel sótt af félagsmönnum. Reiðhallarsýning var haldin samhliða Laufskálarétt þar sem mæting var verulega góð og fólk skemmti sér vel.

Fræðslunefnd Skagfirðings hefur verið virk og í voru haldin námskeið með Julie Christiansen, Atla Guðmundssyni, Bjarna Jónassyni og skeiðnámskeið með Daníel Gunnarssyni. Nú eru á dagskrá námskeið með Bjarna Jónassyni, Julie Christiansen, Finnboga Bjarnasyni og Bergrúnu Ingólfsdóttir.

Veðrið lék ferðanefndina grátt og erfiðlega gekk að fara hestaferðir á vegum félagsins, en hætt var við ferðina í Löngufjörur og í Kolbeinsdalinn vegna veðurs.

Æskulýðsdeild Skagfirðings er gríðarlega öflug og má þar þakka kröftugum félagsmönnum og nefndar fólki sem að því standa. Mörg námskeið eru í boði hjá félaginu en vikustarf er kennt tvisvar í viku fyrir krakka 10 ára og eldri, helgarstarf er kennt á laugardögum og sunnudögum ætlað fyrir krakka yngri en 10 ára og keppnisþjálfun er einu sinni í viku þar kennsla fer fram í formi einkatíma. Einnig í boði að skrá sig í hálft vikustarf og hálft helgarstarf eða hálft vikustarf á móti keppnisþjálfun. Boðið er upp á að leigja hest fyrir reiðkennslu og er það vel sótt. Vert er að nefna árangur krakkana okkar á Landsmóti hestamanna í Víðidal í sumar en félagið átti frábæra fulltrúa í öllum flokkum. Barnaflokkurinn var gríðarsterkur og átti Skagfirðingur átta fulltrúa í þeim flokki og komust tvær af þeim alla leið í úrslit. Öll stóðu þau sig gríðarlega vel og urðu margir persónulegir sigrar þennan daginn og má til gamans geta að öll börn í þessum flokki hjá Skagfirðingi voru í reiðkennslu í æskulýðsstarfinu hvort sem var í keppnisþjálfun eða vikustarfi. Tveir knapar í unglingaflokki komust áfram í milliriðil, þær Greta Berglind Jakobsdóttir og Hjördís Halla Þórarinsdóttir en Skagfirðingur átti fimm fulltrúa í þessum flokki. Í ungmennaflokki fóru þrír knapar frá Skagfirðingi áfram í milliriðil og átti félagið fimm fulltrúa í flokknum.

Landsþing LH var haldið í október þar sem veitt voru gullmerki LH. Tveir félagsmenn Skagfirðings voru meðal þeirra átta sem fengu merkið en það voru þau Jónína Stefánsdóttir og Guðmundur Sveinsson. Einnig var þar kjörin stjórn til næstu tveggja ára og var Unnur Rún Sigurpálsdóttir úr Hestamannafélaginu Skagfirðingi ein hinna kjörnu og situr til ársins 2026.

Finnbogi Bjarnason var útnefndur reiðkennari ársins á Íslandi og var fulltrúi Íslands sem FEIF Trainer of the Year. Einnig var hann valinn þjálfari ársins í Skagafirði á uppskeruhátíð UMSS.

Landsmót hestamanna verður á Hólum í Hjaldal 2026 og er Skagfirðingur mótshaldari. Mikil orka hefur farið íHestamannafélagið stofnaði sér félag sem mun sjá um rekstur mótsins.

*f.h stjórnar Hestamannafélagsins Skagfirðings, Elvar Einarsson, formaður*

## Íþróttafélagið Gróska

Árskýrsla Grósku íþróttafélags fatlaðra í Skagafirði 2024.

Gróska æfir einungis með eina íþróttagrein sem er Boccia og eru æfingar einusinni í viku tvo tíma í senn.

Á síðasta ári var farið í þrjár keppnisferðir. Norðurlandsmót til Siglufjarðar í janúar.
Sameiginlegt Íslandsmót í sveitakeppni og Hængsmót í einstaklingskeppni til Akureyrar um mánaðarmót apríl- maí og einstaklingskeppni til Reykjavíkur í október.

Keppendum gekk misjafnlega vel á þessum mótum.
Fengum 1 gull og 1 brons á Siglufirði.
Fengum 1 brons á Íslandsmótinu á Akureyri, þar sem var sameiginleg sveit með Akranesi í Bc flokki.
Náðum 4 sæti í Bc flokki á Hængsmóti og 4 sæti í sama flokki á Íslandsmótinu í Reykjavík.

Við erum með fimm einstaklinga sem keppa fyrir Grósku en við vonumst til að fá fleiri til að iðka og keppa í Boccia.

Þessar ferðir sem við förum í eru alveg ótrúlega skemmtilegar þó oft eru þær erfiðar því ekki stökkvum við bara upp í bíl og keyrum af stað, þessum einstaklingum fylgir oft mikið af fylgihlutum og aðstoðarfólk sem kannski er ekki bara auðvelt að geti farið að heiman frá sér, en þó höfum við verið mjög heppin í alla staði bæði með aðstoð og góða gistingu.

Læt þessum pistli lokið að sinni.

Með kveðju frá Grósku.
Salmína S. Tavsen formaður.


PÍLUKASTFÉLAG
SKAGAFJARÐAR
STOFNAÐ 2022
Friðrik Jónsson ehf
Byggingaverktaki
STEYPUSTÖÐ
SKAGAFJARÐAR
FISK
SEAFOOD
MYNDUN
www.myndun.is
Tengill ehf
RAFVERKTAKAR
PADDYPOWER
THE
ASP
Habbi

## Pílukastfélag Skagafjarðar




Pílukastfélag Skagafjarðar fagnaði árs afmæli undir lok árs 2023 og eftir vel heppnað ár þá stóð félagið vel þegar árið 2024 gekk í garð. Annað starfsár félagsins gekk vonum framar, margir viðburðir og fjöldi fólks heimsótti aðstöðu félagsins. Pílukast heldur áfram að vaxa á Íslandi og Skagafjörður er engin undantekning þar á.

Fjöldi félagsmanna í lok árs var komin yfir 60 sem er talsverð fjölgun frá árinu á undan, en þá voru 35 skráðir. Þessi fjölgun er mest að þakka nýstofnuðu barna og unglingastarfi félagsins undir handleiðslu Júlíusar Helga, sem á mikið hrós skilið fyrir sinn þátt. En félagsmönnum undir 18 ára aldri hefur fjölgað úr 5 uppí 27. Einnig bauð Árskóli uppá pílukast sem valgrein á haustönn og heppnaðist mjög vel. Nemendafélag FNV heldur einnig reglulega mót í aðstöðu félagsins.

Félagsmenn voru duglegir að sækja mót bæði á Akureyri og í Reykjavík. PKS sendi einnig 8 manna lið til keppni í Íslandsmóti félagsliða.

Það komu 250-300 manns í heimsókn og fengu kynningu á pílukasti hjá okkur. Á árinu voru haldin yfir 20 mót sem voru öll vel sótt, standa Jólamótið og Páskamótið okkar þar upp úr en uppselt var í bæði mótin og er orðin fastur liður hjá mörgum í kringum þessar hátíðir.

Seint á árinu var haft samband við hönnuð og ný treyja félagsins var pöntuð í lok árs.

Innganga félgsins til UMSS var samþykkt og er því nú undir merkjum þess.

Að lokum viljum við þakka öllum styrktaraðilum fyrir allan stuðninginn á árinu og sérstakar þakkir fær FISK Seafood fyrir þeirra stuðning.

Stjórn PKS vill svo þakka félagsmönnum og öðrum gestum fyrir árið.

Áfram PKS og áfram pílukast.

*f.h. stjórnar Pílukastfélags Skagafjarðar Arnar Geir Hjartarson formaður.*

## Siglingaklúbburinn Drangey

*Engin skýrsla barst frá Íþróttafélaginu Grósku fyrir starfsárið 2024*


SMÁRI
U.Í.S. 1995

## Ungmenna- og íþróttafélagið Smári






Páskaeggjabingó var haldið á vegum Ungmennafélags Hjalta í húsnæði Grunnskólans á Hólum þann 23. mars 2024. Viðburðurinn var eingöngu auglýstur á fésbókarsíðu félagsins. Það virkaði því þátttakan var fín, um fimmtíu manns mættu og áttu góða stund saman, boðið var uppá ókeypis hressingu, kaffi, kökur, djús og kex.

Ungmennafélagið hvatti íbúa Hólastaðs til að taka þátt á umhverfisdegi ,,FISK Seafood“ 4. maí 2024. Hópur fólks kom saman til að taka þátt í hreinsunarstarfinu, vopnað ruslapokum. Eftir hreinsunarstarfið bauð Ungmennafélagið þátttakendum upp á grillaður pylsur, gos og kex.

Fastur liður í skipulagi UMF Hjalta er leikjanámskeið fyrir börn á aldrinum 5 til 12 ára sem haldið er allan júní á hverju ári og stendur allan mánuðinn. Lögð er áhersla á útivist og hreyfingu, gönguferðir, ýmis konar íþróttaæfingar, uppsetning á smíðavelli, tálgun, skipulagða leiki, hjólreiðar og fleira. Á námskeiðið mættu til leikja og starfa tuttugu og sex glaðir krakkar.

Árlegur viðburður í starfi UMF Hjalta er að skipuleggja Þjóðhátíðardaginn 17. júní og halda utan um dagskrá dagsins. Helstu viðburðir eru að standa fyrir Byrðuhlaupi, en þá hittast keppendur hjá grunnskólanum á Hólum, ræst er við skilti Skógræktarfélagsins við tjaldsvæðið, síðan er hlaupið eftir göngustígnum upp í Gvendarskál, metið er 25 mínútur. Þar er tekið á móti keppendum með hressingu, kexi og djús. Árið 2024 þurftum við að stytta hlaupið um nokkra hundrað metra, þar sem snjóþungt var í Gvendaskálinni þann 17. júní. Hlaupið endaði strax þegar keppendur náðu upp á brún í Gvendaskálinni.

Reynt hefur verið að hafa sundlaugina á Hólum opna fyrir keppendur þegar þeir koma niður. Eftir hádegi á Þjóðhátíðardaginn er svo farið í skrúðgöngu, gengið frá aðalbyggingu á Hólum í einum hóp. Við grunnskóla er sett upp grill og pylsur grillaðar fyrir alla, djús í boði og fánar settir upp. Síðan er verðlaunaafhending fyrir Byrðuhlaup, einfaldir hópleikir spilaðir, m.a. reipitog.

Krækjur blakfélag tóku þó þátt í Íslandsmóti BLÍ og spiluðu í 2. deild tímabilið 2023-2024 eins og síðastliðin ár. Íslandsmótið í 2. deild er spilað á þremur helgum, ein umferð á milli 12 liða og svo efri og neðri úrslit. Fyrstu sex leikirnir voru spilaðir 10.-12. nóvember 2023 á Húsavík og síðustu fimm leikirnir 12.-14. janúar 2024 í Laugardalshöll. Eftir umferðina var liðið í 7. sæti með 6 sigurleiki og 20 stig. Krækjur spiluðu því í neðri úrslitum í Kópavogi 15. – 17. mars 2024 og endaði liðið í 10. sæti. í 2. deildinni. Lið Krækja á Íslandsmótinu var skipað Áslaugu Helgu Jóhannsdóttur, Elsche Oda Apel, Guðrúnu Vigdísi Jónasdóttur, Helgu Fanneyju Salmannsdóttur, Írisi Sveinbjörnsdóttur, Söndru Hilmarsdóttur, Sigurlaugu Hrönn Valgarðsdóttur, Unu Aldísi Sigurðardóttur, Völu Hrönn Margeirsdóttur og Valdísi Ýr Ólafsdóttur. Krækjur fóru með tvö lið á Sigló Hótel - Benecta mót BF á Siglufirði helgina 23.-25. febrúar 2024. Krækjur A spiluðu í 1. deild og enduðu í 3. sæti en Krækjur B spiluðu í 4. deild og enduðu í 5. sæti. Krækjur létu sig ekki vanta á Öldungamót BLÍ sem haldið var í Mosfellsbæ 9.- 11. maí 2024 en mótið er einskonar árshátíð blakara 30 ára og eldri. Krækjur A spiluðu í 2. deild og enduðu í 3. sæti og Krækjur B spiluðu í 7. deild og enduðu í 5. sæti.

*f.h. Stjórnar Ungmennafélagsins Hjalta, Kathrina Sommermeier*

Stjórn Ungmenna- og Íþróttafélags Smára árið 2024 skipuðu: Sarah R Holzem (formaður), S Fjóla Viktorsdóttir (gjaldkeri), Sigurlína H Einarsdóttir (ritari) og Anna Lilja Guðmundsdóttir, Ditte Clausen, Sif Kerger og Sigurður Jóhannsson (meðstjórnendur).

Við erum mjög ánægð með að geta boðið iðkendum okkar upp á fjölbreytt úrval af æfingum.Í Barna- og unglingastarfi er boðið upp á Fimleika, Frjálsar Íþróttir, Körfubolta, Fótbolta auk BBB sem er æfing fyrir 7.-10. bekk. Það eru breytilegar æfingar eftir áhuga þeirra, t.d. Bandý, Handbolti, Blak ofl.

Leikjanámskeið U.Í. Smára okkar var með svipuðum hætti eins og síðustu ár mjög vel sótt og voru 49 börn skráð sumarið 2024. Iðkendur okkar hafa sótt ýmis mót á árinu í ýmsum greinum, auk þess eru einhverjir iðkendur sem sækja mót með liðum frá Tindastól og keppa undir merki UMSS. Stór hópur Frjálsíþrótta iðkenda okkar kepptu á Íslandsmótum og stefna á keppnisferð erlendis árið 2025. Meira en 90% nemendur Varmahlíðarskóli sækja æfingar U.Í. Smára og flestir æfa fleiri en 1 grein.

Í sumar var í nokkur skipti boðið upp á hitting á Íþróttavellinum fyrir börn á leikskólaaldri til að hittast og leika sér saman.

Fastur liður í okkar starfi er að veita börnum í 1.bekk Varmahlíðarskóla búningastyrk. Þau fá merktan keppnisbúning og peysu að gjöf frá félaginu en félagið hefur fengið styrk frá kvenfélögum í nærsamfélaginu til að þetta verkefni okkar gangi upp. Kvenfélögunum er veitt kær þökk fyrir sitt framlag!

Fyrir 16 ára og eldri er boðið upp á Smárafit, Stöðvaleikfimi, Kvenna körfubolti og Styrkæfingar. Auk þess er fótbolti og körfubolti í boði í Íþróttahúsinu. Mikil aukning er á áhuga og mæting góð á Smárafit æfingar og er allt upp í 4 æfingar í viku, félagið hefur reynt að kaupa inn búnað til að auka betri aðstöðu og möguleika á að bjóða upp á fjölbreyttari æfingar.

Iðkendur 60 ára og eldri sem sækja æfingar hjá U.Í. Smára borga engin æfingagjöld.

Stökkmót Smára var haldið í þriðja skiptið í apríl og erum við virkilega ánægð að geta boðið upp á þetta skemmtileg öldungamót sem Karl Lúðvíksson kom á laggirnar.

Ungmenna- og Íþróttafélagið Smári er kröftugt félag sem er mikilvægt fyrir áframhaldandi íþróttastarf í samfélaginu okkar. Við erum við afar þakklát öllum þeim sem leggja sitt af mörkum með sjálfboðastarfi, vinnuframlagi og styrkjum.
Sérstakar þakkir fá þjálfarar okkar sem gera starfið okkar mögulegt.

*f.h. stjórnar Ungmenna- og Íþróttafélags Smára, Sarah R Holzem formaður.*




UMF
HJALTI
1927



## Ungmennafélgið Hjalti



Páskaeggjabingó var haldið á vegum Ungmennafélags Hjalta í húsnæði Grunnskólans á Hólum þann 23. mars 2024. Viðburðurinn var eingöngu auglýstur á fésbókarsíðu félagsins. Það virkaði því þátttakan var fín, um fimmtíu manns mættu og áttu góða stund saman, boðið var uppá ókeypis hressingu, kaffi, kökur, djús og kex.

Ungmennafélagið hvatti íbúa Hólastaðs til að taka þátt á umhverfisdegi ,,FISK Seafood“ 4. maí 2024. Hópur fólks kom saman til að taka þátt í hreinsunarstarfinu, vopnað ruslapokum. Eftir hreinsunarstarfið bauð Ungmennafélagið þátttakendum upp á grillaður pylsur, gos og kex.

Fastur liður í skipulagi UMF Hjalta er leikjanámskeið fyrir börn á aldrinum 5 til 12 ára sem haldið er allan júní á hverju ári og stendur allan mánuðinn. Lögð er áhersla á útivist og hreyfingu, gönguferðir, ýmis konar íþróttaæfingar, uppsetning á smíðavelli, tálgun, skipulagða leiki, hjólreiðar og fleira. Á námskeiðið mættu til leikja og starfa tuttugu og sex glaðir krakkar.

Árlegur viðburður í starfi UMF Hjalta er að skipuleggja Þjóðhátíðardaginn 17. júní og halda utan um dagskrá dagsins. Helstu viðburðir eru að standa fyrir Byrðuhlaupi, en þá hittast keppendur hjá grunnskólanum á Hólum, ræst er við skilti Skógræktarfélagsins við tjaldsvæðið, síðan er hlaupið eftir göngustígnum upp í Gvendarskál, metið er 25 mínútur. Þar er tekið á móti keppendum með hressingu, kexi og djús. Árið 2024 þurftum við að stytta hlaupið um nokkra hundrað metra, þar sem snjóþungt var í Gvendaskálinni þann 17. júní. Hlaupið endaði strax þegar keppendur náðu upp á brún í Gvendaskálinni.

Reynt hefur verið að hafa sundlaugina á Hólum opna fyrir keppendur þegar þeir koma niður. Eftir hádegi á Þjóðhátíðardaginn er svo farið í skrúðgöngu, gengið frá aðalbyggingu á Hólum í einum hóp. Við grunnskóla er sett upp grill og pylsur grillaðar fyrir alla, djús í boði og fánar settir upp. Síðan er verðlaunaafhending fyrir Byrðuhlaup, einfaldir hópleikir spilaðir, m.a. reipitog.

Krækjur blakfélag tóku þó þátt í Íslandsmóti BLÍ og spiluðu í 2. deild tímabilið 2023-2024 eins og síðastliðin ár. Íslandsmótið í 2. deild er spilað á þremur helgum, ein umferð á milli 12 liða og svo efri og neðri úrslit. Fyrstu sex leikirnir voru spilaðir 10.-12. nóvember 2023 á Húsavík og síðustu fimm leikirnir 12.-14. janúar 2024 í Laugardalshöll. Eftir umferðina var liðið í 7. sæti með 6 sigurleiki og 20 stig. Krækjur spiluðu því í neðri úrslitum í Kópavogi 15. – 17. mars 2024 og endaði liðið í 10. sæti. í 2. deildinni. Lið Krækja á Íslandsmótinu var skipað Áslaugu Helgu Jóhannsdóttur, Elsche Oda Apel, Guðrúnu Vigdísi Jónasdóttur, Helgu Fanneyju Salmannsdóttur, Írisi Sveinbjörnsdóttur, Söndru Hilmarsdóttur, Sigurlaugu Hrönn Valgarðsdóttur, Unu Aldísi Sigurðardóttur, Völu Hrönn Margeirsdóttur og Valdísi Ýr Ólafsdóttur. Krækjur fóru með tvö lið á Sigló Hótel - Benecta mót BF á Siglufirði helgina 23.-25. febrúar 2024. Krækjur A spiluðu í 1. deild og enduðu í 3. sæti en Krækjur B spiluðu í 4. deild og enduðu í 5. sæti. Krækjur létu sig ekki vanta á Öldungamót BLÍ sem haldið var í Mosfellsbæ 9.- 11. maí 2024 en mótið er einskonar árshátíð blakara 30 ára og eldri. Krækjur A spiluðu í 2. deild og enduðu í 3. sæti og Krækjur B spiluðu í 7. deild og enduðu í 5. sæti.

*f.h. Stjórnar Ungmennafélagsins Hjalta, Kathrina Sommermeier*

## Ungmennafélgið Neisti



Uppstaðan í starfinu árinu 2024 voru íþróttir yngri flokka ásamt fjölþættu starfi í kringum það, stjórnun, fjáröflunum og skipulagningu.
Yngri flokkar voru með æfingar stærsta hluta ársins og fóru auk þess á mót. Ólafur Karlsson var yfirþjálfari og honum til halds og trausts við afleysingar, æfingar og umsjón á mótum, voru Inga Dögg Jónsdóttir og Kolbrún Ynja Stefánsdóttir.
Elja krakkanna er til mikillar fyrirmyndar og langflestar æfingar utandyra þrátt fyrir misjafna tíð á árinu. Í hópnum eru margir verulega efnilegir knattspyrnukrakkar sem vonandi halda áfram að sinna æfingum af krafti. Á árinu 2025 er stefnt á svipað starf og keppni á mótum eins og undanfarin ár.
Farið var á mót og keppnir á árinu 2024. Stærsti viðburðurinn var N1 mótið á Akureyri 3.-6. júlí. Þar voru spilaðir margir spennandi og skemmtilegir leikir og úrslit leikja vel ásættanleg enda framfarir góðar. Króksmót á Sauðárkróki var svo 9.-11. ágúst og Neisti mætti með lið til leiks. Fjölmargir jafnir og skemmtilegir leikir voru á mótinu og oft barátta fram á síðustu sekúndu. Sigur vannst í riðlinum og góð niðurstaða heild þrátt fyrir erfiðan úrslitariðil. Sannarlega skemmtilegt mót.
Eins og undanfarin ár kom Siguróli Kristjánsson frá KSÍ og var með boltaþrautir og kennslu seinnipartinn í júlí. Mæting var góð á þetta verulega góða framlag KSÍ til að auka veg íþróttarinnar. Að loknu fjörinu fengu allir flottar gjafir frá KSÍ.

Sundæfingar, sem voru á dagskrá árið 2023, féllu því miður niður en einhverjar vonir standa til að þær geti hafist á nýjan leik. Rétt fyrir áramót hlutu Monika Rut Garðarsdóttir og Valþór Máni Helgason hvatningarverðlaun UMSS fyrir mætingu, dugnað og elju í íþróttum á árinu.

Aðalfundur Neista var í febrúar. Málefni fundarins voru fjölmörg og umræður fjörugar enda margt á döfunni nú sem endranær. Eftir fundinn sátu í stjórn Margrét Berglind Einarsdóttir formaður og aðrir í stjórn, Guðrún Þorvaldsdóttir, Hjalti Þórðarson, Sigmundur Jóhannesson og Sólrún Þorgilsdóttir.

Vallarstjóri var Sigurmon Þórðarson sem sá um að halda vellinum í sem bestu standi og svæðinu í kring sem snyrtilegustu. Eignir félagsins þurfa nokkuð viðhald eins og eðlilegt er og var því sinnt eftir föngum. Fjárfest var í áburðardreifara og garðsláttuvél á árinu.

Önnur störf á vegum félagsins voru allmörg eins og undanfarin ár og tengjast flest einhverjum fjáröflunum stórum og smáum. Umhverfisdagur Fisk Seafood og Neista var í maí og tókst með afbrigðum vel og var þéttbýlið á Hofsósi og sveitin í kring hreinsuð sem aldrei fyrr. Sannarlega gott samstarfsverkefni sem verður vonandi framhald á og líka sem fjáröflun fyrir félagið. Jólaspilavist, að þessu sinni í Höfðaborg, og Páskabingó í Höfðaborg voru á sínum stað og skiluðu góðum hagnaði. Nokkuð fastar og reglulegar fjáraflanir voru m.a. sala á fiski, kertum, jóla- eldhús- og salernispappír, dúkaleiga, skil á flöskum og dósum í endurvinnslu og smávegis þökuskurður.

*f.h. Stjórnar Ungmennafélagsins Neista, Hjalti Þórðarson og Ólafur Karlsson*

## Ungmennafélagið Tindastóll

Starf U.M.F. Tindastóls gekk almennt vel á árinu 2024. Fjölbreytt starfsemi var í gangi innan félagsins, og unnu deildir Tindastóls öflugt starf í fjölbreyttum greinum. Áhersla var lögð á samvinnu og eflingu starfseminnar, bæði innan félagsins og í samstarfi við önnur íþróttafélög á Norðurlandi vestra.

Aðalstjórn U.M.F. Tindastóls fundaði reglulega á árinu, bæði í raunheimum og í gegnum Teams. Á fundum stjórnar var fjallað um málefni líðandi stundar sem og ýmis önnur mál sem bárust aðalstjórn til umfjöllunar. Aðalstjórn vann í góðu samstarfi með deildum félagsins, þó mismikið eftir þörfum. Í einhverjum tilfellum hafði aðalstjórn afskipti af rekstri einstakra deilda þegar óskað var eftir slíkri aðkomu.

Til að styrkja rekstur deildanna ákvað aðalstjórn að veita deildum fjármagn úr eigin sjóðum. Um var að ræða einskiptis rekstrarstyrk sem veittur var að því markmiði að efla starf deildanna og tryggja áframhaldandi góða starfsemi.

Þá hefur aðalstjórn skoðað möguleika á merkingum á íþróttarhúsið. Verkið er enn í vinnslu, en ætlunin er að tryggja að merki Tindastóls fái sinn sess í höfuðvígi félagsins, Síkinu.

Íþróttarmaður Tindastóls var kosinn af formönnum deilda og aðalstjórn og var það körfuknattleiksmaðurinn Adomas Drungilas sem hlaut nafnbótina árið 2024 fyrir framlag sitt til körfuknattleiksdeildar. Var honum veitt viðurkenning á uppskeruhátíð UMSS í desember.

Sífellt er unnið að eflingu samstarfs við önnur íþróttafélög á Norðurlandi vestra og fagnar aðalstjórn þeirri stefnu. Þetta samstarf hefur skilað góðum árangri og er það von aðalstjórnar að haldið verði áfram að vinna að frekari samvinnu og þátttöku í sameiginlegum verkefnum við önnur íþróttarfélög.

Samtöl hafa einnig farið fram við sveitarfélagið um aðstöðumál Tindastóls. Mikil og brýn þörf er á bættri aðstöðu fyrir starfsemi deilda, og hefur aðalstjórn lagt áherslu á að vinna að þessum umbótum í samráði við sveitarfélagið. Aðalstjórn hefur kallað eftir framtíðarstefnu í uppbyggingu íþróttamannvirkja í sveitarfélaginu og að tryggt verði virkt samtal við íþróttafélögin á svæðinu í þeim efnum. Skýr markmið um uppbyggingu innviða er lykilforsenda fyrir kröftugu íþróttastarfi.

Aðalstjórn U.M.F. Tindastóls þakkar innilega öllum öflugum sjálfboðaliðum sem hafa lagt sitt af mörkum til starfsemi félagsins á árinu. Án þeirra væri ekki mögulegt að halda úti jafn öflugu starfi og raun ber vitni. Við lítum stolt til baka yfir árið og það mikla og fjölbreytta starf sem unnið hefur verið á öllum sviðum félagsins. Með áframhaldandi áherslu á gott samstarf, bætta aðstöðu og eflingu starfseminnar er framtíðin björt.

*Fyrir hönd aðalstjórnar U.M.F. Tindastóls, Magnús Barðdal Reynisson, formaður*

**DEILDIR**

UMFT Badmintondeild
UMFT Bogfimideild
UMFT Frjálsíþróttadeild
UMFT Júdódeild
UMFT Knattspyrnudeild
UMFT Körfuknattleiksdeild
UMFT Skíðadeild
UMFT Sunddeild

## UMFT Badmintondeild

Badmintondeild Tindastóls var formlega stofnuð á haustmánuðum 2020 en aðstandendur deildarinnar höfðu þá staðið að æfingum fyrir iðkendur á grunnskólaaldri í tvo vetur. Í stjórn deildarinnar sitja Helgi Jóhannesson sem jafnframt er þjálfari, Freyja Rut Emilsdóttir sem gegnir formannsstöðu og Sigríður Jensdóttir. Afar gott samstarf hefur verið við aðalstjórn Tindastóls, framkvæmdastjóra UMSS og forsvarsmenn Sveitarfélagsins Skagafjarðar. Fyrstu tvö árin fékk deildin tvo tíma í íþróttahúsinu, Þriðja veturinn bættist þriðji tíminn við auk þess sem tímarnir voru fyrr að deginum til (kl 16 í stað kl 18) og fjórða veturinn bættist fjórði tíminn við. Veturinn 2023-2024 hafa æfingar verið tvsivar í viku fyrir 1.-10.bekk.1.-4.bekkur:Þriðjudaga og fimmtudaga frá kl 16:10-17:00, 5.-10.bekkur: Þriðjudaga og fimmtudaga frá kl 17.00-17.50

Barna- og unglingastarf er sem fyrr í algjörum forgangi hjá Badmintondeild Tindastóls og markmiðið að fjölga iðkendum í öllum aldursflokkum, ekki er lögð áhersla á keppni en þó hefur keppendum deildarinnar fjölgað mjög. Í september og janúar hefur alltaf verið frítt að æfa og æfingagjaldi er haldið í algjöru lágmarki, í vetur var það 6500.- fyrir önnina.

Keppnisveturinn 2023-2024 hófst í lok ágúst, byrjun september þegar þær Emma Katrín og Júlía Marín fóru til Fredrikshavn í Danmörku og tóku þátt í stóru móti ásamt 50 manna hóp frá Íslandi. Júlía keppti í U13B í einliðaleik og tvenndarleik og U15C í tvíliðaleik. Hún meðspilari hennar unnu mótið í tvenndarleik. Emma Katrín spilaði í U17-19B í einliðaleik og tvíliðaleik, en senior c í tvenndarleik. Emma vann alla leikina sína á mótinu og allar greinarnar sem hún keppti í.

Í byrjun október var keppt á Siglufirði. Mótið er hluti af mótaröð Badmintonsambandsins og gefur stig á styrkleikalista. Keppendur Tindastóls, þær Júlía Marín og Emma Katrín áttu afar gott mót. Júlía Marín sigraði í bæði einliðaleik og tvíliðaleik. Emma Katrín sigraði einliðaleik en tapaði naumlega í oddalotu í tvíliðaleik.

Í lok október var Vetrarmót unglinga sem fór fram í TBR. Tindastóll sendi tvo þátttakendur til leiks, þær Emmu Katrínu sen keppir í U17A og Júlíu Marín sem keppir í U13A. Júlía Marín komst í úrslit í öllum greinum, vann einliðaleik og tvenndarleik, en fékk silfur eftir hörkuspennandi oddalotu í tvíliðaleik. Emma vann tvíliðaleikinn.

Í janúar fór Meistaramót TBR fram. Tindastóll sendi einn keppanda til leiks, Emmu Katrínu, sem keppir í 2.deild. Þetta var fyrsta fullorðinsmótið í vetur sem Emma tekur þátt í, en inní mótið er raðað eftir styrkleikalista BSÍ. Emma vann mótið í einleiðaleik og spilaði til úrslita í bæði tvíliðaleik og tvenndarleik

Í byrjun febrúar fór Unglingameistaramót TBR, sem er hluti af RIG íþróttahátíðinni, fram í húsakynnum TBR í Gnoðarvoginum. Tindastóll sendi tvo keppendur til leiks, þær Júlíu sem keppir í U13A og Emmu, sem keppir í U17A. Emma náði sér ekki á strik og náði lengst í undanúrslit í tvíliðaleik. Júlía tapaði í undanúrslitum í einliðaleik en keppti til úrslita í bæði tvíliðaleik og tvenndarleik, þar sem hún sigraði báðar greinar ásamt meðspilurum sínum.

Landsbankamót ÍA fór fram um miðjan mars, í húsnæði TBR í Reykjavík. Tindastóll sendi fjóra keppendur til leiks, þá Ólaf og Karl sem keppa í U11 og þær Sigurbjörgu Sól og Júlíu Marín sem keppa í U13. Krakkarnir spiluðu hrikalega vel og allir náðu að komast áfram í fyrstu umferð, lengst náðu þau Ólafur sem spilaði til undanúrslita í einliðaleik í aukaflokki og Júlía sem spilaði til úrslita í öllum greinum, þar sem hún sigraði í einliðaleik og tvíliðaleik, en tapaði í oddalotu í tvenndarleik. Frábær árangur hjá okkar fólki, og margir sem voru að taka sín fyrstu skref á keppnisvellinum á þessu skemmtilega móti.

Íslandsmót unglinga fór að venju fram í byrjun apríl. Tindastóll sendi þrjá keppendur til leiks, þau Karl sem keppir í U11B, Júlíu Marín sem keppir í U13A og Emmu Katrínu sem keppir í U17A. Í U11B var spilað í einliðaleik og tvíliðaleik, en ekki keppt til úrslita. Karl keppti í báðum greinum og spilaði marga hörkuleiki. Emma Katrín spilaði mjög vel í erfiðum flokki og náði í undanúrslit í öllum greinum, Júlía Marín átti einnig gott mót, hún náði í undanúrslit í einliðaleik og spilaði til úrslita í bæði tvíliða- og tvenndarleik. Hún fékk silfur í tvenndarleik en vann tvílliðaleik ásamt meðspilara frá ÍA. Það kom því einn Íslandsmeistaratitill með norður!

Seinnihluta apríl voru haldnar æfingabúðir fyrir æfingahópa yngri landsliða Badmintonsambands Íslands og átti Badmintondeild Tindastóls þar tvo fulltrúa, þær Emmu Katrínu og Júlíu Marín.

Meistaramót Íslands fór fram í húsnæði BH við Strandgötu dagana 25.-27.apríl. Tindastóll sendi einn keppandi til leiks, Emmu Katrínu Helgadóttur, sem keppti í 2.deild. Emma Katrín spilaði mjög vel og vann mótið sannfærandi, án þess að tapa lotu. Fyrsti Íslandsmeistaratitill Tindastóls í fullorðins flokki í badminton!

Dagana 10.-11.maí fóru Snillingamót og Bikarmót BH fram í íþróttahúsinu við Strandgötu í Hafnarfirði. Tindastóll sendi 9 þátttakendur til leiks og er það metþátttaka, aldrei hafa fleiri Tindastólskrakkar tekið þátt í einu móti. Í U9 tóku þátt þeir Aron Elmar, Aron Sölvi, Almar Logi, Hafþór Nói og Jóel Darri, í U11 tóku þátt þeir Ólafur Bjarni og Karl Goðdal og í U13 þær Sigurbjörg Sól og Júlía Marín.

Margir voru að taka sín fyrstu skref á keppnisvellinum og stóðu sig svakalega vel, margir hörkuleikir og frábær tilþrif.





Þar með lauk keppnistímabilinu veturinn 2023-2024, en þar að auki var Emma Katrín Helgadóttir valin í hóp þriggja ungmenna sem tóku þátt í Evrópusumarskóla Badminton Europe. Það er landsliðsnefnd Badmintonsambands Íslands sem velur hópinn. Sumarskóli Badminton Europe er árlegt verkefni og fór að þessu sinni fram í Tallin, Eistlandi dagana 6.-13. júlí. Samankomnir voru 64 spilarar frá 22 löndum ásamt 11 þjálfurum, en æfingabúðrnar eru nýttar sem endurmenntun fyrir þjálfara. Frábært tækifæri, frábær reynsla og mikill heiður að vera valin til þátttöku í svona verkefni.

*f.h. Stjórnar Badmintondeildar Tindastóls, Freyja Rut Emilsdóttir formaður*

## UMFT Bogfimideild

Ársskýrsla Bogfimideildar Tindastóls

Æfingar fjöldi hefur haldist svipaður 2024. Ca 8-9 18 og yngri að æfa svo 1-2 fullorðnir bæði um veturinn og haustið

Opið hefur verið fyrir alla að koma og prófa og hefur verið þó nokkuð um það.

Komin meiri ró á æfingarnar eftir formi var breytt með að foreldrar þyrftu að vera með 12 ára og yngri í byrjun.

Tekið var þátt í Hreininsverkefni Fisk Seafood og mættu nokkrir frá deildinni og aðstoðuð við að týna upp rusl

Engar æfingar haldnar i Varmahlíð vegna manneklu

Ekki voru haldnar æfingar um sumarið.

Fjárhagur deildarinnar helst góður vegna styrkja sem deildin fær og því er hægt að bjóða uppá hagstæð æfingargjöld. Og deildin nokkuð vel búin búnaði.

Stendur að þjálfara að reyna að gera æfingar eftirsóknarverðari og að mæting verði betri, en aðrar íþróttagreinar sem iðkendur eru líka að stunda hafa verið að taka orku frá sem og tímasetning æfinga þyrfti að vera fyrr. 1-2 klst fyrr en nú er væri best.

Ekki höfum við enn sent einstaklinga á íslandsmót og hallast það einn helst einmitt betri mætingu og betri tímum til æfinga sem henta.

Þrátt fyrir að með að sett hafi verið upp net fyrir æfingarnar til hliðar svo hægt væri að nýta salinn betur að þá er það að taka frekar mikinn tíma af hverri æfingu bæði í uppsetningu og frágang

Því ítrekar stjórn mikilvægi þessa að bogfimi geti komist í aðstöðu eins og Bogfimisamband ísland telur æskilegt að bogfimi sé stunduð í og hafi fasta aðstöðu þannig ekki þurfi að vera ganga frá mörkum og neti eftir hverja æfingu og að æfingar getið farið fram 6 daga vikunnar og á þeim tímum sem gæti hentað betur ákveðnum aldurshópum sem og einnig mögulega aukið þátttöku eldri iðkenda 60+

Fyrir hönd stjórnar

Indriði R. Grétarsson

Dags 16.03.2025




## UMFT Frjálsíþróttadeild

Aðalfundur Frjálsíþróttadeildarinnar var haldið 4. mars 2024 og urðu nokkrar breytingar á stjórn. Þar var Laufey Rún Harðardóttir kosinn formaður, Thelma Knútsdóttir ennþá í stjórn. Jóhanna Ey Harðardóttir gekk úr stjórn Jón Kolbeinn Jónsson kom í staðinn. Helena Magnúsdóttir gjaldkeri og Kolbrún Þórðardóttir áfram í stjórn.

Starf frjálsíþróttadeildar Tindastóls var með nokkuð hefðbundnu sniði þetta ár.
Fjöldi iðkenda í 1. og 2. bekk og 3.-4. bekk hefur verið nokkuð stöðugur, en það fækkaði þó eitthvað í sumar þar sem okkur vantaði þjálfara í nokkar vikur og þá duttu út einhverjir iðkendur sem komu þá flestir aftur um veturinn. Fjöldi iðkenda í elsta aldurshópnum hefur verið nokkuð stöðugur undanfarin ár og var svo einnig á þessu ári.
Fjöldi stórra og smárra móta var í boði, bæði innanlands og utan. Iðkendur okkar voru duglegir að sækja þessi mót. Miklar og góðar framfarir urðu hjá æfingahópunum okkar.

Foreldrafundur var haldin fyrir foreldra barna í 1.-8. bekkjar 4.september. Vel var mætt af foreldrum og Sveinbjörn fór yfir æfingar, kids athletics og næstu mót. Rætt var hvort við ættum að koma á laggirnar einhvers konar foreldraráði sem myndi þá skipuleggja ferðamáta og gistingu í kringum mótin. Það var tekið vel í það enn þó var enginn tilbúinn að bjóða sig keppnisferðalag á Gautaborgarleikana, áhugi var til staðar og því var ákveðið að fara í að finna dag fyrir fund til að ræða og skipuleggja það betur.

Sameiginlegur fundur með Smáranum var haldin 11.nóvember þar sem rætt var fyrirhugaða Gautaborgarferð. Nokkrir foreldar tóku að sér að skipuleggja ferðamátann og aðrir að skipuleggja fjáraflanir og gott að sjá hvað það voru allir tilbúnir að leggja eitthvað á vogarskálarnar.

Sótt var um ýmsa styrki að venju og fengust sumir en aðrir ekki eins og gengur. Deildin fékk þó í sinn hlut ferðastyrk frá ÍSÍ auk þess sem deildin fékk sína árlegu styrki frá Sveitarfélagi Skagafjarðar og Kaupfélagi Skagfirðinga. Við keyptum engin tæki í ár. Við þurfum þó að fara að fjárfesta í innanhúss skutlum, kúluvarps kúlum fyrir yngstu iðkendurna okkar og fleiri grindum.

Árlega uppskeruhátíð UMSS var haldin 19. desember það sem útnefnt lið ársins, þjálfara ársins og íþróttamaður ársins. Deildin sendi inn umfjöllun um tvo fulltrúa í það val, þau Ísak Óla Traustason sem Íþróttamann Skagafjarðar og Sigurðar Arnar Björnsson sem Þjálfara Skagafjarðar. Að þessu sinni lutu fulltrúar okkar í lægra haldið fyrir öðrum. Á þessari hátíð voru líka Hvatningarverðlaun 2024 afhent.

Deildin á einn fulltrúa í Unglingalandsliði FRÍ - Súsanna Guðlaug Halldórsdóttir í 60 m grind, 80m grind og hástökki.

*f.h. Stjórnar Frjálsíþróttadeildar Tindastóls, Laufey Rún Harðardóttir formaður*

## UMFT Júdódeild

Þetta er ellefta árið sem Júdódeild Tindastóls er starfrækt eftir að starfsemi hennar var endurvakin haustið 2014, en fram að því hafði ekki verið boðið upp á júdó á Sauðárkróki í yfir áratug. En Júdódeildin var formlega samþykkt á ný sem deild innan Ungmennafélags Tindastóls á aðalfundi þann 2. mars 2016.

Fyrstu tvö árin fóru æfingar fram í íþróttasal gamla barnaskólans milli Freyjugötu og Sæmundargötu en eftir að sveitarfélagið seldi það húsnæði árið 2016 fluttist æfingaaðstaðan í íþróttahúsið á Sauðárkróki. Síðasta haust fluttum við svo í okkar eigin æfingaaðstöðu.

Vorönn hófst 1. febrúar og lauk 30. maí, þjálfari var Annika Líf Maríudóttir Noack.

Júdódeildin var með 4 námskeið í Sumar TÍM í júní sem Annika sá um og svo voru sumaræfingar í júní og júlí þar sem Eirini Fytrou og Annika voru þjálfarar.

Haustönnin hófst 25. september og lauk 20. desember, þjálfari var Annika Líf Maríudóttir Noack.

Aðalfundur Júdódeildar Tindastóls var haldinn 18. apríl í matsal heimavistar FNV. Skýrsla formanns var lesin upp og samþykkt, reikningar lagðir fram til samþykktar og stjórn kosin, Grétar Karlsson formaður var endurkjörinn og Joann Grace Sandoval Mertola var kosin gjaldkeri og Auðbjörg Ósk Guðjónsdóttir var kosin ritari.

### Mót og aðrir viðburðir

#### Trofee van de Donderslag

Einn keppandi frá Júdódeild Tindastóls tók þátt Trofee van de Donderslag í Belgíu janúar og vann þar til silfurverðlauna.

#### Matsuru Dutch Open

Einn keppandi frá Júdódeild Tindastóls tók þátt Matsuru Dutch Open í Hollandi í janúar en vann ekki til verðlauna.

#### Kids Kata Festival

Kids Kata Festival var haldið 3. mars hjá Ármanni. Þetta var fyrsta opinbera kata-hátíðin á Íslandi og tóku 9 iðkendur frá Júdódeild Tindastóls þátt í hátíðinni auk þess sem Annika tók þátt í þjálfaranámskeiði sem haldið var á hátíðinni. Á hátíðinni var fyrsta Íslandsmótið í kata haldið og lenti Tindastóll í öðru sæti í kyu-flokki. Tindastóll vakti athygli á hátíðinni fyrir góða þátttöku og hæfileika. Hafði Dr Lazslo Toth, forseti EJU, meðal annars orð á því að iðkendur og þjálfari Tindastóls ættu að vera með hærri beltagráðu miðað við frammistöðuna.

#### Vormót JSÍ yngri

Vormót JSÍ yngri flokka var haldið 16. mars í íþróttahúsi KA á Akureyri. Júdódeild Tindastóls var fimm keppendur og fór heim með eitt gull, tvö silfur og eitt brons.

#### EJU championship Zagreb Camp

Tveir iðkendur frá Júdódeild Tindastóls tóku þátt í æfingabúðum á vegum EJU í Zagreb í apríl. Þá fór Annika einnig sem þjálfari á vegum JSÍ. Æfingabúðunum var stýrt af Nuno Delgado og auk þess voru fleiri þjálfarar sem hafa unnið til verðlauna á Ólympíuleikum.

#### Íslandsmót yngri flokka

Íslandsmót yngri flokka fór fram 13. apríl í Ármanni. Júdódeild Tindastóls var með þrjá keppendur og eignaðist einn Íslandsmeistara auk þess að fara heim með tvö brons.

#### Páskamót JR

Páskamót JR var haldið 6. apríl í sal JR. Júdódeild Tindastóls var með tvo keppendur sem báðir unnu silfurverðlaun.

#### Masterclass Gary Edwards/ tæknimót

Masterclass Gary Edwards og tæknimót var haldið í Reykjanesbæ 18. og 19. maí. Átta iðkendur frá Júdódeild Tindastóls tóku þátt námskeiði sem Gary Edwards hélt og svo tóku fimm iðkendur þátt í tæknimótinu. Þátttakendur frá Tindastól unnu gull í eldri flokki og gull, silfur og brons í yngri flokki.

#### Judo & Fun Camp 2024

Einn iðkandi frá Júdódeild Tindastóls tók þátt í Judo & Fun Camp 2024 í Köln í september. Þar hittum við aftur Nuno Delgado sem starfar fyrir EJU. Við vorum í smá viðtali við hann um júdó á Íslandi.

#### World Judo Day/Opið dojo

Í tilefni af því að vera komin með okkar eigin æfingaaðstöðu og til að halda upp World Judo Day vorum við með opið dojo þar sem gestum var boðið að skoða aðstöðuna. Karl Lúðvíksson sagði frá sögu júdós í Skagafirði og iðkendur voru með smá sýningu.

#### Haustmót JSÍ

Haustmót JSÍ var haldið 5. október í Reykjanesbæ. Júdódeild Tindastóls var með fimm keppendur sem unnu til tvennra gullverðlauna, tvennra silfurverðlauna og einna bronsverðlauna.

#### Æfingabúðir í Skotlandi

Þrír iðkendur tóku þátt í æfingabúðum í Skotlandi í nóvember. Þar var æft í aðstöðu Skoska Júdósambandsins og iðkendur fengu kennslu frá þjálfara skoska sambandins

#### Heimsókn frá Julien Brulard (judo nomad)

Í nóvember kom í heimsókn til okkar Julien Brulard, sem kallar sig judo nomad. Hann hefur verið að ferðast um heiminn og kenna júdó, tengja júdófélög og kynna júdó á samfélagsmiðlum. Hann eyddi nokkrum dögum hjá okkur og ken



*Julien með iðkendum og þjálfara*



*Þáttakendur Tindastóls á Masterclass með George og Eirini þjálfurum JRB, Zaza landsliðsþjálfara og Gary Edwars*

*f.h. Stjórnar Júdódeildar Tindastóls, Grétar Karlsson formaður*



*Hanna Maja með Nuno Delgado*

## UMFT Knattspyrnudeild

**Skýrsla stjórnar knattspyrnudeildar Tindastóls**

Knattspyrnuárið 2024 var gott. Meistaraflokkur kvenna hélt sæti sínu í Bestu deild og meistaraflokkur karla varð deildarmeistari í 4. deild og leikur því komandi tímabil í 3. deild. Þegar horft er til knattspyrnuársins er ýmislegt sem hægt er að staldra við og óska að hlutir hefðu farið á annan veg eða verðir gerðir öðruvísi. Það verður alltaf erfiðara og erfiðara að halda úti knattspyrnudeild á landsbyggðinni. Rekstur deildanna er þyngri með hverju árinu og erfiðara er að afla styrktaraðila. Við horfum þó bjartsýn til framtíðar en til þess þurfa allir að leggjast á eitt.

Að áliti stjórnar knattspyrnudeildarinnar koma fram í ársreikningi allar þær upplýsingar sem nauðsynlegt er til að glöggva sig á fjárhagsstöðu í árslok og rekstrarárangri ársins.

Stjórn knattspyrnudeildarinnar þakkar öllum þeim sem komið hafa að starfi deildarinnar á þessu ári. Iðkendum, þjálfurum, stuðningsmönnum, styrktaraðilum og öllum þeim sem hafa lagt okkur lið.

Áfram Tindastóll.




*Stjórn Knattspyrnudeildar Tindastóls*

## UMFT Barna og unglingaráð knattspyrnudeildar

*Engin skýrsla barst frá Ungmennafélaginu Tindastól fyrir barna- og unglingráð knattspyrnudeildar Tindastóls fyrir starfsárið 2024*


LENGJAN
BL
JAKO

## UMFT Körfuknattleiksdeild

Ný stjórn tók við á aðalfundi sem haldinn var þann 22.júní 2023. Ekki var mikið um breytingar en nýja stjórn skipuðu: Dagur Þór formaður, Ingi Björgvin gjaldkeri, Freyja Rut ritari og meðstjórnendur þau Dagbjört Rós, Eyþór, Ari Freyr og Ágúst. Varamaður Einar.
Fyrstu verkefni stjórnar voru að ráða þjálfara fyrir bæði karla- og kvennaliðin, sem og að ganga frá samningum við leikmenn beggja liða. Aðalfundur 2023 hafði ályktað um stöðu íþróttahússins og félagsaðstöðu körfuknattleiksdeildarinnar, ályktunin var send til Feykis, birt á samfélagsmiðlum deildarinnar og send til sveitarfélagsins sem formlegt erindi. Ályktunin var svohljóðandi:

*Aðalfundur KKD Tindastóls tekur undir og ítrekar ályktun aðalfundar aðalstjórnar Tindastóls. Skorað er á Skagafjörð að hefjast þegar handa við að bæta aðstöðu fyrir íþróttaiðkun og félagsstarf á Sauðárkróki. Núverandi aðstaða er sprungin og mikilvægt er að farið sé í stækkun svo að körfuknattleiksdeild Tindastóls fái aðstöðu í takt við þarfir deildarinnar. Mikilvægt er að útbúa félagsaðstöðu fyrir Tindastól þar sem félagsmenn og iðkendur geti komið saman og sinnt sínu félagsstarfi. Skorar fundurinn á Skagafjörð að hefja vinnuna tafarlaust.*

Fjáraflanir hófust strax um sumarið og síðsumars var umtalsverð vinna við undirbúning íbúða fyrir leikmenn og þjálfara, þar sem ýmislegt þurfti viðhald og viðgerðir sem deildin tók að sér. Önnur fjáröflunarverkefni sumarsins voru td sjálfboðaliðastörf og mótahald í tengslum við Ungmennalandsmót UMFÍ sem fram fór á Sauðárkróki í ágúst 2023. Aðrar fjáraflanir ársins voru gluggaþvottar hjá fyrirtækjum, sópa plön hjá fyrirtækjum, stuðningsmannakvöld, selja hamborgara, sjá um uppsetningu og sjoppu á Króksblóti, jólahappdrætti, jólamót molduxa, páskamót molduxa, ganga frá eftir sjómannaball og árshátíð kennara ásamt fleiri verkefnum.

Tímabilið hófst með þátttöku meistaraflokk karla í Evrópukeppninni og spiluðu í Eistlandi. Liðið stóð sig frábærlega þegar Tindastóll varð fyrsta íslenska körfuboltaliðið til að sigra Evrópuleik í sautján ár og aðeins hársbreidd frá því að fara áfram í riðlakeppninni. Leikmenn liðsins unnu sér inn virðingu allra sem að keppninni komu með framkomu sinni og baráttu. Auk þess vann liðið yfirburðarsigur í stúkunni þar sem stuðningur liðsins var eftirtektarverður og umtalaður.

Deildarkeppnin hjá karlaliðinu byrjaði vel eftir Evrópukeppnina en þá fóru töluverð meiðsli að herja á okkar menn. Má segja að liðið hafi aldrei náð sér almennilega á strik allan veturinn eftir það. Það sást stundum giltta í hvað liðið gæti gert í sumum leikjum en enginn taktur eða stöðugleiki náðist í frammistöðuna. Um áramót var árið 2023 gert upp og varð Sigtryggur Arnar Björnsson bæði íþróttamaður Tindastóls og UMSS, Pavel Ermolinski þjálfari karlaliðsins fékk verðlaun sem þjálfari ársins hjá UMSS og meistaraflokkur karla var lið ársins. Karlaliðið varð síðan fyrir áfalli um miðjan mars þegar þjálfari liðsins fór í veikindaleyfi. Svavar Atli Birgisson og Helgi Freyr Margeirsson stigu inn og stýrðu liðinu það sem eftir var af tímabilinu og fá miklar þakkir fyrir að hafa verið við stjórnvöllinn í gríðarlega krefjandi og erfiðri aðstöðu. Þeir stýrðu liðinu í úrslit í bikarkeppninni þar sem sjá mátti troðfulla stúku af Tindastólsfólki, því miður tapaðist leikurinn.

Mfl kvk tefldi fram sterku liði í ár og var gríðarlega gaman að fylgjast með þeim í vetur. Stelpunnar spiluðu til úrslita um sæti í Subway deild kvenna, árangur kvennaliðsins er besti árangur kvennaliðs til margra ára og þær sýndu það í vetur að þær eiga svo sannarlega heima meðal þeirra bestu, þær unnu öll lið 1.deildarinnar, unnu Subwaysdeildar lið í fyrstu umferð úrslitakeppninnar og spiluðu hörkuleiki í úrslitakeppninni. Vegna úrsagnar liða í Subway deild kvenna var Tindastól boðið sæti þar, sem stjórn þáði. Mun því Körfuknattleiksdeild Tindastóls eiga bæði karla- og kvennalið í efstu deild á næsta tímabili. Það er áskorun að halda úti liði sem vill geta keppt meðal þeirra bestu og það er verkefni okkar allra að standa vörð um kvennaliðið og byggja það upp til framtíðar

Rekstur á metnaðarfullu starfi Körfuknattleiksdeildar Tindastóls væri ógerlegur ef ekki væri fyrir öflugan stuðning fyrirtækja, sveitarfélags og ekki síst fjölda sjálfboðaliða, þetta eru verðmæti sem margir myndu vilja hafa yfir að ráða en þetta er ekki sjálfsagt og fyrir þetta ber að þakka.

Þegar við leggjumst öll á eitt þá vitum við að hægt er að afreka stóra hluti.

*f.h. Stjórnar Körfuknattleiksdeildar Tindastóls, Dagur Þór Baldvinsson formaður*

## UMFT Unglingaráð körfuknattleiksdeildar

Eins og ársreikningur sýnir var rekstrarafkoma barna- og unglingastarfs neikvæð á árinu þrátt fyrir ötult starf við fjáraflanir. Helstu ástæður þessa eru mun hærri þóknanir til KKÍ, bæði í formi hærri þátttökugjalda og eins sektargreiðslur vegna þess að ekki náðist að manna lið í alla leiki. Við glímum við fámenni eins og margir landsbyggðaklúbbar og oftar en ekki þarf að fylla upp í lið með leikmönnum yngri liða.

Farið var í nokkrar fjáraflanir á árinu. Seldur var frosinn fiskur, klósettpappír, pizzadeig, o.fl. ásamt því að seldur var varningur merktur klúbbnum. Farið var í tvær dósa- og flöskusafnanir á árinu sem gáfu vel og er í dag okkar stærsta fjáröflun, auk þess taldar voru dósir sem söfnuðust saman í úrslitakeppni annars vegar og balli í reiðhöllinni hins vegar.

Styrkirnir voru þeir sömu og undanfarin ár, Ferðastyrkur ÍSÍ sem hjálpar til við rekstur bílaleigu bílsins, sveitarfélags styrkurinn og KS styrkurinn. Sótt var um styrki til UMFÍ og í Íþróttasjóðinn sem við fengum. Við fengum styrk frá FISK fyrir okkar árlega Króksamót auk þess tóku allt margir sjálfboðaliðar þátt í Umhverfisdegi FISK fyrir deildina og þökkum við öllum þessum aðilum fyrir þeirra framlag, án ykkar væri ekki hægt að reka starfið fyrir ungmenni okkur í körfu.

Króksamót var haldið 11.nóvember, á mótinu kepptu Tindastóll, Þór, Samherji og blönduð lið frá Kormáki, Fram og Hvöt. .Mótið er dagsmót þar sem aðalatriðið er skemmtun og spil.Næsta mót verður haldið 12. Október. Við héldum líka MB11 mót stúlkna 4 umferð í byrjun apríl sem tókst með prýðum og erum við þegar búin að fá það staðfest að við fáum aftur það mót og verður það haldið hér í lok mars 2025.

Landslið; Reynir Bjarkan Róbertsson var valin í landslið U20; Rebekka Hólm Halldórsdóttir, Orri Már Svavarsson og Veigar Örn Svavarsson komust í 16 manna hóp U20. Svo voru þau valin í æfingarhópa, Brynja Líf Júlíusdóttir U18, Emma Katrín Helgadóttir U16 og Hallur Atli Helgason U15.

Mikil breyting var á þjálfarahópi yngri flokka á þessu tímabili eins og tímabilin á undan. Pavel Ermolinski var yfirþjálfari, Cosmin Gabriel Blagoi var ráðinn þjálfari eldri flokka karla, María Anna Kemp Guðmundsdóttir hélt utan um 1.- 4. bekk stráka og stelpna auk þess að þjálfa elstu stelpurnar okkar, Hannes Ingi Másson tók við þjálfaraskyldum Maríu Önnu þegar hún sagði starfi sínu lausu í lok mars. Bogi Sigurbjörnsson þjálfaði Íslandsmeistara MB11 stráka og var aðstoðarþjálfari Cosmin og leikmenn meistarafl. kvenna Anika Hjálmarsdóttir þjálfaði 5.-6-bekk stúlkna, Inga Sigríður Jóhannsdóttir og Brynja Líf Júlíusdóttir þjálfuðu leikskólahópinn fyrir áramót. Auk þeirra vorum við með fjölda aðstoðarþjálfara í vetur, Eva Rún Dagsdóttir, Klara Sólveig Björgvinsdóttir, Sigurður Stefán Jónsson og Rannveig Guðmundsdóttir. Auk þeirra var ákveðið í byrjun tímabils að ráða Sigríði Ingu Viggósdóttur sem verkefnastjóra fyrir meistaraflokka auk barna- og unglingastarfs.

Mikið rót hefur verið í þjálfaramálum á undangengnum árum sem gerir langtímamarkmið og framtíðarsýn ómarkvissa. Unglingaráð hefur í hyggju að skapa meiri fyrirsjáanleika og festu í þessi mál til þess að tryggja okkar iðkendum bestu mögulegu aðstöðu til þess að vaxa og dafna. Því hefur mikill tími og metnaður farið í að afla þjálfara fyrir næsta tímabil og verður valinn maður í hverju rúmi undir yfirstjórn Friðriks Hrafns Jóhannsson sem verður yfirþjálfari barna- og unglinga næstu árin.

Uppskeruhátíð unglingaráðs var haldin 29. maí í íþróttahúsinu með skemmtilegum leikjum undir stjórn leikmanna meistaraflokka deildarinnar. Eftir leikina var haldið í matsal Árskóla hvar boðið var upp á hamborgara og djús í boði styrktaraðila auk þess sem iðkendum voru veitt viðurkenningarskjöl fyrir þátttöku vetrarins.

Ráðið vill þakka öllum þjálfurum fyrir veturinn, fyrir utanumhald sinna flokka og gott samstarf. Einnig viljum við þakka iðkendum, forráðamönnum, sjálfboðaliðum og styrktaraðilum fyrir ykkar framlag og frábært körfubolta ár. Ráðið hefur mikinn metnað til þess að efla enn frekar framgang körfuboltans á Sauðárkróki, því við höfum mikil tækifæri til þess. Við höfum trú á því að það þjálfarateymi sem nú mun hefjast störf muni skila okkur mörgum glæstum sigrum og miklum framförum allra iðkenda.

*f.h. Stjórnar Unglingráðs Körfuknattleiksdeildar Tindastóls, Hrefna Reynisdóttir formaður*


7
17
Þórsnes ehf
KG
SUBWAY
SUBWAY
13
VOGA

## UMFT Skíðadeild

Eftir síðasta aðalfund sem var frekar tíðindar lítill þá endaði það þannig að stjórn var óbreytt og skiptum við með okkur verkum strax eftir aðalfund. Veturinn var hefðbundinn og gekk að mörgu leyti mjög vel.

Við opnuðum mjög seint eða 13. janúar en skíðuðum langt inn í sumarið eða allt til 24. júní þegar skíðalandslið Íslands var með nokkra daga æfingu í fjallinu hjá okkur.

Við erum búin að stimpla okkur inn hjá æfingahópum og skólum sem eitt besta svæðið til að vera á með svona hópa og er það margt sem spilar þar inní. Við erum til að mynda með yfir 5000 þúsund fylgjendur á Facebook og erum við þar í þriðja sæti á landinu yfir skíðasvæði.

Við fengum um 10.000 þúsund gesti í vetur og voru opnunardagar 76 það sem var best við þessa opnunardaga var að við fengum svo mikla samfellu í þá, margir góðir dagar í röð.

Það voru rétt um 30 krakkar sem æfðu skíði og bretti hjá okkur í vetur undir styrkri leiðsögn hjá Helgu og fleirum sem aðstoðuð við þjálfun.

Dagskrá hjá æfingarkrökkum var með hefðbundnu sniði sem endaði á Andrésar Andarleikum og góðu skíðaslútti.

Nú fyrir komandi vetur eru mörg spennandi verkefni framundan fyrir næstu stjórn, semja við sveitarfélagið halda áfram uppbyggingu og sinna viðhaldi ásamt því mikilvægasta að hlúa að og sinna krökkunum okkar.

Ég vil fyrir hönd stjórna skíðadeildar Tindastóls þakka öllum þeim sem hafa komið að því að styrkja deildinna með einum eða öðrum hætti kærlega fyrir frábært samstarf í gegnum tíðina.

Að endingu vil ég óska næstu stjórn farsældar í starfi og óska þeim góðgengis í þeim krefjandi verkefnum sem eru framundan.

*F.h. Stjórnar skíðadeildar Tindastóls Helga Daníelsdóttir formaður og Sigurður Bjarni Rafnsson, fráfarandi formaður skíðadeild Tindastóls.*

## UMFT Sunddeild

*Engin skýrsla barst frá Sunddeild Tindastóls fyrir starfsárið 2024*

## Vélhjólaklúbbur Skagafjarðar

Engin skýrsla barst frá Vélhjólaklúbbi Skagafjarðar fyrir starfsárið 2024




UMSS